

FORNLEIFAR Á ÞEISTAREYKJUM:

SAMANTEKT UM ÞEKKTAR FORNLEIFAR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG ORRI VÉSTEINSSON
HÖFUNDAR EFNIS: ORRI VÉSTEINSSON, UGGI ÆVARSSON OG STEFÁN ÓLAFSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2021
FS835-20491



*Ljósmynd á forsíðu sýnir heimatún Þeistareykja 1992.
Ljósmyndari Garðar Guðmundsson/Fornleifastofnun Íslands.*

©2021
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

Sími: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. LANDSHÆTTIR OG SAGA JARÐAR.....	9
4. FYRRI ATUGANIR.....	13
5. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	15
6. FORNLEIFASKRÁ.....	19
7. SAMANTEKT UM MINJAR.....	101
8. FORNLEIFAR INNAN FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDASVÆÐA.....	111
HEIMILDASKRÁ.....	117

Viðaukar

Tafla yfir skráða minjastaði

Minjakort

Samantekt

Skýrsla þessi er samantekt um þá fornleifaskráningu sem unnin hefur verið innan landamerkjá Þeistareykja. Hún er unnin í tengslum við stefnumörkun um framtíðaruppbyggingu á svæðinu fyrir ferðamenn, samhliða deiliskípulagi sem sveitarfélagið Þingeyjarsveit létur nú vinna. Árið 2001 var fyrst farið að Þeistareykjum í þeim tilgangi að skrá minjar en þá skráði Fornleifastofnun Íslands minjar í heimatúni jarðarinnar. Árið 2006 vann stofnunin svo aðalskráningu utan heimatúnsins og árin 2007 og 2008 gerði stofnunin síðan deiliskráningu á afmörkuðum svæðum innan Þeistareykja vegna línu- og veglagnar. Auk skráningar Fornleifastofnunar fóru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) um Þeistareykjaland árið 2008 vegna úttektar á háhitasvæðum og mældu upp stóran hluta minja á svæðinu. Í þessari skýrslu eru tekin saman gögn úr eldri skráningarverkefnum og uppmælingar Fornleifaverndar felldar saman við önnur eldri hnitagögn á svæðinu. Samhliða samantektinni var farið yfir loftmyndir af svæðinu í leit að áður óþekktum minjum og gerð tilraun til að teikna upp slíkar minja og yfirfæra eldri teikningar inn í landshnitakerfi.

Við yfirferð loftmynda komu í ljós 18 áður óþekktir minjastaðir og eru nú samanlagt þekktar 159 fornleifar á 126 stöðum í landi Þeistareykja. Í skýrslunni er að finna samantekt um minjar á jörðinni og stutta greinargerð um minjar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum innan hennar. Á skýrslunni verður byggt þegar meta skal hvort frekari fornleifarannsóknir þurfi á Þeistareykjum í tengslum við deiliskípulag/framkvæmdir.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, aðalskráning, jarðhiti, kísilvinnsla, fornbylí, Þeistareykir, Þingeyjarsveit.

Summary

This report presents a summary of multiple, previous archaeological surveys conducted within the property of Þeistareykir, Suður-Þingeyjarsýsla over the last couple of decades. The report was prepared for the municipality of Þingeyjarsveit in connection to policy making and planning that is taking place in the area due to increased traffic/tourism.

Five field surveys have been conducted within the property of Þeistareykir. Four of these were done by the Institute of Archaeology in Iceland (Fornleifastofnun Íslands) and the fifth by the State Archaeological Protection Agency (Fornleifavernd ríkisins, now The Cultural Heritage Agency of Iceland - Minjastofnun Íslands). The five surveys were of different scale and detail but this report collates the data from all of them, including available photos and drawings. Alongside this, aerial photographs of the whole property of Þeistareykir were systematically examined during the current project to try and identify previously unknown archaeological sites in the area. Altogether 18 such sites were found bringing the number of archaeological sites known at Þeistareykir up to 159 sites at 126 locations.


Keywords

Archaeology, detailed survey, general survey, sulphur extraction, abandoned farm, Þeistareykir, Þingeyjarsveit.

1. Inngangur

Þingeyjarsveit vinnur nú að gerð deiliskipulags fyrir Þeistareykjum með áherslu á stefnumörkun og framtíðaruppbyggingu á svæðinu fyrir ferðamenn. Hvati þess var m.a. sá að nýr heilsársvegur var lagður að Þeistareykjum og er gert ráð fyrir að umferð um svæðið muni aukast mjög á næstu árum. Deiliskipulagið nær yfir allt land Þeistareykja og er því 280 km² stórt en innan þess er deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar sem er þegar í gildi og er um 85,1 km² að stærð. Með skipulagsgerðinni er vonast eftir því að vekja athygli á Þeistareykjum, tryggja öryggi ferðamanna þar, þróa mannvirkjagerð á svæðinu í takt við þarfir þeirra sem það munu nýta og umfram allt að vernda viðkvæma náttúru og menningarlandslag svæðisins við breyttar aðstæður.¹

Í tengslum við skipulagsvinnuna óskaði Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands á skipulagslýsingu. Undir venjulegum kringumstæðum skal vinna deiliskráningu fornleifa innan skipulagsreita áður en deiliskipulag fæst samþykkt en í því felst meðal annars að deiliskipulagsreitir séu þaulgengnir. Í tillfalli Þeistareykja fer það saman að svæðið er gríðarstórt og að talsverð fornleifaskráning hefur áður verið unnin



Land Þeistareykja innan rauðrar línu á yfirlitsmynd (landamerki birt án ábyrgðar). Staðsetning þess er svo sýnd sem rauður ferhyrningur á innfelldu Íslandskorti Landmælinga Íslands.

þar. Sökum þessa lagði Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra og starfsmaður

¹ Deiliskipulag ferðaþjónustu á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit: Skipulagslýsing, dagsett 5. júlí 2020, bls. 2

Minjastofnunar Íslands það til að vinna á sviði fornleifarannsókna hæfist á því að farið yrði yfir eldri fornleifaskráningu á svæðinu og hún sameinuð í nýrri skýrslu þar sem væri að finna heildstæðan minjalista um allar þekktar minjar á svæðinu og umfjöllun um þær ásamt hnitagögnum/uppmælingum og að auk þess yrði farið yfir loftmyndir á svæðinu í leit að áður óþekktum minjum (sjá bréf MÍ202006-0060/ 6.09 / S.G). Í framhaldi af ofangreindri vinnu og byggt á henni yrði svo ákveðið í samráði við Minjastofnun hvaða svæði til viðbótar við skilgreind framkvæmdasvæði þyrfti að ganga og taka út með nákvæmari hætti á vettvangi.

Í kjölfar úrskurðar Minjastofnunar hafði Bjarni Reykjalin fyrrverandi skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps og verkefnisstjóri vinnuhóps um skipulagið samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér að rita samantektarskýrslu þar sem öll útgefin fornleifaskráning á svæðinu væri tekin saman á einum stað, allar þekktar minjar sýndar á kortum og fjallað um þær í texta, auk þess að fara yfir tiltækar loftmyndir af svæðinu.

Vinna við samantekt og yfirferð loftmynda var unnin á útmánuðum 2021 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fornleifafræðingi. Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er unnin af Elínu en greining gagna byggir að talsverðu leyti á vinnu dr. Orra Vésteinssonar (Fornleifastofnun Íslands). Orri skrifaði tvær elstu skráningarskýrslurnar sem gerðar voru á Þeistareykjum og vann samhliða því talsverða greiningarvinnu sem yngri skýrslur um svæðið hafa byggt nokkuð á. Að auki eru nýtt gögn úr tveimur deiliskráningum sem Uggi Ævarsson (Fornleifastofnun Íslands) vann á svæðinu árin 2007 og 2008 og að lokum var stuðst við skýrslu sem Fornleifavernd ríkisins (sem síðar varð Minjastofnun Íslands) vann um svæðið 2008 og eru uppmælingarnar sem birtast í skýrslunni þær sem safnað var við þá vinnu. Allar ljósmyndir í skýrslunni er frá Fornleifastofnun Íslands nema annað sé tekið fram. Minjakort aftast í skýrslu eru unnin af Lilju Laufeyju Davíðsdóttur.

Skýrslan er byggð upp svipað og aðrar skráningarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands. Á eftir inngangskafli er að finna kafla um sögu fornleifaskráningar og löggjöf (kafla 2). Því næst er fjallað um landshætti og sögu jarðar (kafla 3) og fyrri athuganir á svæðinu (kafla 4). Á undan sjálfri fornleifaskránni (5. kafla) er kafla um þá aðferðafræði sem notuð var við skráningu minjanna og við gerð skýrslunnar. Í kjölfarið fylgir sjálf fornleifaskráin (kafla 6). Aftan við fornleifaskrá er samantekt um minjar á svæðinu og helstu niðurstöður (7. kafla). Í lokakafla skýrslunnar (8. kafla) er svo að finna stutta samantekt um þekktar minjar innan framkvæmdasvæða eins og þau voru skilgreind á útmánuðum 2021. Aftast skýrslu er að finna heimildaskrá og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stúflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða

jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Landshættir og saga jarðar

Landshættir á Þeistareykjum

Bærinn Þeistareykir er í 344 m hæð yfir sjávarmáli, norðanundir Bæjarfjalli uppi á hinu mikla heiðalandi milli Reykjahverfis og Jökulsár á Fjöllum, norðan við Mývatnssveit. Landareignin er nálega ferköntuð, um 15 km frá austri til vesturs og 18 km frá norðri til suðurs. Stærsti hluti landsins er brunahraun og rann það yngsta, Þeistareykjarhraun, úr Stórahver fyrir um 2500 árum.

Svæðinu má í raun skipta í fjögur belti sem liggja frá norðri til suðurs. Á vesturmerkjum eru Lambafjöll en austanundir þeim eru Mælifellshagar, þar var á miðöldum býlið Mælifell og seinna selstaða frá Reykjum í Reykjahverfi. Þar austan við tekur við Þeistareykjarhraun, sem heitir Borgarhraun syðst í landinu. Austan til í því er mjó gróðurrama, sem kölluð er Randir syðst, en Þeistareykjagrundir eru einnig hluti af henni og móarnir norður frá bænum. Þar austan við er svo breiðasta stykkið sem afmarkast af Kvíhóla fjöllum, Bæjarfjalli og Ketilfjalli en á þessu svæði var



Yfirlitkort sem sýna Þeistareykjaland og nágrenni (til vinstri) og helstu örnefni innan Þeistareykjalands (til hægri). Kortin eru úr Lýsingu deiliskipulags, bls. 5

heimatúnið á Þeistareykjum. Norðanundir Bæjarfjalli er hverasvæði og í kringum það valllendisskiki sem á tilvist sína undir jarðhitanum. Á þessu hefur búskapur á Þeistareykjum verið byggður en jafnframt eru ágæt sumarbeitilönd sunnan við Kvíhóla fjöll og beint í norður af Þeistareykjum. Austast í landareigninni eru svo Þórunnarfjöll og Þeistareykjabunga, gróðursnautt fjallendi austur að Gjástykki sem er á austurmerkjum.

Þeistareykjaland þótti gott beitiland og einnig var nýttur hefyngur og fjallagrös á svæðinu og er þess getið í jarðabókinni frá 1712 að ýmsir noti það í leyfisleysi. Það voru því ýmis not sem

menn höfðu af Þeistareykjalandi þótt ekki væri þar búskapur: brennisteinn, fjallagrös, sumarbeit fyrir sauðfé og hey af túninu. Helstu kostir Þeistareykja sem bújarðar voru góð og mikil slægjulönd, mikil sumarbeit fyrir búfé auk brennisteins og fjallagrasa. Ókostirnir voru einkum einangrun og vetraríki en vetrararbeit hefur verið þar lítil sem engin.

Talsverður uppblástur hefur verið í Þeistareykjalandi þótt sennilega hafi stórir hlutar þess ávallt verið alveg gróðursnauðir. Gróðurræmurnar tvær hafa án efa minnkað til muna en einnig sjást þess skýr merki í Þeistareykjatúni að þar hefur verið byrjað rof sem síðan hefur stöðvast og börðin gróid á ný.

Saga jarðar

Ekki er vitað hvenær byggð hefst á Þeistareykjum en jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Múlakirkju frá 1318² og átti kirkjan þá bæði Þeistareyki og Mælifell og virðist hafa verið búið á báðum jörðunum á 14. og 15. öld, þó ekki verði um það sagt hvort sú byggð var alveg samfelld. Í máldögum Múlakirkju frá 1394 og 1461 er getið um tekjur Múlaprests af útkirkjum og þar getið um Þeistareyki eins og þar hafi verið ein slík.³ Ekki er það þó eins orðað í báðum máldögum og má skilja annan eins og að prestur hafi að jafnaði setið á Þeistareykjum en hinn eins og að byggðin hafi verið svo óstöðug að Múlaklerkur gat ekki átt vísar tekjur af Þeistareykjum.⁴ Árið 1431 er þess getið að Múlakirkja eigi selför í Þeistareykjalandi og gæti það bent til að jörðin hafi lagst í eyði um skeið (e.t.v. í kjölfar plágunnar 1402-04) en auðvitað er ekki útilokað að kirkjan hafi haft í seli annarsstaðar á landareigninni.⁵ Ekki er getið um byggð á Mælifelli á 16. öld eða síðar og hefur hún lagst alveg af í lok 15. aldar eða byrjun þeirrar 16. Árið 1544 er fyrst getið um selland Reykja í Reykjahverfi í Mælifellshögum og er líklegt að sú selstaða hafi verið á rústum hins forna býlis (sjá SP-250x:043).⁶ Árið 1712 var selstaða þessi aðeins þekkt af munnmælum og hafði þá ekki verið notuð í manna minnum.⁷

Ljóst er að brennisteinsnám á sér langa sögu hér á landi en elstu heimildina um slíkt er líklega að finna í sögu Árna biskups Þorlákssonar frá 13. öld en þar kemur fram að erkibiskupinn í Niðarósi bað um að sér yrðu færðir fálkar og brennisteinn frá Íslandi.⁸ Brennisteinn var mikilvæg útflutningsvara um aldir en þó líklega aldrei eins mikilvæg eins og á 16. öld.⁹ Þeistareykir eru eitt fjögurra brennisteinsnámasvæða í Suður-Þingeyjarsýslu, en hin eru Kröflu-, Hlíðar- og

² DI II, 434

³ DI XI, 344 og DI V, 283

⁴ Sjá t.d. DI II, 434, DI III, 576, DI V, 283, DI III, DI V, 283, DI IV, 468.

⁵ DI IV, 468.

⁶ DI XI, 344.

⁷ JÁM XI, 211-12

⁸ Biskupasögur III, 76.

⁹ Jón E. Vestdal, 59-73.

Fremrinámur. Brennisteinn var gríðarlega mikilvægt efni eftir að púður og skotvopn breyttu hernaðarvenjum Evrópumanna. Hollendingar og Englendingar sóttu t.d. brennistein til Íslands allt þar til Danakonungur tók sér einkarétt á sölu brennisteins frá Íslandi 1560. Danir sjálfir nýttu sér mikið brennistein enda áttu þeir í langvarandi styrjöldum við nágranna sína. Brennisteinn hefur án efa verið unninn á Þeistareykjum á 16. og 17. öld en þess er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þeistareykjanámur voru næstar útflutningshöfn á Húsavík og mun það hafa verið þeirra helsti kostur en þær þóttu ekki eins ríkar af brennisteini og námurnar í Mývatnssveit. Sennilegt er að byggð á Þeistareykjum, einkum á 16. öld, hafi að hluta byggst á brennisteinsnáminu en þá voru hinar íslensku brennisteinsnámur sérlega mikilvægar fyrir stríðsrekstur Danakonungs.

Áhugi og nýting á brennisteini olli því að athygli og umferð um Þeistareyki var mun meiri á þessu tímabili en annars hefði orðið. Danskur náttúrufræðingur að nafni Ole Henschel kom til Þeistareykja 1775 og segir frá því að þar hafi síðast verið tekinn brennisteinn 1771 en vel má vera að hann hafi verið tekinn eftir það líka samanber málferli sem urðu um Þeistareykjanámur á fyrsta fjórðungi 19. aldar, en ekki hefur það verið í miklum mæli.¹⁰ Deilum um brennisteinsnámið á Þeistareykjum (eftir 1792) lyktaði með hæstaréttardómi 1823 en þá var Múlakirkju dæmt fullt eignarhald yfir námunum. Fyrir 1792 virðist hver sem er hafa getað gengið í námurnar og hirt þar brennistein að vild, án þess að landeigandi eða ábúandi hefðu af því tekjur.¹¹

Árið 1876 dvaldi enskur maður að nafni Lock á Þeistareykjum sumarlangt ásamt hópi manna og gerðu þeir tilraunir með brennisteinsnám sem ekki urðu árangursríkar. Þeir reistu skála í gömlum bæjartóftum og var hann lengi eftir það notaður sem gangnamannakofi.

Á Þeistareykjum virðist hafa verið nokkuð samfelld byggð á 16. og 17. öld og er þar öðru hvoru getið ábúenda, t.d. bjó þar Þeistareykja-Jón árið 1576¹² og ekkjan Þórdís Þorsteinsdóttir árið 1645.¹³ Jörðin var þó í eyði 1703, byggðist á ný en var aftur búin að liggja í eyði í tvö ár þegar Jarðabókin var rituð 1712. Þá er uppblástur farinn að herja á sunnanvert heimatúnið og menn telja ólíklegt að aftur verði búið á jörðinni. Hún virðast þó öðru hvoru hafa verið í byggð framan af 18. öld. Samkvæmt Ólafi Olavíusi fór jörðin svo endanlega í eyði 1743.¹⁴ Þó voru þar enn uppistandandi hús árið 1775 og voru þau notuð sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem nytjaði túnið. Góðar heimildir eru um að túnið á Þeistareykjum hafi jafnan verið nytjað þó þar væri ekki búið og er það auðvitað til marks um að það var sérlega grasgefið að menn lögðu á sig löng

¹⁰ ÓÓ II, 286

¹¹ ÞT Lýsing Íslands II, 245.

¹² BG, 272.

¹³ BG, 272 og BB Sýslum.æfir I, 97.

¹⁴ ÓÓ II, 81

ferðalög með heyband eða á sleðum á hjarni til að koma heyi þaðan til byggða. Búskapur gæti hafa verið á Þeistareykjum 1792 og 1816 því þá er bændur þar getið í sambandi við deilur um brennisteinsnámurnar. Þetta er þó óvíst því Þeistareykja er ekki getið í manntölum 1801 eða 1816, og má vera að „bóndinn“ á Þeistareykjum, sem málskjöl geta um, sé í raun staðarhaldarinn í Múla. Þeistareykir voru örugglega í eyði frá því um 1830 og hélst svo til 1868 en þá var þar endurreist bú og bjuggu þar tveir bændur hvor á eftir öðrum til 1873. Þessi skammvinna byggð var hluti af hinni miklu heiðabýlabyggingu á seinni hluta 19. aldar sem var undanfari bæði Vesturheimsferða og þéttbýlismyndunar á Íslandi eftir 1880.

Túnið á Þeistareykjum var nýtt áfram allt fram undir 1955 en jörðin var frá árinu 1914 afréttur í eigu Aðaldæla- og Reykdælahreppa sem keyptu hana af kirkjujarðasjóði.¹⁵ Á síðustu árum hefur svæðið áfram verið nýtt til beitar og er gagnamannaskáli þar nýttur á hverju hausti. Þar hefur nú verið byggð virkjunin Þeistareykjastöð og í tengslum við hana hefur verið lagður góður heilsársvegur um svæðið og hefur það notið æ meiri vinsælda ferðamanna á síðustu árum. Á sumrin heimsækja það m.a. göngu-, hjóla- vélahjóla og hestafólk og á vetrum gönguskíða-, vélsléða- og jeppafólk og þykir ljóst að fjöldi ferðamanna muni aukast talsvert á næstu árum.¹⁶

¹⁵ Árbók Þingeyinga 1980, 120-21.

¹⁶ Deiliskipulag ferðabjónustu á Þeistareykjum Þingeyjarsveit: skipulagslýsing, dagsett 5. júní 2020, 6

4. Fyrri athuganir

Árið 1992 flaug Garðar Guðmundsson hjá Fornleifastofnun Íslands yfir Þeistareyki í þeim tilgangi að mynda minjar í heimatúninu úr lofti og eru myndirnar mikilvæg heimild um minjar á þessu svæði. Eiginleg fornleifaskráning hófst hins vegar á jörðinni árið 2001 þegar fyrirtækið Þeistareykir ehf. fékk Fornleifastofnun Íslands til að vinna fornleifaskráningu í heimatúninu og næsta nágrenni vegna ráðagerða um gerð borhola vegna hugsanlegrar jarðvarmavirkjunar á svæðinu. Um skráninguna sá Orri Vésteinsson og skráði hann samtals 40 minjastaði og þar af um 35 innan hins gamla Þeistareykjaheimatúns. Minjastaðir voru hnitsettir með litlum gps tækjum og sýnilegar minjar handteiknaðar og ljósmyndir aðeins teknar á völdum stöðum.¹⁷ Fimm árum síðar (2006) var gerð aðalskráning innan þess hluta Þeistareykjalands sem þá var enn óskráður, sem var í raun stærstur hluti þess landssvæðis sem lá utan túna. Tilfnið var það að Náttúrustofa Norðurlands vann að gerð landnýtingar- og verndaráætlunar fyrir Þeistareyki og fleiri svæða í Suður-Þingeyjarsýslu vegna mögulegrar virkjanaframkvæmda. Aftur var Fornleifastofnun fengin til verksins og aftur vann Orri skráninguna. Í þetta sinn var gengið á þekktu staði í úthögum Þeistareykja og sömu aðferðafræði og áður breytt, þ.e. minjum var lýst og þær handteiknaðar en auk þess tekinn hnitapunktur á hverjum minjastað. Ólíkt eldri skráningu voru þó teknar fleiri ljósmyndir að þessu sinni. Við skráninguna var upplýsingum safnað um 18 minjastaði en staðsetning eins staðar til viðbótar endurskoðuð frá fyrri skráningu.¹⁸

Árið 2007 hélt fornleifafræðingur frá Fornleifastofnun Íslands (Uggi Ævarsson) aftur til Þeistareykja. Markmiðið var að kanna mögulegar fornleifar á fyrirhuguðu línustæði frá Kröflu í Mývatnssveit og að Þeistareykjum. Verkið var unnið fyrir Landsvirkjun, Landsnet og Þeistareyki ehf. Uggi skráði um 45 fornleifar innan áhrifasvæðis á Þeistareykjum þar af voru 43 vörður. Aðferðafræðin var sú sama og í eldri skráningum Fornleifastofnunar að því frátöldu að notkun ljósmynda var nú orðin stöðluð og a.m.k. 1-2 ljósmyndir teknar á hverjum stað.¹⁹

Ári síðar (2008) vann svo Fornleifastofnun Íslands enn aðra skráningu á Þeistareykjum. Uggi Ævarsson vann skráninguna fyrir sömu aðila og árið á undan en í þetta sinn sneri úttekt að áhrifasvæði vegar sem þá var ráðgert að leggja frá Húsavík og að Kvíhólum skammt sunnan Þeistareykja. Að þessu sinni voru nýskráðar þrjár fornleifar í landi Þeistareykja, allt vörður.²⁰

Sama ár og áhrifasvæði vegar var kannað vann Fornleifavernd ríkisins (sem síðar sameinaðist Húsafriðunarstofu og varð að Minjastofnun Íslands) úttekt á ýmsum háhitasvæðum

¹⁷ Orri Vésteinsson. 2001.

¹⁸ Orri Vésteinsson. 2006

¹⁹ Uggi Ævarsson. 2007.

²⁰ Uggi Ævarsson. 2008.

sem til umfjöllunar voru í öðrum áfanga rammaáætlunar. Í tengslum við hana könnuðu þau Sigurður Bergsteinsson og Inga Sóley Kristjánsdóttir minjar í Þeistareykjalandi og mældu upp stóran hluta þekkra minjastaða með Trimble Pro XRS gps tækjum og eru það þær uppmælingar sem notaðar eru í skýrslunni. Í skýrslunni sem Sigurður gerði í kjölfarið var ekki að finna eiginlega fornleifaskráningu en fjallað um ýmsa helstu minjastaðina sem heimsóttir voru í samfelldu máli og lista yfir alla þá staði sem voru uppmældir er að finna aftast í henni.²¹ Í skráningu Fornleifaverndar fundust a.m.k. fimm áður óskráðir minjastaðir.

Árið 2021 tók Fornleifastofnun Íslands að sér að yfirfara og taka saman upplýsingar um fornleifar í landi Þeistareykja sem áður höfðu verið skráðar í eina heildstæða skýrslu sem hér lítur dagsins ljós. Auk samantektar var farið yfir loftmyndir af svæðinu í leit að minjum og fundust við það 18 staðir þar sem talið var líklegt að áður óþekktar minjar kynnu að leynast. Nánari upplýsingar um þá aðferðafræði sem notuð var við verkið er að finna í næsta kafla en við yfirferð yfir loftmyndir og gögn bættust við upplýsingar um 18 fornleifar.

²¹ Sigurður Bergsteinsson. 2008.

5. Aðferðir við fornleifaskráningu

Skráningin sem hér birtist er að stærstu leyti byggð á vettvangsskráningu Fornleifastofnunar Íslands frá árunum 2001, 2006 og 2007-2008. Fimm minjastaðir voru þó skráðir í fyrsta sinn af Fornleifavernd ríkisins 2008 og byggja upplýsingar um þá á útgefinni skýrslu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 en öllum fornleifunum fimm gefið nýtt númer eða samtölu í númerakerfi Fornleifastofnunar til samræmis við aðrar minjar sem fjallað er um í skýrslunni (sjá fornleifar SP-250x:060, SP-250x:108 og SP-250x:110-112).

Í skýrslunni er einnig að finna upplýsingar um 18 áður óþekktar fornleifar sem fundust við yfirferð loftmynda og korta. Var þeim stöðum einnig gefið samtölunúmer og reynt að lýsa útliti þeirra eftir bestu getu ásamt því að grófar útlínur minjanna voru teiknaðar og staðsetningarhnit tekið. Um flesta þessara staða gildir þó að ekki verður að fullu skorið úr um hvort um fornleifar sé að ræða nema með vettvangsathugun.

Allar aðrar fornleifar sem birtast í skýrslunni hafa verið skráðar á vettvangi af Fornleifastofnun Íslands á einhverjum tímapunkti, en stærstur hluti þeirra var skráður 2001 þegar heimatún Þeistareykja og nánasta umhverfi var skráð. Árið 2006 voru skráðar flestar af þeim minjum sem þekktar voru í úthögum en sama ár og árin 2007 og 2008 voru skráðar minjar á svæðinu í tengslum við línulögn og vegagerð, að langmestu leyti vörður.

Við eldri skráningar Fornleifastofnunar var aðeins tekið eitt kennihnit á hverjum stað (með handhægu gps tæki en við skráningu Fornleifaverndar ríkisins voru minjar í fyrsta sinn uppmældar á jörðinni og þær birtar á yfirlitskortum. Við samantektina sem hér lítur dagsins ljós voru nýtt þau uppmælingagögn sem Fornleifavernd ríkisins safnaði á svæðinu 2008. Uppmælingar Fornleifaverndar eru einkenndar með grágrænum lit og eru allsstaðar merktar stofnuninni sérstaklega. Gerð var tilraun til að teikna gróflega upp lag og útlit annarra tófta og minja sem Fornleifavernd mældi ekki, bæði þær tóftir sem handteiknaðar voru í eldri skráningu og eins þær minjar sem fundust við yfirferð loftmynda. Lag og útlit þessara uppteiknuðu minja er settar fram með fyrirvara og mikilvægt að áréttu að ekki er um uppmælingar að ræða. Þær eru því allar einkenndar með ljósgrænum lit og merktar sem uppteikningar Fornleifastofnunar Íslands á kortum og teikningum.

Skráningarkerfi Fornleifastofnunar tók einhverjum breytingum á þeim tíma sem leið á milli skráninga og hefur tekið talsverðum breytingum síðan. Við yfirferðina 2021 var reynt að aðlaga eldri gögn eins og hægt var að nýrra kerfi. Stærsta breytingin er fólgin í því að í eldri skráningu voru minjabyrpingar skráðar saman án þess að ítarlega væri gerð grein fyrir hverri

minjæiningu/fornleif en síðan þá hefur áherslan færst yfir í það að skrá hverja fornleif sérstaklega og gefa sérstakt kenninúmer. Við yfirferðina var því farin sú leið að færa skráninguna yfir á þetta form eftir bestu getu. Hver fornleif/eining hefur því sitt kenninúmer og í skráningunni fylgir sérstakur texti um hvern stað. Upplýsingar um hverja fornleif byggja þá annars vegar á eldri skráningartexta og hins vegar þeim upplýsingum sem afla mátti með uppmælingum Fornleifaverndar ríkisins og loftmyndum. Í töflu sem er að finna aftast í skýrslu er að finna yfirlit yfir allar minjar og upplýsingar um hvaða ár þær voru frumskráðar, af hverjum og hvort til eru uppmælingar af staðnum.

Hér á eftir verður farið yfir þá aðferðafræði sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar hvílir á. Í kerfinu hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þeistareykjajörðin var ekki í byggð þegar jarðatalið var gert heldur heyrði undir Múlajörðina (SP-250) en sökum þess hversu afmörkuð jörðin er og hversu langa sögu hún á var ákveðið að gefa henni sérstakt jarðanúmer (SP-250x) til aðgreiningar. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-250x:057 sem er varða í Suður-Þingeyjarsýslu, innan marka Þeistareykja sem hefur kennisnúmerið 057). Við vettvangsskráningu árin 2001, 2006 og 2007-2008 var fylgt þeirri meginreglu að hver minjastaður fékk eitt númer óháð því hversu margar fornleifar heyrðu undir hann. Með nýjum stöðlum í fornleifaskráningu sem tóku gildi 1. janúar 2013 var kveðið á um að hver fornleif/minjæining skyldi skrá og hnitsetja sérstaklega og hún skyldi fá sitt eigið kenninúmer. Við þá vinnu sem unnin var 2021 var umræddum stöðlum fylgt og var því hverri fornleif gefið númer og hnit og um hana fjallað sérstaklega í skýrslunni. Þar sem fleiri en ein fornleif falla undir hvern minjastað fá þær undirnúmer sem bætist aftast við númeraröðina (dæmi: SP-250x:043_07 sem er stekkjartóft í rústaþyrpingu á Mælifelli þar sem samtals voru skráð 8 undirnúmer á þessum minjastað).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki



(álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Uppmælingar voru sem fyrr segir unnar af Fornleifavernd ríkisins með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Pro XRS (ISN93) en að auki var tekið kennihnit á hverri fornleif. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Venjulega er gert hættumat á hverjum minjastað og var það gert þegar farið var í skráningarferðir árin 2001, 2006 og 2007-2008 en umrætt hættumat var tengt fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Það er því úrelt og ekki birt í þessari skýrslu.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93		
Sýslutákn	SF	175	009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323

Sveinshlaða 009, horft til norðurs

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/reikning

Á túnakorti frá 1920 og þejarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengi eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölmundur er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Þetta sem steðjar að fornleif

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Við úttektina að þessu sinni var farið yfir loftmyndir frá Loftmyndum ehf og leitað að áður óþekktum minjum. Yfirferðin skilaði 16 fornleifum (en tvær fornleifar til viðbótar, leiðir, voru

skráðir upp af herforingjaráðskorti). Rétt er að geta að þess að í flestum tilfellum er rétt að setja fyrirvara á umræddar fornleifar enda þarf vettvangsskoðun til að hægt sé að skera endanlega úr um hvort ummerki sem gætu bent til mannvistarleifa séu í raun fornleifar. Rétt er að taka fram að margar tegundir af minjum sjást ekki gjörlla á loftmyndum. Það á t.d. við um smærri hleðslur og óljósari þústir og vörður en síðasttaldi minjahópurinn er einmitt sá sem hvað algengastur er í úthögum Þeistareykja. Einnig var ókleift að greina fornar leiðir frá öðrum af loftmyndum einum saman þar sem víða sáust merki um óljósa slóða sem líklegast voru oftast kindagötur en gætu í einhverjum tilfellum verið merki um eldri leiðir. Innan Þeistareykja er mikið um stórþýfi sem á köflum er afmyndað vegna jarðhita og/eða uppblásturs og sumstaðar getur verið erfitt að greina á milli þess sem er náttúrulegt þýfi og aflagaðar mannvistarleifar sem hlaupnar eru í þúfu. Það var þó gert eftir bestu getu.

6. Fornleifaskrá

SB-250x Þeistareykir (Múli)

Yfirlit um sögu jarðar

1318 fyrst getið í heimildum en þá átti Múlakirkja "Þeistareykjaland allt og Mælifell." DI II, 434, sbr. **1394** - DI III, 576; **1461** - DI V, 283 og 1525 - DI IX, 327.

1394 tók prestur í Múla utan garðs fjórar merkur ef ekki lykst af Þeistareykjum - DI III, 578 sbr.

1461 en þar er sleppt "ekki" sem er sennilegra - DI V, 283.

1431 á Múlakirkja "selför í Þeistareykjalandi." DI IV, 468.

1544 fylgir Reykjum í Reykjahverfi "Mælifellshagi utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju, milli tveggja garða." DI XI, 344.

1550 á Hólastóll "í umboði séra Halldórs, á Þeistareykjum 4 kúgildi." DI XI, 870.

1553 Múlakirkjustað fylgja Þeistareykir - DI XII, 642.

1569 "Þessar jarðir á [Múlakirkja] ... Þeistareykir landskuld C ... eru þessar ... jarðir kúgildislausar og verða ei byggðar ef sá á ei kúgildi með að byggja, er staðinn heldur." BG, 133.

1576 (Reikningur f. norðurumboð Hóla) "hafði biskupinn í haust fengið ... Þeistareykja-Jóni XX álnir, var það tveir fjórðungar smjör ..." BG, 272.

1645 Dómur um aðtekt á fé ekkjunnar Þórdísar Þorsteinsdóttur á Þeistareykjum - BB Sýslum.æfir I, 97.

1688 „býr þar Bessi nokkur“ LP I, 327.

1703 Í manntali frá 1703 er engra getið búandi á Þeistareykjum.

1712 20 hdr. 1712. Múlakirkjueign. Þá voru Þeistareykir í eyði og höfðu verið næstliðið ár. "Landskuld i c, seinast bygt var, og so að fornu ... Leigukúgildi iii. ... Fóðrast kunni, seinast bygt var, iii1/2 kúapungi, eftir sem nálægir meina. ... Þessa jörð brúkar nú til slægna Sr. Magnús Einarsson að Húsavík, en ekki er ákveðið hvað miklu hann skuli það betala. Flestum þykir líklegt að þessi jörð muni ekki aftur byggjast, helst fyrir því að hún liggur fram á eyðifjalli, hvörgi skemmra til bygða en hálfa þingmannaleið." JÁM XI, 211-12. Í jarðatalinu er ennfremur getið um munnmæli um að jörðin Reykir í Reykjahverfi ætti "v c land í Mælifellshögum milli tveggja garða, sem liggur í fjöllunum vestur af Reykjaheiði. Enginn veit (hjer nálægur) að jörðin hafi þessi ítök brúkað eður þeirra notið." JÁM XI, 246.

1752 "... við bæinn Þeistareyki sjást sömu ummerki efiir jarðhita, það er brennisteinn, salttegundir og leir (Bolos) eins og við Mývatn, en allt í smærra mæli." FEB II, 83.

1777 Í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar frá 1777 eru Þeistareykir taldir hafa lagst í eyði 1743 og bætt við: "Í skilríkum bréfum finnst, að jörð þessi hefur verið byggð við og við og verið boðin til leigu á þingi árin 1712, '44, '49 og '67, en árangurslaust." ÓÓ II, 81.

1775 Í skýrslu Ole Henschels sem kom til Þeistareykja 31. ágúst 1775 segir: "Fyrrum var búið á Þeistareykjum, og enn standa leifar af bænum, sem bóndinn á Laxamýri, er heyjar þarna, notar fyrir heyllöðu." ÓÓ II, 286.

1795-1823 "Jörðin Þeistareykir heyrir undir Múlaprestakall og flutti alþýða manna þaðan fyrrum brennistein til Húsavíkur án alls endurgjalds til prests eða leiguliða, þangað til Múlaprestur bannaði það 1792. Varð þá sú miðlun á málinu, að bændur borguðu 8 skildinga fyrir hverja vætt, helming Múlaprests, hinn helming ábúanda á Þeistareykjum. En 1816 tók bóndi þessi sjálfur að nota námurnar og bannaði öðrum. Verzlunin Örum og Wulff hafði þá á leigu brennisteinsverkið og námurnar í Þingeyjarsýslu, sem voru konungseign, og fékk verzlunin rentukammerbréf fyrir því, að Þeistareykjanámur heyrðu undir þann leigumála eins og aðrar námur í sýslunni. Úr þessu varð mál, sem gekk til allra rétta, og 1823 dæmdi hæstiréttur Múlaprestakalli fullan eignarrétt á Þeistareykjanámum." ÞT Lýsing Íslands II, 245 nmgr (sbr. Klausturpóstinn V (1822), 191-95; VI (1823), 74. Landsyfírréttur vísaði málinu frá og ógilti héraðsdóm 6. ágúst 1821 en hæstiréttur dæmdi Múlaklerki í vil 16. janúar 1823 - Landsyfírréttardómar II, 287-290, 418.

1801/1816 Ekki er getið byggðar á Þeistareykjum í manntölum 1801 eða 1816.

1868-71 Sigurður Guðmundsson hóf byggð á Þeistareykjum og 1871 voru þar 8 manns í heimili.

1871-73 Gísli Gíslason bjó með 7 í heimili.

1876 C.G.W. Lock dvaldi á Þeistareykjum með nokkra verkamenn við brennisteinsnám og byggðu þeir skála - Ódádahraun III, 158-64.

1880/1890 "Í fyrri daga fóru bændur lestaferðir á Þeistareyki og tóku þar brennistein, sem þeir seldu á Húsavík; milli 1880 og 1890 fengust Englendingar þar eitthvað við brennisteinsnám, sem ekki varð að neinum notum, enda eru námur þessar fremur litlar." ÞT Lýsing Íslands II, 245.

1894 Þegar Helgastaðahreppi var skipt í Aðaldæla- og Reykdælahreppa 16.10.1894 gerðu hrepparnir samning við sr. Benedikt Kristjánsson á Grenjadarstöðum um að hann léði hreppnum Þeistareykjaland til afnota fyrir 144 álnir á ári. Hreppsnefnd Aðaldælahrepps endurnýjaði samninginn 1905 en þá án endurgjalds til 1910.

Frá 1914 upprekstrarland Aðaldæla- og Reykdælahreppa og þegar hreppnum var skipt fengu Reykdælir 8/15 en Aðaldælir 7/15 en síðan um fjárskipti 1944 hafa Aðaldælir nær eingöngu notað afréttina - BBSÞ, 516.

1914 keyptu Aðaldæla- og Reykdælahreppar Þeistareykjaland af kirkjujarðasjóði og skiptist eignin í sömu hlutföllum og aðrar eignir hreppanna - Árbók Þingeyinga 1980, 120-21. Var ekkert undanskilið nema brennisteinsnámurnar - Ö-Þeistareykir viðb, 2.

Þjóðsögur tengdar Þeistareykjum: Um ísbjarnarkomu - Gríma II. hefti 10, s. 50-54; Um reimleika og Þeistareykja-Móra - Gríma 10. hefti, s. 51; Gráskinna IV, s. 90; Gríma 19. hefti, s. 73; Árbók Þingeyinga 1980, 109-111. Örnefnið gæti verið dregið af fuglsheitinu "þeista" eða "þeisti" (yngra: "Teista") en "Þeista" eða "Þeist" er einnig fornnorskt árheiti - uppruni óljós en talið tengjast votlendi - Íslensk orðsifjabók, 1174.

Um landkosti

1712 "Útigangur góður meðan niðri nær, en nokkuð svipull fyrir fannalögum, og þurfti roskenu fje nokkurn heystyrk að atla, og lömbum meira part fóður. Hestaganga í betra lagi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Víðir og fjalldraparíf lítið til eldiviðarstyrks með taði. Grasatekja sæmileg, brúkast af ýmsum í leyfisleysi. Hvannatekja lítil. Túninu spillir sandfok að sunnanverðu til skaða. Enginu hafa áður skriður spilt úr fjallinu, en ekki nýlega. Úthagarnir góðir og miklir. Vatnsvegur nokkuð í lengra lagi." JÁM XI, 211.

31.8.1775 "Sagt er að fyrrum hafi mikill brennisteinn verið fluttur frá námum þessum og hafi þar þá verið stórar námur, en þær eru nú flestar kaldar, og í einungis örfáum þeirra er nægilegur hiti til þess að brennisteinn myndist. Þess vegna er það, að þótt 4 ár séu liðin, síðan hér var síðast tekinn brennisteinn, þá eru þar aðeins 4 eða 5 námur, sem nú er hægt að taka hann úr. Engu að síður virðist hitinn aftur vera að brjótast út úr sumum köldu námunum ... Hér á Þeistareykjum sjást enn glögg dæmi þess, hversu hinar beztu námur eru ónýttar með óhæfilega gálausri meðferð á skömmum tíma. ... Bærinn hefur vafalaust lagzt í eyði af því, að enginn önnur byggð var þar í grennd og um tveggja mílna leið til næstu bæja. Túnið er að vísu lítið, en grösugt og liggur fagurlega, og auk þess er stór spilda af óræktuðu landi fyrir norðan það, og mætti hafa gott gagn af henni. Af þessum sökum mætti enn búa á Þeistareykjum, ef aðeins bærinn væri ekki svo afskektur og langt til annarra mannabyggða. Skammt frá bænum er fjall, sem Bæjarfell heitir, og eru sumar námurnar í því. Það hefst fyrir sunnan syðstu námurnar og liggur síðan aftur til norðurs. Langbezta námurnar eru í króknum milli Suður- og Austurbæjarfellsins. Rétt vestan undir fjallinu er röð af námum, sem flestar eru nú kaldar nema nokkrar á miðju svæðinu, þar sem jarðvegur er nægilega gljúpur og hitinn nægur til þess að brennisteinn geti myndast. Hins vegar eru námurnar fyrir neðan Austurfjallið alveg kaldar nema tvær litlar uppi í fjallinu, þar sem enn er nægur hiti, og hygg ég, að brennisteinn muni halda áfram að myndast þar. Einnig er enn allmikill hiti í sumum námum í röð þeirri, er fyrr var getið, og er ekki vonlaust um, að sumar þessar ónýttu námur geti raknað við með tímanum. Vestan við þessa námuröð er stór hraunbreiða. Túnið byrjar norðan undir Bæjarfelli, og norðan við það er vítt svæði af óræktaðri jörð. Þegar því landi sleppir, tekur hraunið við aftur og beygir það nú meira í austur en áður. Yfir það liggur illur vegur, sem þó er ekki langur. Síðan liggur leiðin undir háu fjalli, sem mikið grjótt hefur hrunið úr,

og verða menn að þræða þar milli steinanna, sem er þó allægilegt, því að mörgum þeirra virðist tyllt þannig hverjum ofan á annan, að bráður bani sé búinn þeim, er fram hjá fara. Uppi á Bæjarfelli er dálítið af rauðum leir og allmikill hiti þar undir, en ég hef áður getið þess, að brennisteinn myndast aldrei ásamt rauða leirnum né ofan á honum, og er því einnig svo háttað hér. Við engar brennisteinsnámur er jafnlítið af gipsi og hér. Hverirnir eru hvorki djúpir né mikil ólga í þeim. Steintegundirnar eru annaðhvort sandsteinn eða hörðu leirtegundirnar, sem getið var í Krýsuvík." Skýrsla Ole Henschels frá 1775, ÓO II, 287.

"Þarna er mikið gróðurriki sökum jarðhita, túnstæði gott og engi, bæði á grundum og í valllendishlíðum ... Þó byggðin félli oftsinni niður og væri jafnan skammvinn, hefur löngum verið þar bækistöð manna, og aldrei mun hafa verið þar kofalaust. Þangað safnast gangnamenn og liggja þar fjölmennir náttlangt, áður en lagt er í leitir. Grasafólk lá þar löngum við á vorum, en rjúpnamenn á haustum. Brennisteinsnámur eru þarna og var þar síðast unninn brennisteinn hér nyrðra, og jafnvel á þessari öld, enda voru Þeistareykir næst hafnarstað." LP I, 327.


"Grundirnar og gamla túnið er grasi vafið allt sumarið, þótt allt sé óvarið og þarna gangi fjöldi fjár. Sama má segja um gróðurgeirana í fjallshlíðunum upp af Þeistareykjum, að þar er gras sem á besta túni. Neðan við grundirnar, dálítið sunnan við leirgilið, eru mikil brennisteinssvæði og stórir leirhverir. Þar niður við hraunröndina er oft tjörn af leysingavatni langt fram eftir sumri. Annað kalt vatn er ekki fánlegt að sumri til á Þeistareykjum fyrr en austur undir Ketilfjalli. Þar eru dálitlar lindarvætlur með nokkurn veginn köldu vatni." - Ódáðahraun I, 40.

"Túnið á Þeistareyjum hefur verið mjög grasgefið og eins grundirnar undir Bæjarfjallinu. Heyfengur hefur því verið auðsóttur og dágóður. Land hefur verið kjarngott, grasatekja nærtæk og ágæt ..." Ódáðahraun III, 164.

Á Þeistareykjatúni voru slægjur góðar og nytjaðar a.m.k. af og til allt fram til 1955 - BBSÐ, 516. –


Gróður á víða í vök að verjast vegna uppblásturs og hafa stór svæði verið girt af, til þess að hefta sandfok. - BBSÐ, 516. "Slæjulönd voru allmikil og voru nýtt nokkuð eftir að hætt var að búa þar, aðallega úr Reykjahverfi og Húsavík. Ég sem þetta skrifa heyjaði einu sinni á Þeistareykjum með öðrum manni, þá var gott veður og mikið gras á Þeistareykjum og var það hey sett þar saman og ekið á hestum og sleðum heim um veturinn. Sumarland er þar gott og mjólkuðu kvíaær vel hjá Sigurði [Guðmundssyni] og mjólkin feit og kostarík." Kristján Jóhannesson [f. 1892], Árbók Þingeyinga 1980, 114.

2001: Valllendissvæðið - Þeistareykjatún og -grundir - er um 600 m frá austri til vesturs og 500 m frá norðri til suðurs. Túnið er náttúrulega slétt, en víða - einkum norðaustantil - eru hvompur og dældir sem líta út eins og dauðir hverir sem gróið hefur yfir. Mýrlendi er víða í dældum norðvestantil í túninu. Einnig eru sumsstaðar dældir - ekki síst í tóftaveggjum - sem líta út eins og grónir rofblettir og börð. Fjær bæjarstaðinu (einkum til norðurs og austurs) tekur lyng við vallendisgróðri á harðbalanum, sem er nokkurnvegin kringlótt svæði en þar utan við er þýfður lyngmói. Í fjallshlíðinni sunnan og suðvestan við túnið eru grónir geirar og sumsstaðar stórar vallendisflatir sem verið hafa engi Þeistareykjabænda. Þau eru mjög grasgefin en sundurskorin af hveragiljum.



Bæjarhóll og heimatún Þeistareykja úr lofti. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson/Fornleifastofnun Íslands 1992.

"Bærinn stóð röska 10 km suður frá Sæluhúsmúla á Reykjaheiði, og nálægt fimm km austur frá Lambafjöllum, norðvestan undir felli einu lágu, sem nefnist Bæjarfjall," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. Þeistareykjatúnið er norðvestan undir Bæjarfjalli og bæjarhóllinn í því miðju fast við vegarslóðina. "Á Þeistareykjum markar fyrir talsverðum bæjarrústum, og líklega hefur bærinn alltaf verið á sama stað, þar sem eldri kofinn er nú. Rústir þessar eru algerlega yfirgrónar. Aldrei munu þær hafa verið rannsakað[ar], og ekki er mér kunnugt um, að þar hafi fundizt neinar fornminjar," segir í bókinni Ódáðahraun III. Mannvirkjum á bæjarhólnum er víða lýst og verður hér getið nokkurra heimilda sem fjalla um þau. 1775 voru Þeistareykir í eyði, en nokkur af bæjarhúsum var enn uppistandandi og notað sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem slær túnið samkvæmt OO Oeconomisk Reise. "1876 lét C.G.W. Lock gera skála í sambandi við brennisteinsnám á Þeistareykjum" segir í bókinni Ódáðahraun III. "Er Kristján man fyrst eftir, var í gamla bæjarstæðinu stór skáli, sem Englendirar byggðu, er þeir unnu brennistein á



Uppmældur bæjarhóll og minjar. Til hægri: bæjarhóllinn úr NNV.

Þeistareykjum. Þessi skáli var notaður um áratugi eftir það sem gangnamannaskýli," segir í örnefnaskrá og svipaða frásögn er að finna í Árbók Þingeyinga: "Komu þeir að Þeistareykjum að kveldi [líkl um 1900] og gistu þar um nóttina í gangnamannakofa sem var allstórt hús, frá þeim tíma er unninn var brennisteinn til útflutnings á Þeistareykjum." Saga höfð eftir Þórhalli Kristjánssyni á Breiðumýri um menn sem vöktu yfir fjársafni á Þeistareykjum og fundu ekki kofann - Gráskinna IV, 90. Í Grímu er að finna sögu um Kristján Halldórsson smið á Húsavík sem fór að vitja hesta á Þeistareykjum. "Kristján bjóst um í kofa, er þar var. Hann var lítið meira en manngengur, farið inn um lítið gat á þekju, og var það byrgt með hellu, er inn var komið. Í þriðja bindi Ódáðahrauns segir: ".. langt mun nú síðan kofi með þeim ummerkjum, er sagan greinir, hefur verið á Þeistareykjum." Bæjarhóllinn er fast norðan við Þeistareykjaveg þar sem hann beygir til norðurs, á móts við þar sem slóð liggur af honum til suðausturs upp að núverandi sæluhúsi. Hóllinn er rúmlega 200 m NNV af sæluhúsinu. Hér er sjálfur bæjarhóllinn skráður undir númerinu 001_01 en meintar tóftir á hólnum sem skráðar voru af starfsmönnum Fornleifavernd ríkisins fá númerin 001_02-04.

"Þar gengur dálítið leirgil með vellandi leirhverum niður gegnum grundirnar, og er túnið upp og ofan með þessu gili norðanverðu. ... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim," segir í bókinni Ódáðahraun I.

Bæjarhóllinn er á sléttum vallendisgrundum og liggur malarborinn vegur fast norðan við hann. Skammt ofan við byrjar landið að hækka upp að Bæjarfjalli og liggja grasgeirar hátt upp í fjallið, sundurskornir af hveragiljum. Vegurinn liggur fast við hólsræturnar að sunnan og asutan og gæti hafa skemmt hann.



Bæjarhóllinn á Þeistareykjum, horft til suðurs. Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson/Fornleifavernd ríkisins 2008

Hóllinn er sporöskjulaga. Samanlagt er hann um 42 x 32 m stór og snýr norður-suður. Hann rís um 2,5 m yfir umhverfið og er mun hærri og brattari að norðan enda lækkar landið undan honum þeim megin. Auk þeirra mannvistarleifa sem skráðar eru undir númerum 001_02-04 eru ýmsar misjöfnur aðrar eru á hólnum en engar með skýru tóftalagi. Undan hólnum gengur lítil rústabunga til suðurs, önnur til vesturs undan vesturhorni gerðisins og til norðvesturs er mikill tóftarani, um 20x20 m til viðbótar við sjálfan hólinn. Óljós tóft er austast á þessum rana, virðist snúa norður-suður og vera opin í suður, en aðrar tóftir verða ekki greindar þar þó allt svæðið sé augljóslega mannvistarleifar. Ennfremur má líta á rústahólinn sem 033 er á sem framhald bæjarhólsins til austurs. Fornleifavernd ríkisins mældi upp bæjarhólinn og minjarnar á honum árið 2008 undir númerinu 497-500.

Heimildir: LP I, 327; Ódádahraun I, 39-40; III, 158-169; Ö-Þeistareykir viðb, 6; Gráskinna IV, 90; Gríma 19, hefti, 73; Árbók Þingeyinga 1980, 110, OO Oeconomisk Reise, 703, Sigurður Bergsteinsson. 2008, 8-9

SP-250x:001_02 hleðsla hlutverk óþekkt 593083 599343

Efst á hólnum vestanmegin er grjótdreif sem gæti verið úr lítill byggingu 02, e.t.v. gangnamannakofa þeim sem á hólnum var. Samkvæmt uppmælingu Fornleifaverndar er grjótdreifin um 9 x 8 stór og snýr norður-suður. Fornleifavernd ríkisins mældi upp þessa fornleif árið 2008 undir númerinu 497 og 500.

SP-250x:001_03 tóft hlutverk óþekkt 593093 599340

Austan og sunnan við dreifina 02 mótast fyrir afgangi tóft. Í skráningu Fornleifastofnunar er hún sögð 7 x 3 m að innanmáli og virðist skráð sem einföld en í skráningu Fornleifaverndar virðist hún tvískipt og því allt að 16 x 7 m stór. Er hugsanlegt að þarna séu fundnar leifar af skála Englendinganna. Tóftinni hallar til suðvesturs og hafa dyr verið á suðvesturgafli en samkvæmt uppmælingu mætti ætla að lítið hólfi hafi verið nyrst og op á það á miðjum austurvegg. Grjót er í veggjum/undirstöðum. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og er hún númer 499 í skráningu þeirra.

SP-250x:001_04 gerði

593086 599333

Hornrétt á tóft 03 vestan við er gerði 04. Það er um 11,5 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Gerðið er beint neðan (sunnan) við grjótdreifina. Gerðið er grjóthlaðið en gróið er yfir hleðslurnar. Samkvæmt skráningu Fornleifaverndar ríkisins er líklegt að um einhverskonar skepnuaðhald eða matjurtagarð sé að ræða ræða, sem tengist grjóthleðslunni eða meintum gangnamannakofa. Fornleifavernd ríkisins mældi gerðið upp 2008 og er það númer 498.

SP-250x:002 *Þeistareykjanámur* heimild um brennisteinsnámu

593732 599039

"Þeistareykjanámur eru aðalega í Neðri-Bóndhól, en hann er ekki í Bóndhólsskarði, heldur niður undan Bóndhólstorfu. Það er stór hóll, gulur af brennisteini. Þar hyggur Kristján [Jóhannesson], að aðalbrennisteinsnáman hafi verið," segir í örnefnaskrá. Neðri Bóndhóll er rúmlega 500 m austur af núverandi sæluhúsi, vestan og neðan undir Bóndhólsskarði og vestan við grófina úr því. Stór og áberandi hóll undir fjallshlíðinni en ofan við Þeistareykjagrundir. Hverir eru uppi á hólnum og er hann að mestu hvítur af hverahrúðri. Allstórt hverasvæði með miklu af gulum brennisteini er norðan undir hólnum og hafi aðstæður ekki breyst mikið þá virðist það líklegasta námsvæðið. Vestur með fjallinu frá Neðra Bóndhóli - ofan við Þeistareykjatún - eru hverasvæði og hefur þar víða mátt taka brennistein þó svæðið undir Neðra Bóndhól virðist stærst og samfeldast.

Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar eru Þeistareykjanámur ekki talinn tiltekinn staður: "Þeistareykjanámur er nafn á brennisteinsþúfum. Sumstaðar eru sjóðandi hverir og sumstaðar hálfkaldar þúfur vestan undir Bæjarfjalli og Ketilfjalli." Þeistareykjarnámur voru ekki skráðar sérstaklega þegar Fornleifavernd ríkisins skráði svæðið.

Heimildir: Ö-Þeistareykir viðb, 6; Ö-Þeistareykjafréttur, 7.

SP-250x:003_01 hús sæluhús

593208 599200

"Í Þeistareykjatúni standa tvö sæluhús á barmi grófarinnar. Það neðra er eldra og fremur lélegt, en það mun standa nærri gömlu bæjarrústunum," segir í bókinni Ódádahraun I og á öðru stað í sömu bók er húsinu lýst: "Nýrra sæluhúsið stendur ofar með grófinni og nær henni. Það er myndarlegt hús, hlaðið úr grjóti með tyrfðu járnþaki.

Norðurstafn

hússins er steypdur og tvöfaldur. Má leiða gufu frá hver, sem er í gilinu rétt hjá húsinu inn í vegginn og þannig hita húsið. Húsið væri hið ágætasta til gistingar, ef pallur væri í nokkrum hluta þess, eða bálkar til þess að liggja á og önnur smáþægindi."

Nú er á Þeistareykjum "vandað gangnamannahús í eigu Aðaldalahrepps, byggt



Ljósmynd af sæluhúsi SP-250x:003_01 úr skýrslunni Deiliskipulag ferðaþjónustu á Þeistareykjum Þingeyjarsveit, bls. 20.

1958 ... og gamli kofinn nú nýttur fyrir hesthús ..." segir í Byggðum og Búum í Suður-Þingeyjarsýslu. Núverandi sæluhús er "A" hús efst í Þeistareykjatóni. Húsið sem hér er skráð og er eldra sæluhús er um 40 m vestan við núverandi hús. Á þessum stað eru tvenns konar ummerki, annars vegar eldra hús - grjóthlaðið 003_01 og hins vegar tóft 003_02 samsíða með steypubrotum, e.t.v. af eldra húsi. Samtals eru ummerkin á svæði sem er um 20 x 15 m stórt og snýr norður-suður.



Grunnur sæluhúss 003_01 og gerði 002 norðar. Uppmælingar: Fornleifavernd ríkisins.

Á vallendisgrund í aflíðandi brekku, efst í gamla Þeistareykjatóni, á barmi hveragrófar. Þegar húsið var skráð árið 2001 stóð það undir þaki en það hefur síðan hrunið inn í það. Lýsing hússins árið 2001 var eftirfarandi: Hús 003_01 um 11 x 8 m stórt og snýr h.u.b. austur-vestur. Langveggir hússins eru grjóthlaðnir en austurgafli steypdur. Tréþil er fyrir vesturgafli og þar dyr á húsinu. Húsið er niðurgrafið í austurenda. Grjóthleðslur eru byrjaðar að springa að norðanverðu en að öðru leyti er húsið í góðu standi og nýlegt bárujárnsþak á því. Ljósmynd frá 1945 eða rétt fyrir er af sæluhúsinu í Ódádahraun I, bls. 40. Fornleifavernd ríkisins mældi upp þessar minjar 2008 undir númerinu 490 en ekki er að finna umfjöllun um þær í skýrslu hennar.

Heimildir: Ódádahraun I, 39-40; III, 39, 169; BBSÞ, 516

SP-250x:003_02 gerði

593205 599211

Norðan við sæluhús 003_02 er tóft eða gerði. Við fornleifaskráningu 2002 er ummerkjunum lýst sem 11 x 10 m stórum vegg sem virðist afmarka hússtæði en samkvæmt uppmælingu Fornleifaverndar mætti ætla að hleðslan marki af austur-, vestur- og norðurhlíðar og sé samtals um 13.5 x 11.5 m stór en ekki er fjallað sérstaklega um hana í skýrslu. Mannvirkið snýr austur vestur. Innan þess er grjóthrúga, að mestu gróin en glyttir í steypubúta. Hún er um 4.5 x 3.2 m stór. Fornleifavernd ríkisins mældi upp þessar minjar 2008 undir númerinu 490 en ekki er að finna sérstaka umfjöllun um þær í skýrslu hennar.

SP-250x:004 heimild um kirkju

593058 599369

Kirkja var á Þeistareyjum og er hennar getið í máldögum á 14. og 15. öld: 1394: "[í Múla] er þriggja presta skyld og tveggja diakna. taka heima j leygu fíorar merckur. enn vtann gardz adrar fíorar ef ecki lyckst af þeistareykium." - DI III 576-78. 1461: "[í Múla] er þriggja presta skyld oc tveggja diakna. tekzt heima j leigu. iiij. merkr. en vtan gardz adrar. iiij. ef lykzt af þeistareykium." DI V, 284. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð og engar af hinum fjölmörgu tóftum í Þeistareykjatúni líkjast kirkju. Líklegast er að kirkjan hafi verið nálægt bænum, t.d. á rústarananum mikla sem gengur norðvestan undan bæjarhólum.


Múlakirkjumáldagar frá 1394 og 1461 - þó misvísandi séu - verða ekki skildir öðruvísi en að bænhús eða kirkja hafi verið á Þeistareykjum á miðöldum. Ekki er getið um aðrar útkirkjur í Múlaþingum en á Rauðuskriðu, en þar var hálfkirkja sem væntanlega hefur greitt 2 merkur fyrir þjónustu Múlaprests og gæti þá komið heim og saman að önnur hálfkirkja hafi verið á Þeistareykjum sem greiddi hið sama. Sé hinsvegar máldaginn frá 1394 réttari þá verður hann varla skilinn öðruvísi en að afgjaldið af Þeistareykjakirkju hafi verið til viðbótar mörkunum fjórum sem Múlaprestur fékk utangarðs. Það orðalag gæti bent til að kirkjan á Þeistareykjum hafi ekki fengið reglulega þjónustu og því ekki komið af henni reglulegar tekjur. Fornleifavernd ríkisins skráð ekki sérstaklega meint kirkjustæði í skráningu þeirra frá 2008.

Heimildir:DI III, 576-78; DI V, 284.

SP-250x:005 tóft stekkur

593750 599128

Norðan og austan við Neðri Bóndhól 002 eru sléttar grundir sem ná að grófinni úr Bóndhólsskarði. Norðarlega á þeim er tóft. Hún er um 50 m norðaustan við rætur Bóndhóls og



Uppmæld stekkjartóft SP-250x:005. Ljósmynd til hægri: Árni Ólafsson/Teiknistofa Arkitekta, horft til norðurs

20 m sunnan við lítinn hraunhól sem er ofan og sunnan við hverasvæðið norðan undir Neðra Bóndhóli. Tóftin er um 700 m ASA við bæ 001. Tóftin er á sléttri vallendisgrund skammt frá hverasvæði, allhátt ofan við Þeistareykjatóft og í hvarfi frá bænum.

Tóftin er tvískipt og 11 x 8.7 m stór. Sunnar er hól sem er 4 x 3.7 m stórt norður-suður og er op á því til norðvesturs. Vesturveggur tóftar gliðnar út þannig að inngangur er á ská til hliðar við króna. Norðar er lítið hól eða kró 2.5 x 1.5 m að innanmáli en ekki er greinilegt op á það. Grjóthleðsla sést í suðurgafli að innan en annars er tóftin alveg gróin. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina árið 2008 (nr. 553) en ekki er að finna lýsingu á tóftinni í skýrslu hennar. Samkvæmt uppmælingu virðist hafa verið þúst eða upphækkun frá tóft til suðurs og austurs. Útlit tóftar og staðsetning bendir helst til að hún hafi verið stekkur.


SP-250x:006 tóft hlutverk óþekkt

593058 599313

Um 20 m VSV af bæjarhólum á Þeistareykjum 001 er tóft, fast norðan við Þeistareykjaveg og nemur suðvesturgafli hennar við vegbrúnina. Tóftin er á sléttri vallendisgrund í gömlu t túni. Hún er fast við malarborna vegarslóð og 10 m sunnan við gróf með hveravatni.

Tóftin er einföld og aflöng og er gróflega 13 x 8 m að stærð. Veggir hennar eru mjög breiðir og sokknir og er tóftin aðeins 7 x 1,5 m að innanmáli. Dyr virðast hafa verið austantil á suðurlanghlið. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur.

Vegarslóðin gæti hafa skemmt blásuðvesturendann á tóftinni. Tóftin var hvorki mæld upp né skráð í skráningu Fornleifaverndar 2008.



Uppmæling tóftar SP-250x_006, gróflega uppteiknað eftir handteikningu frá 2001, Fornleifastofnun Íslands

SP-250x:007_01 tóft hlutverk óþekkt

593002 599280

Rúmlega 50 m suðvestur af 006 er tóft. Hún er 4 m norðan við Þeistareykjaveg þar sem hann sveigir til austurs í átt að bæjarhólum 001. Undir þessu númeri eru skráð bæði tóft 007_01 og óljóst garðlag 007_02 sem liggur frá henni og til NNA. Tóftin er í jaðri vallendisgrundar/gamals túns. Vestan við eru grónir farvegir eftir hveravatn og vestan við þá lyngmóar.

Tóftin 007_01 er á rústahól sem er um 12 x 12 m að stærð. Sjálf tóftin er einföld og aflöng og 8 x 6 m að utanmáli en 4 x 2 m að innanmáli. Hún snýr SSV-NNA og eru dyr hvergi greinilegar. Grjót sést í veggjum. Tóftin var mæld upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu en ekki er fjallað sérstaklega um hana í



Tóft SP-250x_007_01 og garðlag 007_02.

skýrslunni sem fylgdi í kjölfarið.

SP-250x:007_02 garðlag hlutverk óþekkt 593010 599293
Óljóst garðlag liggur frá norðausturhorni tóftar 007_01 og til NNA. Garðlagið er greinanlegt um 1-2 m norðan við tóftina og liggur í um 25 m til NNA áður en það endar við gerði 008 en það hefur verið byggt yfir garðlagið og er því greinilega yngri en það. Það er víða um 1.5 m á breidd og nokkuð jarðlægt og eldra en mannvistarleifar í kring. Fornleifavernd ríkisins mældi það upp árið 2008.

SP-250x:008_01 gerði hlutverk óþekkt 593003 599322
Um 30 m vestan við bæjarhólinn 001 og um 10 m norðvestan við tóft 006 er allstórt gerði. Það er norðan við veginn að Þeistareykjum og norðan við tóft 007 en austan við tóft 009. Undir þessu númeri er skráð sjálft gerðið 008_01, tóft í suðvesturhorni þess 008_02, gerði eða kró innangerðis 008_03, tóft norðvestarlega við gerðið 008_04 og þúst allra austast við gerðisvegginn 008_05. Samtals ná minjarnar yfir svæði sem er 53 x 49 m stórt og snýr austur-vestur. Mannvirkin eru misgömul og gæti hluti þeirra hafa verið hluti af misgömlum túngörðum. Gerðið er í náttúrliga sléttu túni, en skammt vestan við tekur við lyngmói.



Gerðið er aflangt frá austri til vesturs, um 53 m langt og 49 m breitt. Op virðast hafa verið á gerðinu á suður- og norðurhlið vestarlega og á austurvegg. Veggir gerðisins eru mjög útlattir og eru víðast um 2 m breiðir og 0,6 m háir. Fornleifavernd ríkisins mældi gerðið og önnur mannvirki í og við það upp árið 2008 og skráði undir númerunum 520-522, 532, 524-526.
Heimildir: Sigurður Bergsteinsson. 2008, 9-10

SP-250x:008_02 tóft hlutverk óþekkt

592984 599298

Í suðvesturhorni gerðis 008_01 er tóft, sem gæti verið yngri en gerðið en er sambyggð við vesturhlið þess. Sú tóft sem mest er áberandi er um 9 x 5 m að utanmáli og tvískipt en undan henni gengur lítið hólf til vesturs sem gæti verið kró eða eldri tóft sem snúið hefur austur-vestur. Veggir eru signir. Samtals eru



Tóft SP-250x_008_02. Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson/Fornleifavernd ríkisins

mannvistarleifar á þessu svæði 11.5 x 7.5 m að stærð. Samkvæmt skráningu Fornleifaverndar ríkisins má ætla að þarna hafi m.a. verið fjárhús og hlaða sem kunni að hafa verið í notkun fram á 19. öld. Staðurinn var skráður undir númerinu 524.

SP-250x:008_03 gerði hlutverk óþekkt

593004 599308

Samhliða suðurhlið gerðsins, 4-5 m norðan (innan hennar) er brún sem gæti verið garðlag. Að vestanverðu gæti hún verið suðurveggur í þríhyrnu hólfu innan í gerðinu. Fornleifavernd ríkisins mældi garðinn upp árið 2008 og er hann númer 521 í skráningu þeirra.

SP-250x:008_04 tóft kvíar

592980 599333

Gerðið tengist gerði 011 að norðan og er sameignilegur veggur á um 9 m bili, en á milli þeirra er geil sem líta mætti á sem tóft eða kvíar, en þó virðist frekar eins og þar hafi verið girt framhjá dýi eða votlendisbletti. Samkvæmt skráningu Fornleifaverndar ríkisins er tóftin mjög skýr og um 12 x 7 metrar að stærð og er með opi á suðurgafli. Tóftin hefur númerið 525 í skráningu þeirra

SP-250x:008_05 þúst hlutverk óþekkt

593035 599321


Við austurhlið gerðsins (008_01) er 2 x 2 m upphækkun sem gæti verið leifar af lítilli tóft eða þúst. Samkvæmt uppmælingum Fornleifaverndar af staðnum má ætla að þarna séu tvær þústir og er sú nyrðri 6.5 x 4 m að stærð (austur-vestur) en sú syðri fast sunnan hennar 2.6 x 1.5 m. Þústirnar hafa númerin 532-533 í skráningu þeirra.

SP-250x:009 tóft hlutverk óþekkt

592931 599293

Um 55 m vestan við tvískiptu tóftina í suðvesturhorni gerðis 008 og um 50 m beint suður af tóft 010 er stór tóft á flata sem hallar til vesturs niður að tjörninni. Tóftin er á snöggrónum vallendisflata utan hins eiginlega túns. Umhverfis eru þýfðir lyngmóar. Þessi tóft er einna næst tjörninni af tóftum á Þeistareykjum en þó eru þangað um 300 m.

Tóftin er um 10 x 6 m stór og skiptist í þrjú hólf. Hún snýr austur-vestur og skiptist í tvö aflöng samsíða hólf og lítið hólf austan við það nyrðra. Veggir eru mjög signir, víðast um 1,5 m breiðir. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina árið 2008 og er hún númer 536 í skráningu hennar.



SP-250x:010_01 tóft hlutverk óþekkt

592918 599352

Tóft og óljós þúst eru um 33 m vestan við mitt gerðið 011 og 55 m norðan við tóft 009. Tóftin er um 170 m VNV við bæjarhólinn á Þeistareykjum 001. Mannvistarleifarnar eru á svæði sem er 26 x 12 m stórt og snýr norður-suður. Tóftin og nánasta umhverfi hennar er grasi gróið en hún er á lágu lyngmóaholti fast vestan við hið eiginlega tún.


Tóft 01 er 12 x 5-6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld, en þó er veggur innan við suðurgafli þannig að lítið hólfi eða bás myndast við innganginn sem er syðst á austur langhlið. Grjótt sést í sverði í botni tóftarinnar sunnantil og í austurvegg að utan. Þar er rof í vegginn og sést að grjóthledslan er ekki meir en 0,7 m breidd og bendir það til að tóft þessi sé af rétt eða stekk fremur en húsi. Önnur tóft lík þessari í Þeistareykjatúni er 035.

Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 undir númerinu 537 en mældi þá ekki syðsta hluta hennar sem samkvæmt skráningu Fornleifastofnunar var lítið hólfi.

SP-250x:010_02 þúst hlutverk óþekkt

592920 599339

Um 7 m sunnan við tóft 01 er þúst 02. Hún er 7 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Í þústinni eru þrjár hvompur sem gætu verið ummerki eftir hólfi. Þar gætu leynst tóftarleifar og væru þær þá mun eldri en stóra tóftin því þústin er gróin lyngi. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki upp þústina við skráningu í Þeistareykjatúni 2008.




Tóft og þúst SP-250x:010_01-02

SP-250x:011_01 gerði hlutverk óþekkt

592962 599340

Norðan við gerðið 008 og samtengt því á 9 m kafla er annað gerði 011_01 sem snýr norður-suður og myndar vesturhlíð túnsins. Það er á milli tóftanna 010 og 017 og frá því liggja



Gerði og tóftir SP-250x:011_01-04

túngarðarnir 013 og 014 til norðurs. Í því miðju er tóft 011_02 og norðarlega við vesturhlið utanverða mældi Fornleifavernd ríkisins upp aðra mögulega tóft 011_03. Tóft er einnig byggð við suðurhlið gerðis en var hún skráð með gerðinu sunnan við, undir númerinu 008_04. Samtals er svæðið 56 x 29 m stórt og snýr NNV-SSA. Gerðið er í gömlu náttúrulega sléttu túni og eru sumsstaðar hvompur með votlendi.

Gerðið er sambyggt við gerði 008 en á milli þeirra er geil með gördum á þrjá vegu sem mætti túlka sem tóft eða kvíar þó vera megi að þar hafi aðeins verið girt framhjá dýi eða votlendisbletti (sjá 008_04). Gerðið er 56 x 29 m stórt og snýr NNV-SSA. Í norðvesturhorni þess er rofsvæði ofan í hól sem þar hefur verið og er óhægt að greina hvort garðurinn er horfinn þar eða hvort girt hefur verið framhjá hólnum að sunnan og austan. Fornleifavernd ríkisins mældi gerðið upp árið 2008 og hefur það númerið 526 í skráningu hennar. Fornleifavernd túlkaði ummerkin sem svo að þarna hafi verið tófti (sjá 011_03). Vesturveggur gerðisins stendur hæst og er mjög sprunginn í þúfur. Hleðslan er víða um 2 m á breidd.




Horft yfir gerði og tóftir SP-250x:011, úr norðaustri, mynd tekin í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 2001

SP-250x:011_02 tóft hlutverk óþekkt 592972 599355
 Í gerði 011_01 miðju er einföld aflöng tóft. Hún er 10 x 4 m að utanmáli, og snýr heldur á skjön við gerðið. Allir veggir eru signir og um 1 m á breidd en mest 0.5 m á hæð Ekki er greinilegt op á tóftinni og leggja skrásetjarar Fornleifaverndar til í sinni skýrslu að þetta sé heytóft. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og er hún númer 529 í skýrslu stofnunarinnar.
Heimildir:Sigurður Bergsteinsson. 2008, 12

SP-250x:011_03 þúst hlutverk óþekkt 592951 599362
 Í norðvesturhorni gerðis 011_01 er rofsvæði ofan í hól sem þar hefur verið og er óhægt að greina hvort garðurinn er horfinn þar eða hvort girt hefur verið framhjá hólnum að sunnan og austan. Við skráningu 2001 var þýfið túlkað sem svo að þarna lægi garðurinn áfram til norðurs en þegar Fornleifavernd ríkisins mældi upp minjar á svæðinu 2008 var það túlkað sem svo að gerðið lægi í nokkurn sveig þarna en á svipuðum slóðum væri byggð tvískipt tóft við garðinn. Samkvæmt uppmælingunni mætti ætla að bæði hólfín verið með opi á vesturvegg. Í skýrslu MÍ hefur staðurinn númerið 527 en í henni segir: "Tóftin ,sem byggð var utan í vesturgarðinn, er nokkuð óljós þar sem nokkuð þýft er umhverfis hana. Þó má sjá að hún hefur tvö rými. Hún er um 5 x 9 metrar að stærð og er mesta veggjarhæð um 0,5 metrar"
Heimildir:Sigurður Bergsteinsson. 2008, 12

SP-250x:012_01 *Stekkhólar* tóftir stekkur 592723 598985
 "Sunnan Bóndhólsskarðs er svo Bæjarfjall, mikið gróið norðan og norðan í því Lambhólar. Suður með Stekkhólar og Stórihver, stór leirhver suðaustur af stekkhólum," segir í örnefnalýsingu. "Stekkhólar eru nokkurn spöl sunnan við Þeistareyki og stekkurinn í þeim. Stórihver telur Kristján [Jóhannesson], að sé austnorðaustur af Stekkhólum, við rætur Bæjarfjalls, og upp af honum álitur hann, að sé Kýrfóðurrindi vestan í Bæjarfjalli," segir í annari lýsingu og í enn annari: "Vestan í Bæjarfjalli heitir Kýrfóðurrindi, og þar suður með fjallinu heitir Stekkur." og virðist þetta allt sami staðurinn. Í athugasemdum Krisjtáns Jóhannessonar í Klambreseli við Ö-Þeistareykjaafrétt segir: "Suðaustur af Stekk er leirhver, sem heitir Stórihver. Nýtt hitasvæði kom

upp á þessum slóðum fyrir 2 árum." (ritað 1968). Stekkhólar eru um 600 m VSV af núverandi sæluhúsi á Þeistareykjum og er stekkurinn í þeim vestanmegin, fast vestan við leirhverasvæði, um 100 m norðvestan við veginn að Þeistareykjum. Ofrausn er að kalla þetta svæði hóla, það er



Stekkur SP-250x:012_01-02 og vörðubrot 03-04



Tóftir SP-250x:012_01 og 02. Á mynd til vinstri er réttartóftin, úr austri en á mynd til hægri stekkurinn, úr vestri.

meira eins og hæðarbrún sem snýr að bænum en er flöt að vestan. Tóftirnar eru um 510 m SSV við bæ 001. Mínnjasvæðið er 48 x 22 m stórt og snýr austur-vestur. Á því er tóft 012_01, gerði 012_02 og tvær vörður 012_03-04. Stekkurinn er í lágrí hraunbungu sem er að mestu gróin grasi og mosa. Leirhverasvæði er fast austan við stekkin en grasgrundir með hverasvæðum vestan við. Gróið hveraop er gegnt dyrum stekkjans - sem tæplega virðist hentugt og má vera að stekkurinn sé eldri en hveravirkni á þessu svæði.

Austar er tvískipt stekkjartóft, grjóthlaðin 012_01. Hún er 11.5 x 11 m að stærð. Sjálf réttin er austar og er 6 x 3 m að innanmáli. Dyr eru á henni sunnarlega á vesturlangvegg. Króin er hlaðin utan í vesturlangvegg norðantil og er hún 3 x 2 m að innanmáli. Á henni er op vestarlega á suðurvegg. Tóftin er mosagróin og er hlaðin innan í brún í hraunklöppinni. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp 2008 og er hún með númerið 545 í skráningu þeirra.

Heimildir: Ö-Þeistareykjaland, 4; Ö-Þeistareykir viðb, 7; Ö-Þeistareykjafréttur, 7, 11

SP-250x:012_02 gerði rétt

592696 598991

Um 23 m vestan við tóft 012_01 er gerði/tóft. Tóftin er grjóthlaðin rétt og er hún 13 x 8 m að stærð en 11 x 5 m að innanmáli. Hún snýr austur-vestur og eru dyr austast á suðurlangvegg. Austurgaflinn heldur áfram til suðurs og myndar þannig aðhald utan við dyrnar. Einnig er grjótdreif í framhaldi af vesturgafli og brún samhliða suðurlangvegg eins og þar hafi verið annað hólfi eða einhverskonar bráðabirgða bygging. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina árið 2008 og er hún með númerið 544 í skráningu hennar.

SP-250x:012_03 varða hlutver óþekkt

592726 598982

Vörðubrot er fast vestan við dyraopið á tóft 012_01 og var það lauslega skráð við skráningu Fornleifastofnunar árið 2001 en ekki mælt upp í skráningarför Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

SP-250x:012_04 varða hlutverk óþekkt

592721 598999

Vörðubrot var lauslega skráð tæpum 10 m NNV við tóft 012_01 í skráningu Fornleifastofnunar Íslands frá 2001 en var ekki mælt upp þegar Fornleifavernd ríkisins mældi minjar á svæðinu 2008.

SP-250x:013 gerði túngarður

592954 599384

Garðlag gengur til norðurs frá norðvesturhorni gerðis 011 en er framhald hans víða óljóst. Þó er helst að giska á að þarna hafi verið gerði sem þá hefur verið 64 x 34 m stórt og snúið NNV-SSA. Syðsti hlutinn er á vallendishól í túnjaðri en mestallur garðurinn er í mýri - nú þurri - og hefur sokkið í hana.

Frá gerðishorninu er garðlagið mjög skýrt í 36 m en þaðan er kantur í mýrinni í sömu stefnu í um 32 m til viðbótar og endar þar í stakri þúfu. Norðan við hana heldur mýrin áfram en engin merki sjást um garðlag þar eða í móanum sem tekur við alllangt norðan við. Austan við þúfuna eru hinsvegar 3 litlar þúfur í röð og gætu þær verið leifar af norðausturhlið í gerði sem þessi garður væri þá vesturhliðin á en 014 austurhliðin. Þykkt veggja er 1,5-2 m og hæð syðst 0,9 m en víðast mun minni, 0,2 - 0,4 m. Fornleifavernd ríkisins



mældi ummerkin upp árið 2008 og er hún númer 526 í skráningu þeirra.

SP-250x:014 gerði túngarður

592973 599438

Garðlag liggur til norðurs frá norðausturhorni gerðis 011. Garðlagið virðist austur- og hluti af norðurhlíð þess sem gæti verið gerði en er nú illgreinanlegt. Garðlagið er í túnjaðri og er deiglent sitthvoru megin við garðinn fyrstu 30 m norður frá gerði 011 en þar norðan við eru sléttar harðbalagrundir og er garðurinn þar mjög breiður, krókóttur og sokkinn.

Garðurinn er beint framhald af austurhlíð gerðis 011, en sveigir strax til austlægari stefnu. Eftir 32 m er skarð í garðinn, og þar gengur 5 m veggbútur til norðvesturs. Skarðið er 2 m breitt. Frá því liggur garðurinn í 7 m í norður og þar er annað skarð og annar stubbur sem gengur 10 m í norðvestur. Sá stúfur gæti hafa haldið áfram og tengst norðurendanum á 013 og myndað þannig þriðja gerðið í vesturjaðri túnsins. Inni í því gæti hafa verið minna gerði við austurhlíð sem stúfarnir tveir eru leifar af. Nyrðra skarðið er 3 m breitt og þaðan má rekja garðinn tæpa 50 m til viðbótar með stefnu á tóft 016, rétt framhjá tóft 015 sem er 3 m vestan við. Nyrst er garðurinn orðinn mjög breiður, sokkinn og slitróttur. Mögulegt er að um 10 m veggstúfur gangi út til norðvesturs norðan við tóft 015 og þessvegna ekki ómögulegt að þar sé norðausturhorn í enn einu gerðinu. Garðurinn er alls um 90 m langur, mest 3 m breiður og 0,7 m há. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki garðinn upp árið 2008.



SP-250x:015_01 tóft hlutverk óþekkt

592969 599461

Einföld tóft 015_01 er um 3 m vestan við austurhlíð garðlags 014. Hún er um 170 m NNV við bæ 001. Óljós dæld 015_02 er um 20 m vestan hennar og eru þær báðar skráðar undir þessu númeri. Tóftin er í túnjaðri. Á snögggrónum harðbala en vestan og norðan við er þurr mýri.

Tóftin er einföld og aflöng og er 9 x 6 m stór. Hún snýr austur-vestur og hefur dyr sunnantil á vesturgafli. Veggir eru 1,5 m breiðir og um 0,7 m háir og eru þeir algróin og sér hvergi í grjóti. Mögulegt er að garðlagið 014 hverfist um tóftina - jafnvel þannig að það hafi myndað fjórða gerðið í vesturhlíð túnsins og hefur tóftin þá verið norðaustast í því gerði. Fornleifavernd

ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og er hún númer 538 í skráningu þeirra.


SP-250x:015_02 dæld hlutverk óþekkt 592944 599466

Um 20 m vestan við tóft 015_01 er regluleg dæld þar sem mögulegt er að tóft hafi verið. Dældin er 9 x 6 m stót og er regluleg. Hún er í mýrinni og mjög sokkin. Mishæð við norðausturhorn hennar sem gæti verið leifar af vegg. Það gæti verið tóft sem sokkið hefur í mýrina. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki upp dældina þegar minjar á þessum slóðum voru mældar upp 2008.

SP-250x:016_01 tóft hlutverk óþekkt 592991 599488

Um 25 m NNA við norðurendann á garðlagi 014 er tóft 016_01. Á milli er gróinn skorningur sem liggur austur-vestur með mýrardragi í botni. Tóftin er um 170 m NNV við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Óljós þúst 016_02 um 40 m ANA er einnig skráð undir sama númeri. Tóftin er á sléttum harðbala, gömlu túni.

Tóftin er lítil og einföld og um 4 x 3 m að utanmáli. Op er á á miðjum suðurvegg. Fornleifavernd ríkisins skráði ekki tóftina þegar minjar á þessu svæði voru mældar upp árið 2008.



Tóft SP-250x:016_01 og staðsetning 016_02


SP-250x:016_02 þúst hlutverk óþekkt 593030 599510

Tæpa 40 m ANA við tóft 016_01 er lítil ávalur hóll. Ekki eru á honum sýnileg mannaverk en hann er eina mishæðin í annars glersléttu túninu á þessum slóðum og gæti því verið mannvirki. Austan við hann eru óreglulegar hvompur sem gætu verið eftir uppmoksturinn. Hóll þessi er um 14 m vestan við veginn norður frá Þeistareykjum. Fornleifavernd ríkisins skráði ekki staðinn þegar hún skráði minjar á þessum slóðum 2008.

SP-250x:017_01 tóft hlutverk óþekkt

592980 599380

Í kverkinni norðan við þar sem gerði 008 og 011 liggja saman er tóft 017_01 og talsvert af óljósum garðlögum 017_02. Tóftin er um 4 m austan við gerðið 011 og 6 m sunnan við norðausturhorn þess. Samtals ná mannvistarleifarnar yfir svæði sem er 60 x 17 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er túni.



Garðlög og tóft SP-250x:017_01 og 02

Tóft 107_01 er lítil, einföld og snýr norður-suður og er heldur á skjön við gerðið 011 en hefur svipaða stefnu og tóftin inni í því. Hún er 6 x 3,5 m að stærð. Dyr eru ekki greinilegar. Tóftin er byggð ofan á hrygg eða rana 015_02 sem liggur í boga frá bæjarhólnum, fyrst til vesturs en sveigir svo til norðurs meðfram gerðinu 011. Annar slíkur rani er milli þessa og gerðisins 008 og liggur sá beint til vesturs frá bæjarhólnum, Mögulegt er að þetta séu garðar en þeir gætu einnig verið náttúrumyndanir. Skarð er í ranann kringum tóftina eins og efni úr honum hafi verið notað í hana. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp 2008 og var hún þá skráð undir númerinu 526.

SP-250x:017_02 garðlag
hlutverk óþekkt
593006

599352

Tóft 017_01 er byggð ofan á hrygg eða rana sem liggur í boga frá bæjarhólnum, fyrst til vesturs en sveigir svo til norðurs meðfram gerðinu 011. Samkvæmt uppmælingu Fornleifaverndar ríkisins af minjunum má ætla að 4-5 slíkir hryggir liggja samsíða í boga á þessum slóðum. Mögulegt er að þetta séu garðar en þeir gætu einnig verið náttúrumyndanir. Skarð er í ranann kringum tóftina eins og efni úr honum hafi verið notað í hana. Fornleifavernd mældi ummerkin upp árið 2008 undir númerinu 531



Garðaröð SP-250x:017.

Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson/Fornleifavernd ríkisins

SP-250x:018 *Kvíhólaaðhald* gerði rétt 593235 593047

"Í klettaborgum vestur af Kvíhólafjöllum var hlaðið Kvíhólaaðhald fyrir fé..." segir í örnefnalýsingu. "Kvíhólaaðhald og Þeistareykjaaðhald eru nefnd í skrá Ara. Nú er komið aðhald á fimm stöðum í Þeistareykjalandi: ... Aðhald við Kvíhóla ... Öll eru þessi aðhöld gerð úr vírneti, gaddavír og tímbrí, þ.e. staurar, nema aðhaldið við Kvíhóla, það er hlaðið úr hraungrjóti." segir í



Kvíhólaaðhald SP-250x:018

viðbótum og athugasemdum við skrána. Ennfremur segir þar á næstu síðu: "Kvíhólar eru mjög vel gróið land. Kristján [Jóhannesson] telur sennilegt, að þar hafi verið kvíar frá Þeistareykjum, þótt ekki hafi hann séð merki þess." Aðhaldið er um 300 m vestur af suðvesturhorni Kvíhólafjalla, um 100 m norðan við slóðina sem liggur austur með fjöllum og er annar slóði af honum til norðurs að dyraopinu á aðhaldinu og þaðan áfram til norðurs. Lítil varða er hlaðin á klettabrún um 50 m suður af aðhaldinu og sést hún vel frá Þeistareykjavegi. Er það líklega sú varða sem skráð var af Fornleifastofnun Íslands 2007 undir númerinu 063. Aðhaldið er hlaðið í kringum hvamm sem myndast af nokkrum klettaborgum. Í kring er lyngmói - gróið hraun - en innan gerðisins hefur myndast grasblettur.



Kvíhólsaðhald SP-250x:018 séð úr norðri

Grjóthlaðið aðhald, um 46 x 42 m að stærð og snýr það austur-vestur. Það er víðast 4-5 umför og 1-1,5 m á hæð. Það er hlaðið í óreglulegan hring á milli hraunbunga og er mjög mishæðótt innan þess. Hleðslan er samfelld utan dyraop á vesturhlið og á einum stað að suðaustanverðu er klettur í stað hleðslu er annars er hlaðið upp á klettana. Kvíhólaaðhald var hlaðið um 1940. Ekki getur talist líklegt að kvíar hafi verið í nágrenni Kvíhóla heldur mun nafnið myndað af því það myndast eins og kví milli hólanna og fjallanna austan við. Fornleifavernd ríkisins mældi aðhaldið upp árið 2008 undir númerinu 540.

Heimildir: Ö-Þeistareykjaafréttur, 7; Ö-Þeistareykir Viðb. Og aths., 4, 5

SP-250x:019 tóft rétt


592070 597763

Lítið aðhald er vestan undir Bæjarfjalli, um 20 m vestan við veginn að Þeistareykjum, 200 m norðan við efnisnámu sem er austan við þar sem vegurinn kvíslast og slóði liggur af aðalvegnum beint til norðurs út í hraunið. Undir fjallshlíð, á sléttlendi. Í kring er uppblástursgeiri með þéttri breiðu af hraungrýti í moldarflagi. Aðhaldið sjálft er gróið lyngi.

Aðhaldið er skeifulaga og opnast til suðurs. Það er 9 x 8 m að stærð. Það er hlaðið úr grjóti og rís hleðslan hæst á norðurhlið. Þar eru 4-5 umför, mesta hæð um 1 m. Hleðslan er um 1 m breið. Lítil kró, 1,5 x 1 m, er hlaðin við norðurveginn að innan. Austur- og vesturveggir eru



Aðhald SP-250x:019, úr austri



Rétt SP-250x:019


mun lægri og sá vestari alveg gróinn. Frá suðurenda hans liggur grjótdreif til austurs sem gætu verið leifar af suðurvegg. Indriði Ketilsson, heimildamaður, telur að þetta geti hafa verið hlaðið sem skjól fyrir hesta en hestar voru látnir ganga úti á Þeistareykjum á seinni hluta 19. aldar. Fornleifavernd ríkisins mældi gerðið upp árið 2008 undir númerinu 543.

SP-250x:020 brunnur

593055 599370

"Nú eru þar [á Þeistareykjum] engin mannvirki utan brunnur, sem var og er enn í varpanum, hlaðinn innan með hraungrjóti, annars allt jafnað við jörðu." segir í örnefnalýsingu. "... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim," segir í bókinni Ódáðahraun. Brunnurinn er tæplega 30 m NNV af bæjarhólnum og er tóft 022 á milli. Brunnurinn er í dæld neðan undir bæjarhól - í túni sem á þessum stað er dældótt með djúhvompum og hraukum á milli. Óljóst er hvað af því er mangert og hvað náttúrulegt. Dý eru ofan við brunninn að austan.

Brunnurinn er sporöskjulaga, tæplega 1 m frá norðvestri til suðausturs og um 0,6 m frá suðvestri til norðausturs. Hann er grafinn inn í brekku að sunnan. Hann er grjóthlaðinn að innan en torfi



Hleðsla um brunn SP-250x:020

hefur verið hlaðið ofan á og í kring. Á VNV hlið hefur hleðslan verið rofin og þar er dý framan við þar sem skepnur hafa sótt í brunninn. Þar er grjótdreif framan við en spýtnabrak er einnig til hliðar sem gætu verið leifar af hlemmi. Lítilsháttar varmi er í vatninu, sem er á að giska 15-20° heitt. Fornleifavernd ríkisins mældi upp brunninn árið 2008 undir númerinu 502.

Heimildir:Ö-Þeistareykir viðb, 1; Ódáðahraun I, 39.

SP-250x:021_01 *Mórahellir* hellir útilegumannabústaður

593378 599758

Mórahellir "Er á sléttri grundinni suðvestur frá Kömbum. Talið er, að þar hafi hafst við sakamaður vetrarlangt eða meir. Ótrúlegt tel ég það. Þó sést þar upphlaðinn grjótbálgur, sem rúmplet. Margar sagnir eru um Þeistareykja-Móra og reimleikana þar allt fram á þessa daga." segir í örnefnalýsingu. Í annari lýsingu kemur fram að hellirinn sé norðarlega á Þeistareykjagrundum, litlu norðar en þar sem Grófin úr Bóndhólsskarði endar. Mórahellir 021_01 er norðaustan við Þeistareykjatún, um 500 m NNA af núverandi sæluhúsi og um 70 m vestan við brúnina á hrauninu sem kemur úr Bóndhólsskarði. Auk hellisins er skráð



Mórahellir SP -250x:021_01 og varða 021_02, úr NNA

lítill varða 021_02 sem er 3 m vestan við hellisopið. Lyngmói á uppgrónu helluhrauni, í sléttum hvammi sem yngra hraun (þó einnig gróið) myndar austan við.

Hellirinn liggur til austurs frá opinu. Hellisgólfið er um 2 m undir yfirborði og er farið beint niður í hellinn að ofan - nokkrir steinar eru í veggnum við opið sem líklegt er að hafi verið lagaðir til af mönnum til að auðvelda niður- og uppgöngu. Hellisþakið slútir niður við opið en þegar inn fyrir er komið rís það í um 1,7 m hæð. Hellirinn er aflangur frá austri til vesturs og er hlaðinn bálgur norðanmeginn, um 3 m langur og um 0,5 m hár. Þar ofan við er slétt fleti. Hellisbotninn er slétt moldargólf. Aðalhellirinn er um 5 x 4 m að stærð en liggur mun lengra til vesturs en þar er hann svo lágur að ekki sést hvar hann endar ljóslaust. Norðvesturhlið og suðurhlið eru nærri lóðréttar. Kristján Jóhannesson segir svo frá í Árbók Þingeyinga 1980: "Sögur herma að eitt sinn hafi sakamaður falist á Þeistareykjum vetrarlangt, ekki samt í gangnamannakofa eða bæjarhúsum heldur í helli sem er yst í Þeistareykjagrundum. Ekki hef ég heyrt nafn þessa manns en í þjóðsögunum er hann kallaður Þeistareykjamóri og afturgenginn birtist hann sem móraður hundur og er talið að hann hafi oft glettst við fólk bæði úti og inni á Þeistareykjum. Hellir sá er Móri á að hafa falist í heitir síðan Mórahellir. Þegar ég var unglingur [1905-10] kom ég fyrst í Mórahelli að vorlagi. Hann er í sléttri grund og sést ekki fyrr en komið er að opinu sem er slétt við grundina, og um metri í þvermál. Þá lá úti fyrir opinu stór hraunhella brotin í tvennt, átti hún að hafa verið notuð til að loka hellinum. Þegar inn í hellinn kom er þar hlaðinn grjótbálgur úr hraungrjóti, auðsjáanlega gerður af mannahöndum, á hæð við rúmstokk, og það grjót hefur þurft að flytja að, því ekki er grjót þar við, og átti þar að hafa verið rumbæli Móra, og hellirinn hefur verið kallaður Mórahellir í manna minnum. Fornleifavernd ríkisins mældi upp og skráði minjar á þessum stað 2008 undir númerinu 555.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaland, 8; Ö-Þeistareykjafréttur, 4; Árbók Þingeyinga 1980, 108-109.

SP-250x:021_02 varða samgöngubót

593375 599757

(4 steinar á hraunklöpp) sem er er 3 m vestan við hellisopið, og sést hún vel að en hellirinn sjálfur sést ekki fyrir en að er komið. Fornleifavernd ríkisins mældi vörðuna ekki upp árið 2008 þegar skráning var unnin á svæðinu.

SP-250x:022 tóft hlutverk óþekkt

593069 599363

Um 5 m norðan við bæjarhól 001, milli hans og brunnsins 020, er allstór rústahóll með tvískiptri tóft á. Hún er í túni, við bæjarhól, á samfelldu rústasvæði. Brunnur er skammt norðvestan við.

Hóllinn er 17 x 13 m að utanmáli, heldur lengri frá norðri til suðurs. Á honum eru tvær reglulegar dældir. Sú syðri snýr norður-suður og er 5 x 2 m að innanmáli. Hin snýr hornrétt á hana að norðan og er 7 x 2 m að innan. Norðan við vesturendann á henni er

dæld sem gæti verið lítil tóft eða leifar af eldri byggingu en þær eru greinilega undir því veggir eru allt að 5 m breiðir. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og var hún númer 501.



Tóft SP-250x:022

SP-250x:023 tóft hlutverk óþekkt

593101 599386

Tæpum 20 m austan við tóft 022 og um 20 m norðaustan við bæjarhól 001 er hólhrúgald fast við veginn frá Þeistareykjum til norðurs og liggur hann yfir það. Austan við veginn er tóft og hefur hann skemmt vesturhlið hennar. Hún er á sama hól og vegurinn og er þetta allt sami minjastaðurinn sem vegurinn liggur yfir. Í túni skammt frá bæjarhól - malarborinn vegur liggur yfir rústirnar.

Tóftin sem er fast austan við veginn er ferköntuð, 6 x 6 m að utan, en ekki alveg hornrétt.

Vegurinn er 4 m breiður og hrúgaldið vestan við 7x7 m að stærð. Fast vestan við það er geil með djúpum en grónum hjólförum.

Vestan við þau er þúfnarimi sem

gæti tilheyrt þessum mannvirkjaleifum, sem þá hafa verið skemmdar af tveimur kynslóðum af bílvegum á Þeistareykjum. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp undir númerinu 505 þegar hún vann skráningu á svæðinu 2008 en ekki voru mæld upp ummerki vestan við veginn.

SP-250x:024 tóft hlutverk óþekkt

593107 599405

Um 1 m norðaustan við norðausturendann á 023 er önnur tóft sem liggur samsíða veginum norður frá Þeistareykjum. Í túni en mýrarblettur er austan við tóftina og malarborinn vegur fast vestan við. Hann hefur þó ekki skemmt þessa tóft.

Tóftin er aflöng og um 24 x 8-9 m stórnema í norðurendann þar sem hún er 10 m breið.




Þar hefur minni tóft, 12 x 8 m verið byggð ofan í stóru tóftina og er mögulegt að eldra hús þar undir hafi snúið þvert á hitt. Veggir eru um 2 m breiðir og byrjaðir að hlaupa í þúfur. Hleðsluhæð er 1,1 m í yngri tóftinni en 0,6 m í þeirri eldri. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og er hún númer 504 í skráningu hennar.

SP-250x:025 tóft hlutverk óþekkt

593119 599382


Tóftin er um 10 m suðaustan við austurhorn tóftar 023 og um 10 m austur af veginum norður frá Þeistareykjum. Hún er um 20 m austur af suðurhluta bæjarhóls 001. Tóftin er í túni.

Tóftin er um 7 x 6 m að stærð en hún er á hól sem er alls 14 x 6 m stór og gæti verið uppsöfnun að hluta. Ekki er greinilegur suðvestur- eða norðvesturveggur í suðvesturhlutanum en hóllinn snýr VSV-ANA. Hleðsluhæð er 1 m í tóftinni og er hún alldjúp í austurendanum. Breidd veggja er um 1 m. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og mældi þá einnig upp svólitið svæði suðvestur af henni sem líklega er hluti af umræddum hólí. Í skráningu hennar hefur tóftin númerið 507.



Lykill

- Uppmælingar Fornleifaverndar ríkisins
- Uppþeiknað af loftmyndum/eldri teikningum
- Staðsetningarhnit



Tóftir SP-250x:025 og 026

SP-250x:026 tóft hlutverk óþekkt

593126 599370

Lítill tóft er um 7 m sunnan við 025 og um 13 m austan við veginn norður frá Þeistareykjum. Hún er um 20 m austan við bæjarhólinn 001. Tóftin er í túni.


Tóftin er 11 x 7 m að stærð og er tvískipt. Hún snýr austur-vestur og er vestara hólfið mjórara og óskýrara. Tóftin er sýnu sokknari en 025 og greinilega eldri. Breidd veggja er 1,5-2 m. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og hefur hún númerið 509 í skráningarkerfi stofnunarinnar.

SP-250x:027 tóft hlutverk óþekkt

593142 599387

Tóft er um 15 m ANA við tóft 026 og 12 m ASA við tóft 025. Hún er um 50 m austan við norðurhlið bæjarhólsins 001. Tóftin er í túni.

Tóftin er 15 x 7 m stór, aflöng og snýr VSV-ANA. Stærra hólfið er suðaustar og er op á því sunnarlega á vesturgafli. Í austurenda er smáhólf eða kró sem er 3,5 x 3 m að utanmáli. Gólf króarinnar er einnig feti herra. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin gegndi en lag hennar gæti bent til þess að hún hafi verið kvíar eða stekkur. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 undir númerinu 508.

**SP-250x:028_01** tóft hlutverk óþekkt

593161 599409

Um 3 m norðaustan við norðausturhlið tóftar 027 eru 2-3 stórar tóftir. Þær eru um 65 m NNA við bæjarhólinn 001. Rústahóllinn er alls 38 x 9 m stór. Hann snýr norðaustur-suðvestur. Á honum eru þrjár tóftir og eru tvær þeirra stærri samtengdar. Hóllinn, nyrðri tóftirnar tvær eru hér skráðar undir númerinu 028_01 en sú syðri, sem er stakstæð númerinu 028-02. Tóftin er í túni og stendur heldur herra en tóftirnar 023-027 sem eru nær bæjarhólunum.

Um 1 m norðan við tóft 028_02 er stæðileg tóft sem er 13 x 9 m að stærð og snýr NNA-SSA. Veggir hennar eru víðast meir en 2 m breiðir. Dyr hafa verið á vesturgafli. Austan við hana er 6 m breiður bálkur þar sem ekki sést til tóftarlags en virðist þó samfellt svæði en þar austan við er önnur 13 m löng tóft en hún er sýnu breiðari en hin, eða 4 m að innan, og gæti verið að hluta niðurgráfin. Suðurveggur hennar er aðeins um 0,5 m breiður en norðurhliðin er mjög breið og hleðslur sprungnar. Grjóthrúga er utan við austurhorn miðtóftarinnar en ekki er greinilegt hvort grjótið er úr vegghleðslu.



Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 undir númerinu 510.

SP-250x:028_02 tóft hlutverk óþekkt
Suðvestast á rústabungu 028_01 er einföld, stakstæð tóft. Hún snýr norðvestur-suðaustur, þvert á stærri tóftirnar tvær sem eru norðaustar. Tóftin er 6 x 5 m stór og er einföld en op hefur líkast til verið á henni nyrst á norðvesturvegg, Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hún var mæld sem þúst en ekki sýnt tóftarlag og er uppmælingin númer 510 í kerfi þeirra.

593152 599395




Tóft SP-250x:028. Ljósmynd Inga Sóley Kristjönudóttir/Fornleifavernd ríkisins

SP-250x:029 tóft hlutverk óþekkt
Tóft er rúnum 20 m ASA af tóft 028 og um 100 m beint austur af bæjarhólnum 001. Hún er sú austasta í túninu og ber herra en hinar. Hún er um 200 m norður af núverandi sæluhúsi. Tóftin er í túni. Suðaustan við gengur þúfnarimi niður hlíðina og nær alveg að tóftinni.

593189 599400

Tóftin skiptist í fjögur hólfg og er alls 18 x 13 m stór. Stærsta hólfið er 11 x 3 m að innan og snýr norðaustur-suðvestur. Við suðurhorn hennar er 4 x 4 m hólfg og vex lyng á þeim hluta og gæti hann því verið eldri. Við norðurhorn stóra hólfsins er 3 x 3 m hólfg og innangengt á milli. Við suðvesturenda stóra hólfsins er svo síðasta og minnsta hólfið, 3 x 1 m. Syðsti hluti tóftarinnar er allur mjög sprunginn í þúfur.

Veggjaþykkt víðast um 1,5 m. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina árið 2008 og er hún númer 511 í skráningarkerfi þeirra. Samkvæmt uppmælingunni er op á norðurvegg hennar enn ekki voru mæld upp óljósari ummerki sunnan við tóft.




Tóft SP-250x:029

SP-250x:030 tóft hlutverk óþekkt

593150 599480

Tóft er um 55 m NNV af tóft 028 og 73 m austur af veginum norður frá Þeistareykjum. Hún er um 140 m NNA við bæjarhólinn 001. Tóftin á sléttu harðbalatúni.

Tóftin er 5 x 4 m stór og er einföld og ferhyrnd. Hún snýr suðvestur-norðaustur með dyr á suðvesturhlíð. Veggir eru brattir að utan þó þeir séu hvergi meir en 0,7 m háir. Fast austan við eru hvompur sem gætu verið dauðir hverir. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 og er hún númer 512 í skráningarkerfi hennar.

*Tóft SP-250x:030***SP-250x:031** tóft hlutverk óþekkt

593090 599499

Um 60 m VNV af 030 er tóft. Hún er 24 m austan við veginn norður frá Þeistareykjum og um 145 m norðan við bæjarhól Þeistareykja 001. Tóftin er á sléttu harðbalatúni.

Tóftin er 8 x 3.5 m stór. Hún er aflöng, snýr norðaustur-suðvestur og virðist hafa haft dyr á suðvesturgafli þó ekki sé það augljóst. Tóftin virðist einföld en hugsanlega er afstúkað hól í norðausturenda. Veggir eru um 1 m breiðir. Hvompur eru sunnan við sem gætu verið dauðir hverir. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 en talsverður munur er á tóftateikningu frá 2001 og uppmælingu Fornleifaverndar (minjastaður 513) án þess að ljóst sé hverju sætir.

*Tóft SP-250x:031***SP-250x:032_01** tóft hlutverk óþekkt

593102 599299


Um 15 m sunnan við bæjarhólinn 001 er lítil tóft og þúst 032_01 og 032_02. Þær eru á austurbarmi grófarinnar sem kemur niður af hverasvæðinu vestan við sæluhúsin milli þessara tófta og 038. Þústin er norðvestar, 032-02 og fast við Þeistareykjaveg, þar sem slóðin heim að sæluhúsinu greinist frá aðalveginum. Tóftin sem er suðaustar 032_01 er um 3 m suðaustar. Í túni skammt ofan við bæjarhól, á grófarbakka. Malarborinn vegur liggur þétt við nyrðri tóftina og gæti hafa skemmt hana.

Syðri tóftin er sýnu greinilegri. Hún er einföld, 6 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á suðvesturgafli. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina ekki upp þegar hún skráði á þessum slóðum 2008. Breidd veggja er 1,5 m og hleðsluhæð 0,7 m.

SP-250x:032_02 þúst hlutverk óþekkt

593096 599306

Um 3 m norðvestan við tóft 032_01 er þúst sem gæti hafa skemmst við vegarlagningu. Hún er 7 x 6 m að utanmáli. Fornleifavernd ríkisins mældi þústina ekki upp árið 2008 þegar minjar á þessum slóðum voru skráðar.



Tóft og þúst SP-250x:032_01 og 02


SP-250x:033_01 tóftir hlutverk óþekkt

593115 599332

Fast austan við veginn sem liggur meðfram bæjarhólnum 001 að austan eru talsverð ummerki. Þar er greinileg stór tóft sem liggur samsíða veginum um 2 m frá honum 032_01 en skammt norðan við hana er önnur tóft sem liggur til austurs og snýr þvert á þá fyrnefndu 033_02 að auki voru ummerki skammt austan við tóftina 033_03. Tóftirnar eru í framhaldi af bæjarhólnum, austan vegar. Þær eru í túni, fast við bæjarhól og er tóftin á hæð eða rústabungu sem líta má á sem framhald bæjarhólsins til austurs. Bíslóðir eru fast vestan og suðvestan við tóftina.

Stærsta tóftin 033_01 er tvískipt og samtals um 27 x 7 m stór. Hún snýr því sem næst norður-suður. Ekki er greinilegt op á hana en garðlag virðist ganga til suðurs í framhaldi af austurvegg.

Fornleifavernd ríkisins mældi minjar á þessum slóðum upp árið 2008 undir númerunum 494 en þá virðist aðeins austurveggur hafa verið vel greinilegur.



Tóftir og þúst SP-250x:033_01, 02 og 03

SP-250x:033_02 tóft hlutverk óþekkt

593125 599341

Við norðausturhorn tóftar 033_01 gengur önnur tóft 033_02 til austurs og myndar krapt horn við hina, Tóftin er 10 x 6 m að stærð og virðist einföld. Op hefur líklega verið á vesturgafli. Suður af austurenda hennar eru þúfnaklasar sem gætu verið vísbendingar um mannvirkjaleifar. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp 2008 undir númerinu 493.

SP-250X:033_03 þúst hlutverk óþekkt

593123 599325


Austan við suðurenda tóftar 033_01 er skeifulaga hvirfing sem gæti verið örsmá tóft eða gróin hverahola. Hún er 2 x 2 m að stærð. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki upp minjarnar þegar svæðið var skráð 2008.

SP-250x:034 gerði hlutverk óþekkt

593157 599341

Um 25 m austur af austurenda tóftar 033 og um 60 m ASA af bæjarhól 001 er lítið hringlaga gerði. Það er um 50 m suðvestur af 029. Gerðið er í túni.

Gerðið er nokkurnveginn hringlaga og 13x12 m að utanmáli. Rof hefur verið í veggjum og afmyndað þá - en það er nú gróið. Breidd veggja er um 1,5 m. Op hefur verið á suðurhlíð. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn ekki þegar svæðið var skráð 2008.


**SP-250x:035** tóft hlutverk óþekkt

593155 599310

Tóft er um 25 m SSV við gerði 034 og 17 m austan við slóðina upp að sæluhúsinu á Þeistareykjum. Tóftin er í túni, neðst í brekkunni sem nær niður að bæjarhól.

Tóftin er aflöng og 14 x 6 m stór. Hún snýr austurvestur og er með opi vestast á suðurlangvegg. Austast gæti verið lítið hólf eða leifar af eldri byggingu en vesturgafli er tvöfaldur og minnir mjög á tóft 010. Veggir eru um 1.2 m á breidd.

Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp 2008 undir númerinu 492.



SP-250x:036 tóft hlutverk óþekkt

593181 599278

Tóft er tæpum 30 m sunnan við tóft 035 og 5 m austan við slóðina að sæluhúsinu á Þeistareykjum. Hún er nærri miðja veginni milli sæluhússins og bæjarhólsins. Tóftin er í túni, í aflíðandi brekku sem nær frá fjallsrótum niður að bæjarhól.

Tóftin er nærri þríhyrningslaga, alls 9 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr eru ekki greinilegar. Breidd veggja er 1,5-2 m. Hún er mjög sokkin og afmynduð en veggir þó skýrir að utan. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki upp tóftina þegar hún skráði svæðið 2008.




Tóft SP-250x:036

SP-250x:037 tóft hlutverk óþekkt

593318 599196

Um 70 m ofan við núverandi sæluhús á Þeistareykjum er tóft. Hún er í skarði í grónum hrygg sem liggur niður hlíðina á átt að sæluhúsinu. Tóftin er um 280 m suðaustan við bæjarhól Þeistareykja 001. Tóftin er efst á vallendisgrundum ofan við tún Þeistareykja. Hveragil er um 100 m vestan við og einnig eru hverasvæði skammt ofan við.

Á þessum stað er einföld tóft, 4 x 3 m að stærð. Hún snýr þvert á brekkuna eða austur-vestur. Dyr eru ekki sýnilegar og veggir eru beinir og reglulegir. Fornleifavernd ríkisins mældi ekki tóftina upp þegar starfsmenn hennar skráðu svæðið 2008.




Tóft SP-250x:037

SP-250x:038 tóft fjárhús

593077 599277

Fjárhústóft er tæpum 40 m suðvestan við gatnamótin þar sem slóðin heim að sæluhúsinu á Þeistareykjum greinist frá aðalveginum er tóft. Hún er á vesturbarmi grófarinnar sem liggur frá hverasvæðinu vestan við sæluhúsið, um 42 m austur af tóft 039 og um 55 m suðvestur af bæjarhól 001. Tóftin er í túni, neðst í aflíðandi brekku sem er sundurskorin af hveragrófum.

Tóftin er 12 x 10 m að stærð og snýr VNV-ASA. Vestar eru fjárhús en að austan hlaða eða heystæði og snýr það þvert á. Grjót sést í veggjum sem standa í um 1,3 m hæð. Greina má garða eftir miðju húsinu en hvergi sjást merki um dyr. Veggir eru allt að 2 m breiðir. Þetta hús og 039 eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatúni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 undir númerinu 517.




Tóft SP-250x:038

SP-250x:039 tóft hesthús

593042 599247

Tóft er rúmum 40 m vestan við tóft 038 og 25 m sunnan við veginn að Þeistareykjum. Hún er á barmi grófar sem liggur til norðvesturs frá hverasvæðinu ofan við sæluhúsin. Tóftin er um 85 m SSV við bæjarhól Þeistareykja. Í túni, neðst í brekku og á brún hveragrófar.

Tóftin er 8 x 8 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og op er norðaustast á norðvesturvegg. Tóftin er grjóthlaðin en að mestu er gróið yfir hleðslurnar. Veggir eru um 1,5 m breiðir. Þetta hús og 038 eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatúni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2008 undir númerinu 518.



Tóft SP-250x:039

SP-250x:040 garðlag túngarður

593267 599570

Garðlag er tæpum 60 m norðaustur af austurenda garðlags 041. Vesturendi þess er 25 m suðvestur af norðurenda grófarinnar úr Bónðhólsskarði. Við vesturenda garðsins liggja fjölmargar reiðgötur til norðausturs og við austurenda hans er bíslóði þvert á hann sem liggur frá sæluhúsi og áfram til norðausturs meðfram Ketilfjalli. Garðlagið er líklegast hluti af túngaðri. Hún er á sléttum harðbala en vallendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar.

Garðurinn er hlykkjóttur, alls 70 m langur. Hann er mun lægri og ógreinilegri en 041, víðast um 3 m breiður og algerlega sprunginn í þúfur. Stefna þessa garðlags er önnur en 041 og geta þau ekki verið hlutar af sama túngaðri. Þessi er greinilega eldri og hefur afgirt heldur stærra tún en 041. Fornleifavernd ríkisins mældi garðinn upp 2008 undir númerinu 516.

SP-250x:041 garðlag túngarður

593174 599570

Garðlag er um 100 m NNA af tóft 030. Garðlagið snýr austur-vestur og er líklega hluti af túngarði. Á sléttum harðbala en vallendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar.


Garðurinn er hlykkjóttur, alls 55 m langur og um 1,5 m breiður. Stefna þessa garðlags er önnur en 040 og geta þau ekki verið hlutar af sama túngarði. Þessi er greinilega yngri og hefur afgirt heldur minna tún en 040. Fornleifavernd ríkisins mældi upp garðlagið árið 2008 undir númerinu 515.

SP-250x:042 gripir

1713: "Þá fannst af grasafólki fram á fjalli millum Þeistareykja og Reykjahlíðar nokkurt fé í jörð, bæði af járn, látúni og kopar, í Þingeyjarsýslu." Sjávarborgarannáll. 23. júlí 1714 var á alþingi auglýst lýsing sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Benedikts Þorsteinssonar "á fundnum fémunum á eyði-fjalli millum Þesta-reykjar, Múla-kirkju-jarðar, og Reykja-hlíðar, bónda-jarðar, um sumarið 1713, en sýslumanninum afhent í næstliðnum Apríli 1714. Sem er þetta eftirskrifað: 2 koparhanar, stykki af klukku, að vigt ei minna en 2 merkur, eitt tin-skerborð, 2 hval-tennur, nokkrir smáir látúns knappar með tini undir, aðskiljanlegt kopar-rusl og eir-klippur, að vigt ei minna en 2 merkur, látúns hringja ein með laufi og sviptum, ryðguð bak-löm af kistu, lás-brot og járn-loka, þetta allt ryðgað, virt af 6 mönnum 30 al. Óskar nú sýslumaðurinn úrlausnar á því, hvört hann skuli af áðurnefndu góðtzi reikning standa, sem af öðru óvissu kongl. Majst. intresse, eður hvört eignarmaður þeirrar jarðar, í hvörrar landi þetta áðurskrifað fundizt hefur, skuli þar nokkurs afnjóta. Hér uppá er lögmanna svar, að svo framt enginn eignarmaður fyrteðs góðtz finnist innan löglegs tíma, þá viti sýslumaðurinn, hvað lögmálið skipar um soddan hluti, nær hann hefur hið ýtrasta rannsakað um þetta fundna góðtz." Alþingisbók 1714. Á alþingi 1716 var málið enn til meðferðar og voru þá þeir sem grunaðir voru um óleyfilega meðferð hinna fundna fémunu lýstir saklausir, en dæmdir til að gjalda 10 aura til fátækra fyrir að hafa dregið að segja frá fundinum. Á alþingi 1716 voru lesnir upp þrjár processar ummálið: frá 18. júní 1714, 28. júní 1714 og frá 27. september 1714 á Helgastaðarþingi. Fornleifavernd ríkisins skráði ekki staðinn árið 2008.

Heimildir:IA IV, 327; AÍ X, 186-87; 243-44.

"Mælifell nefnist einstakt fell, nokkuð hátt, en lítið að ummáli, um 5 km norðaustur af Þeistareykjum. Milli Mælifells og Lambafjalla, eru ærnir hagar, sem nefnast Mælifellshagar. Hagarnir teygjast bæði norður og suður vestan við fellid. Vestur frá fellinu eru vallgrónar tættur, sem nefnast Reykjasel. ... Varla verður Mælifell staðsett annarsstaðar en þar, sem nú er nefnt Reykjasel. Þar eru nógir sauðahagar, þótt eyðisandar séu í kring og hamraklungur Lambafjalla. Vel



Tóftir Mælifells SP-250x:043_01-08 uppmældar til vinstri en teikning úr skráningu 2006 til hægri og þar eru mínjar sem tilheyra eldra byggingarstigi grálitaðar en mínjar sem tilheyra yngra byggingarstigi svartlitaðar

gætu engjar hafa blásið. Þarna er eitt af þeim fáu öruggu vatnsbólum, er finnast þar eystra," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. "Sé nú haldið áfram norður með Lambafjöllum að austan, tekur næst við Skeiðin til vinstri og Reykjasel norðanvert við hana ... Til hægri handar er svo Mælifell ..." - "Reykjasel: Þar var haft í seli frá fornöld frá Reykjum í Reykjahverfi. Þar er bæði fagurt og landgott og Mælifellshagar eru þar í grennd, en þar er fjölmargt fé að sumri og í haustgöngum," segir í örnefnalýsingu. "Í vestur frá frá Mælifelli er tjörn austan við Reykjasel. Selið hefur verið sett þarna vegna vatnsins," segir í annarri, og ennfremur: "Reykjasel er suðvestur af Mælifelli. Þar var selstaða frá Reykjum í Reykjahverfi,". Múlakirkja átti Mælifell skv. máldögum frá 14. og 15. öld og er þess síðast getið 1525. Í sölubréfi fyrir Reyki í Reykjahverfi frá 1544 eru Reykir taldir eiga Mælifellsahaga " utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju milli tveggja garða." DI XI, 344. Þá hefur býlið væntanlega verið komið í eyði (og mögulega miklu fyrr) en þess er ekki getið í yngri heimildum um Múlakirkju. Í JÁM er það orðað svo að Reykir eigi selför milli tveggja garða í Mælifellshögum og er það sennilegra orðalag – Samkvæmt Byggðum og Búum í Suður-

Þingeyjarsýslu eru sagnir um að býli þetta hafi verið "í Þeistareykjalandi, vestur við Lambafjöll, þar sem síðar var haft í seli frá Reykjum og nefnist nú Reykjasel." - Þetta gæti vel staðist sbr. ítak Reykja í Mælifellshögum. Rústirnir eru um 500 m vestan við suðurendann á Mælifelli, norðvestan við Skeiðina, austast á harðalendisbala neðan (norðan) við tvö gil (það eystra mun grynna) sem liggja til norðurs niður fjallshlíð Kistufjalls. Tóftirnar eru vestanundir lágum klettavegg og sjást því ekki að austan fyrr en komið er fram á brúnina. Þær eru um 5.4 km VNV við Þeistareyki. Á þessum stað eru skráðar 7-8 tóftir og fá þær allar númer í lýsingu þessari. Rústasvæðið er samanlagt um 240 x 40 m stórt og snýr norður- suður.

Rústirnir eru á bakka gróinnar geilar sem myndast af gömlu hraunkanti (misgengi) að austan. Ofantil í geilinni seytlar vatn og er smápollur þar á móts við miðju rústasvæðisins. Efstu rústirnir eru í aflíðandi lyngmóabrekkum en þær þrjár neðstu niðri á snögggrónum harðlendisbala. Þar er vallendisgróður en mjög lítils vaxtar og mikill mosi í grasrótinni. Sumstaðar líka lyng.



Tóft SP-250x:043_01. Ljósmynd til vinstri er tekin úr norðvestri

Balinn er upp undir 200 m breiður á móts við nyrstu rústirnar en mjókkar síðan til norðurs en teygist langt í þá átt meðfram klettaveggnum sem verður hærri og skarpari eftir því sem norðar dregur. Norðaustan við bæjarstæðið er lítil seftjörn og austan við það tvær litlar tjarnir.

Á bæjarsetæðinu eru sjö rústir, í beinni röð meðfram geilinni og er aðeins ein tóft uran við hana. Tóftirnar eru greinilega misgamlar og eru misgömul byggingarstig sýnileg í a.m.k. fjórum.


Hér hefst lýsingin syðst á svæðinu, á tóft 043_01 en þó má geta að í skráningu Fornleifastofnunar frá 2001 virðist teiknuð ein tóft (043_08) spottakorn sunnan við hana. Tóftin er samtals 28 x 19 m stór en ekki virðast allar þær mannvistarleifar sem sjást á yfirborði vera merki um sama byggingarstig. Samkvæmt teikningu þeirir sem gerð var þegar Fornleifastofnun skráði tóftirnar mætti ætla að yngsta byggingarstigið væri tví- eða þrískipt tóft sem væri um 12 x 12 m að stærð en eldri minjar liggja undan tóftinni til suðurs og vesturs. Sunnan við hana má greina langt hólfið, opið til suðurs og annað einfalt og langt hólfið er vestan hennar, einnig opið til suðurs en bæði eiga það sameiginlegt að virðast eldra byggingarstig en sá hluti tóftarinnar sem hæst ber. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.

Heimildir: LP I, 327-28; Ö-Þeistareykjaland, 1, 7; Ö-Þeistareykjafréttur, 8, 11; DI XI, 344; JÁM XI, 246; BBSÞ, 519.

SP-250x:043_02 tóft hlutverk óþekkt

587817 600667

Tóft 043_02 er samtals 18.5 x 9 m stór og snýr austur-vestur. Líkt og um tóft 043_01 eru greinileg a.m.k. tvö byggingarstig í tóftinni. Allra austast er lítil og einföld tóft sem er tæpir 6 x 6




Tóft SP-250x:043_02. Ljósmynd til vinstri er tekin úr austri

m að stærð og með opi austast á suðurvegg en til vesturs frá henni má sjá tóftaleifar sem greinilega eru eldri og eru 13 x 9 m að stærð og snúa austur-vestur. Hugsanlegt er að tóftin hafi skipst upp í tvö hólf. Op er á henni allra austast á suðurvegg. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.


SP-250x:043_03 tóft hlutverk óþekkt

587802 600692




Tóft SP-250x:043_03. Ljósmynd til vinstri er tekin úr suðri

Tóft 043_03 er um 17 m NNV við tóft 043_02. Í henni eru ekki augljós ummerki um yngri byggingarstig líkt og í mörgum hinna tóftanna á svæðinu. Hún er um 12-13 m á kant og hefur líklega skipst í tvö hólf (er L-laga að innanverðu). Op er á austurhlíð hennar. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.



Tóft SP-250x:043_05. Ljósmynd til vinstri er tekin úr suðri

Tóft 043_04 er um 11 m austan við tóft 043_03. Hún er 19.5 x 10.5 m stór og snýr norður-suður. Hún er nokkuð margskipt og skiptist í 4-5 hólf. Undan tóftinni austanverðri er veggjarbrot eða hryggur sem virðist merki um eldra búsetustig. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.




Tóft SP-250x:043_05. Ljósmynd til vinstri er tekin úr norðaustri

Tóft 043_05 er um 60 m norðan við tóft 043_04. Hún er 20.5 x 13 m stór og snýr norður suður. Svo virðist að mest af tóftinni sé frá eldra byggingarstigi á svæðinu og hefur sú tóft væntanlega skipst í 4-5 hólf en ofan í þær minjar er byggð stök tóft eða einfalt hólf sem er einfalt 4-5 m á kant og með opi á miðjum suðurvegg. Svólítill helðsla er bæði fast sunann við tóftina og vestan við vesturvegg hennar. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.

SP-250x:043_06 tóft hlutverk óþekkt

587818 600810




Tóft SP-250x:043_06. Ljósmynd til vinstri er tekin úr vestri

Um 25 m norðan við tóft 043_05 er önnur tóft 043_06. Hún er 15 x 10.5 m að stærð og ólíkt flestum öðrum tóftum á þessu svæði snýr hún austur-vestur. Tóftin er sigin og er líklega frá eldra byggingarstigi á svæðinu. Götur austan við svæðið liggja yfir austurenda hennar. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.

SP-250x:043_07 tóft stekkur

587816 600832



Tóft SP-250x:043_07. Á ljósmynd til vinstri er horft úr norðri

Nyrst á svæðinu og um 7 m norðan við tóft 043_06 er tvískipt tóft. Hún er 15.5 x 9 m stór og snýr norður-suður. Syðra hólfid er stærra og op er á miðjum suðurgafli þess. Ekkert op er greinilegt á minna hólfid. Tóftin tilheyrir yngsta byggingarstigi þessa staðar og gæti hafa verið stekkur. Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina 2008 en hennar er ekki getið í skýrslu og því er minjanúmer hjá stofnuninni ekki þekkt.

SP-250x:043_08 tóft hlutverk óþekkt

587839 600608

Allra syðst á tóftasvæðinu virðist hafa verið lítil tóft eða hleðsla samkvæmt uppdrætti af tóftasvæðinu sem gerður var við fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands 2006. Samkvæmt uppdrættinum mætti ætla að tóftin hafi verið lítil og einföld hugsanlega um 6-7 m á lengd en 4-5 m á breidd og hún hefur snúið austur-vestur. Tóftin var ekki mæld upp þegar Fornleifavernd ríkisins skráði svæðið 2008.



Tveir hólar eru norðaustan við Mælifell – sem sést lengst til vinstri – og hafa báðir verið kallaðir Skildingahóll en sá nyrðri (lengra til hægri) er merktur sem slíkur á kortum. Mynd tekin í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 2006

SP-250x:044 *Skildingahóll* örnefni

590654 603515

"... Hellumór ... Nær austur að neðsta gjávegg, sem ýmist er kallaður Skildingahólsveggur, Neðstiveggur eða Sæluhúsveggur ... Allir þessir veggir snúa móti vestri og er Skildingahóll spölkorn suður frá vestasta veggnum. Önnur sögn er um Skildingahól að maður úr Reykjahverfi hafi komið að þjófunum við hólinn er þeir voru að telja skildingana og þeir keyptu hann til að þegja yfir, en hann brugðist þeim," segir í örnefnalýsingu eftir Kristján Jóhannesson. Í annarri örnefnalýsingu eftir Ara Gíslason er þetta orðað svo: "Meðfram [Hellunum] að austanverðu er óslitinn, sléttur gjárveggur sunnan frá hrauni og norður á merki. Þessi veggur heitir Hellugjárveggur. Syðst á þessum gjárvegg eru tveir hólar. Sá nyrðri þeirra heitir Skildingahóll. Hann er keilumyndaður. Nafn sitt dregur hann af því, að eitt sinn voru þjófar að telja skildinga undir honum (sjá Grímu II, 41). Þessi hóll er norðaustur frá Mælifelli." Norðaustur af Mælifelli eru tveir hólar og virðast skrárnar ekki vera sammála um hvor þeirra sé Skildingahóll. Sá syðri er spölkorn suður frá þar sem veggnum sleppir, í móa rétt norðan við lítt gróið hraun, og virðist Kristján eiga við hann en hinn er uppi á gjárbarminum syðst, um 200 m norðan við fjárendann, og virðist Ari eiga við hann. Sá hóll er einnig kallaður Skildingahóll á landakortum. Nyrðri hóllinn um 1 km norðar. Hann er um 3 km norðvestur af Klifi og 4 km norðaustur af Reykjasesli 043. Nyrðri hóllinn er strýtumyndaður og hærri en sá syðri, sem er jafnari. Á milli þeirra eru nokkrir minni hólar sem ekki sjást eins langt að og hinir tveir. Í kringum nyrðri hólinn er stórþýfður lyngmói og gróið vel nema efstu 10 m sem eru einbert grjót. Gjárveggurinn er um 100 m vestan við nyrðri hólinn og neðan við hann lítið gróið helluhraun (Hellumór).

Peningum var stolið af Þorsteini ríka í Reykjalíð (d. 1828). "Morguninn eftir

peningastuldinn var maður úr Reykjaværvi að leita að ám á Reykjaheiði. Reið hann fram á tvo menn, sem voru að telja peninga sunnan í hól þessum. Hétu þeir honum afarkostum, ef hann segði frá því, er hann hefði séð, en buðu honum fé til að leyna því. Löngu síðar hafði þó maður þessi sagt frá, hvers hann hefði orðið var, og var þá farið að nefna hólinn Skildingahól." segir í Grímu. Þessi staður var ekki skráður af Fornleifavernd ríkisins þegar unnin var skráning 2008.

Heimildir: Ö-Þeistareykjaland, 2; Ö-Þeistareykjaafréttur, 8; Ódáðahraun I, 36; Gríma 11. hefti, 41; Gríma hin nýja II, 295-98.

SP-250x:045 *Draugagrundir* heimild um leið 598121 590548

"Norðan og norðaustan undir [Gæsafjöllum] eru grónar grundir ... Og liggur um þær fjöldi af gömlum götuslóðum," segir í bókinni Ódáðahraun. Draugagrundir eru norðan undir Gæsafjöllum. Reiðgötur sjást hvergi í flötum mounum, en vera má að Ólafur Jónsson hafi haft í huga reglulegar þúfnaraðir sem sjást á nokkrum stöðum norðanundir blásnum holtum, en það eru náttúrulegar myndanir. Við norðausturhorn Gæsafjalla má þó með góðum vilja sjá götupaldra Reykjahlíðarmegin merkjanna en þeir hverfa um leið er komið er norður fyrir merkin í Þeistareykjaland. Umræddar götur eru líklega hluti af lengri leið sem sýnd er á uppdrætti Íslands frá 1935 (sjá einnig fornleif 088 fyrir þann hluta leiðarinnar sem liggur norðar (vestan við Bæjarfjall og fornleif 123 fyrir þann hluta sem liggur austan fjallsins.

Norðan undir Gæsafjöllum eru vel grónir og mjög stórþýfðir lyngmóar - gróið hraun - og teygja þeir sig norður undir Einbúa. Að austanverðu hefur Gjástykkishraun frá 1975-80 runnið yfir grundirnar. Nafnið Draugagrundir virðist fyrst og fremst eiga við móana næst Gæsafjöllum en engin skýr skil eru á Draugagrundum og mounum vestan og norðan við.

Ólafur Jónsson telur vafalaust að göturnar séu frá þeim tíma er brennisteinsflutningar lágu þarna um örafín. "Draugagrundir eru algróið land. Ekki þekkir Kristján [Jóhannesson] neinar sagnir um þær," segir í örnefnaskrá. Draugasaga til skýringar á örnefninu er skráð með Reykjahlíðarlandi en grundirnar ná inn í það við norðausturhorn Gæsafjalla, undir SP-208:014. Þar er líka fjallað um náttstað leitarmanna á Draugagrundum og virðist hann geta hafa verið hvort sem er í landi Reykjahlíðar eða Þeistareykja. Staðurinn var ekki skráður af Fornleifavernd ríkisins 2008.

Heimildir: Ódáðahraun I, 48; Ö-Þeistareykir viðb, 5, Uppdráttur Íslands kort 82

SP-250x:046 gerði rétt 592362 601001

"Klif er, þar sem Þeistareykjahraun hefur runnið að Þeistareykjavegg. Í krika sunnan við Klifið sést fyrir mannvirkjum, sennilega fjárrétt," segir í örnefnalýsingu. Tæpum 1 km norðan við Þeistareykjaaðhald 056 er grjóthlaðin rétt syðst í Klifinu.


Réttin er undir um 30 m háum misgengisvegg með stórgrýtisurð neðan við að austan og úfnu hrauni að vestan. Sunnan við er valllendisrimi sem nær alveg að réttinni en lyngmóar - gróið hraun - sitthvorumegin við rimann. Lyngmóar eru einnig norðan við Klifið og ofan við



Rétt SP-250x:046, úr VSV

vegginn.

Tvískipt rétt hlaðin úr hraungrýti. Hún er 22 x 12 m stór. Hleðslan nær upp á hraunbrúnina að vestan og upp í stórgrýtisurðina að austan. Þeim megin eru hleðslurnar mjög hrundar en þær standa enn vel vestanmegin, 6-7 umför. Gengið hefur verið inn að sunnan. Minna hólfid er sunnar, 6 x 7 m að stærð, en hið stærra er þar inn (norður) af, 16 x 14 m að stærð. Ekki er skýrt op á milli hólfanna en milliveggurinn er mjög hrundur við jörð. Fornleifavernd ríkisins mældi minjarnar upp árið 2008 og er staðurinn númer 542 í kerfi hennar. Samkvæmt uppmælingu þeirra




Aðhald SP-250x:046

virðist vera lítið hólf eða tóft allra norðaustast í stærra hólfinu og er innanmál þess 2 x 1 m. Það snýr norður-suður og op er á því á suðurgaffli.

Heimildir: Ö-Þeistareykir viðb, 4

SP-250x:047 varða samgöngubót "Landið meðfram hrauninu frá Þeistareykjum og suður á merki kallast einu nafni Randir. Þó var á einum stað nokkuð herra land og nefndist það Háarönd. Þar var stór varða, sem leiðarvísir hvar bezt væri að fara yfir hraunið á hestum," segir í örnefnalýsingu. Um 2 km norðan við ristahlíðið á merkjum Þeistareykjalands er hólaröð austan við veginn sem liggur austur-vestur og væri Háarönd réttnefni á henni. Frá veginum sést lítið vörðutyppi 061, um 70 m austan við veginn, sunnanhalt á hólasvæðinu. Það er hlaðið á klöpp og virðist ekki gamalt. Um 200 m norðaustan við það er stór vörðugrunnur og mun það vera varða sú sem getið er um í lýsingunni. Um 100 m ANA við hana er annað vörðutyppi, algróið, líka á hraunklöpp.

592319 591177



Vörðugrunnur SP-250x:047, úr VSV

Vörðugrunnurinn er um 2 m í þvermál, hringlaga. Djúp gjóta er fast vestan við hann. Aðeins 1 umfar sést en stór grjótflekkur suðaustanvið vitnar um að þetta hefur verið stæðileg varða. Þessi staður er heldur sunnar en á móts við Hamraskarð en vörðurnar gætu vísað á leið yfir hraunið sem síðan hefði haldið áfram í gegnum skarðið og þaðan yfir eða fyrir suðurendann á Lambafjöllum. Varðan var ekki mæld upp í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

Heimildir: Ö-Þeistareykjaland, 4

SP-250x:048 varða landamerki "Síðast er svo bein lína úr suðausturhorni landsins vestur norðan Gæsafjalla um Draugagrundir í vörðu á Klappabrekku í Gusta," segir í örnefnalýsingu. Vörðutyppi er á suðurenda Klappabrekku, 1,27 km sunnan við hæsta hnjúkinn á brekkunni, skammt norðan við slóða sem liggur til vesturs af Þeistareykjavegi sunnan við Klappabrekku. Varðan er á berum mel. Stæðileg varða á þessum stað hefur sést vel langt að, bæði úr austri og vestri.

588574 588091



Varða SP-250x:048, úr suðri

Eitt umfar af stóru grjóti (<50 sm) á litlum klapparhól á miðjum melnum.

Smágrjót í kring en erfitt er að greina hvað hefur verið í vörðunni og hvað ekki því vörðugrjótið hefur verið rífið upp úr hólnum. Steinarnir sem enn standa eru þaktir svörtum skófum sem

bendir til að varðan sé ekki mjög ung. Á kortum eru merkin sýnd norðar en þar eru hvergi neinar vörður. Á háhnjúk Klappabrekku er engin varða en tvær steinahrúgur eru þar vestan undir hábungunni og er vír bundinn utanum aðra. Landmæingarör sem liggur laust austanundir bungunni bendir til að þarna hafi verið mælingapunktur. Varðan var ekki mæld upp í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaland, 5

SP-250x:049 *Reykjaheiðarvegur* heimild um leið 589788 608452

"Þau ráða úr svonefndu Gustaskarði norður á Jónsnípu á Höfuðreiðamúla og af honum á Sæluhúsmúla, sem er norðan við Reykjaheiðarveg," segir í örnefnalýsingu. Aðeins lítill hluti hinnar gömlu þjóðleiðar um Reykjaheiði hefur legið um Þeistareykjaland og hefur hún að líkindum verið á svipuðum slóðum og bíslóðin nú, neðan við Sæluhúsmúla.

Reykjaheiðarvegur er að mestu fjarri Þeistareykjum en á sumum eldri kortum virðast þær liggja um norðausturhorn jarðarinnar (götur Skarðagötur eru skráðar í Reykjahlíðarlandi undir númerinu SP-322:046). Engin ummerki sjást um gömlu leiðina neðan við múlann. Sem fyrr segir er leiðin ekki nema hugsanlega að örliðlu leyti í landi Þeistareykja. Sá hluti sem hefur hugsanlega legið inn í suðvesturhorn Þeistareykjalandsins lá svo annars vegar a) til norðurs í Kelduhverfi og hins vegar b) til norðvesturs til Húsavíkur. Leið a) má rekja af korti 81 í Uppdrætti Íslands frá 1935. Hún hefur legið til norðurs sunnan við Sæluhúsmúla og næstum beint til norðurs vestan við Þríhyrning en austan við Framfjöll og áfram til norðurs að Fjöllum í Kelduhverfi og fleiri bæjum. Leið b) liggur hins vegar til vesturs frá Sæluhúsamúla og áfram liggur frá má á korti 72 í Uppdráttum Íslands frá árinu 1933 sjá að vegurinn hefur legið um Grísatungur og áfram til vesturs og norðvesturs vestan við Höskuldsstaðavatn en greindist í tvennt nokkru norðan við vatnið og lá þá önnur leiðin beint til norðvesturs sunnan við Botnsvatn og til Húsavíkur en hin nokkru vestar eða um Saltvíkurhnjúka og Grásteinsheiði, og til Húsavíkur sunnan við Búðará. Leiðin var ekki skráð í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaafreittur, 1, Uppdráttur Íslands frá 1933-35, kort 72, 81 og 82

SP-250x:050 *Beinaklettur* örnefni 598578 609037

"Svo er línan [frá Rauðhól] í suðurenda á Lönguhlíð. Á henni er brún mót vestri, og svo er löng lína um Beinaklett í Eyjólfs hæð, en þar eru jafnframt sýslumerki ... Beinaklettur er nefndur hér fyrr á norðurmörkum landsins. Um hann eru hæðir, sem heita Beinaklettshæðir ..." segir í örnefnalýsingu. "Frá Sæluhúsi er bein línan að norðan á Rauðhól þaðan á suðurenda Lönguhlíð [svo] um Beinaklettshæðir á Eyjólfs hæð í Saudaklett. Beinaklettshæðir eru miðja vegu milli Eyjólfs hæðar og Lönguhlíðar." segir í örnefnalýsingu. "Norðurmerki Þeistareykjalands eru m.a. bein lína úr suðurenda Lönguhlíðar um Beinaklettshæðir í Eyjólfs hæð (áberandi hæð). Á þeirri leið eru ótal klettur í Beinaklettshæðum, og veit Kristján [Jóhannesson] ekki, hver er Beinaklettur, en bein lína ræður merkjum." segir í viðbótum við örnefnaskrá Þeistareykja.

Fjölmargir hraunhólar og klettur eru í Beinaklettshæðum og gætu margir þeirra borið nafnið með þrýði en eginn getur talist verulega sérstakur nema Eyjólfs hæð en Beinaklettur hefur verið talsvert vestar en hún. Sem landamerki kemur helst til greina harunhóll sem vírgirðingin liggur yfir, um 3,4 km austan við vörðuna á Lönguhlíð (052) og um 300 m austan við krossgötur þar sem slóði frá Þeistareykjum sker slóðina sem liggur norðan við merkin. Þessi hóll er í beinni línu milli vörðunnar og Eyjólfs hæðar og ber í milli þeirra. Staðurinn var ekki skráður í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaafreittur, 2; Ö-Þeistareykjaland, 3; Ö-Þeistareykir viðb, 7

SP-250x:051 Klif gata leið

592350 601004

"Þriðji veggurinn kallast Klifveggur eða Þeistareykjaveggur þar sem hann er næstur Þeistareykjum, og Þeistareykjahraunið hefur runnið alveg að honum og þar sem farið er yfir fast við vegginn á hestum kallast Klif," segir í örnefnalýsingu. "Milli hraunsins og [Þeistareykjaveggjar] er stórgrytt klif, sem nefnt er Þeistareykjaklif, eða vanalega stytt í Klif. En þegar komið er upp úr þessu Klifi, er komið á Grundirnar. Um þetta Klif liggur hin forna flutningaleið



Götur SP-250x:051 í Klifi,úr SSA

frá Þeistareykjum til Húsavíkur." Hraunið hefur runnið upp að Þeistareykjavegg á um 300 m kafla og þar liggja skýrir götutroðningar utan í hraunbrúninni. Engin leið fær hestum er upp vegginn á þessu svæði, en veggurinn endar um 300 m sunnan við Klifið og þar skammt frá er varða 092.

Geil milli hrauns að vestan og um 30 m hás misgengisveggjar að austan.

Skýrar götur liggja um Klifið og er þeim haldið við af sauðfé. Á Uppdrætti Íslands frá 1935 er framhald þessar leiðar teiknað áfram nærri því beint í norður framhá Rauðhóli nærri merkjum þar sem hann endaði í Bláskógarvegi í Kelduhverfi. Leiðin var skoðuð í kringum Klifið við skráningu 2006 en þaðan lá hún í sveig inn í heimatún Þeistareykja.. Leiðin var ekki mæld upp í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaland, 2; Ö-Þeistareykjafréttur, 9, Uppdráttur Íslands blað 82

SP-250x:052 varða landamerki

595214 608637

Vörðu á merkjum Þeistareykja og Kelduhverfis er getið víða í örnefnaskrá: "[landamerki að norðan] Frá Rauðhól í vörðu á suðurenda Lönguhlíðar. Úr Lönguhlíð bein lína í Beinaklettshæðir í Eyjólshæð." - "Langahlíð: Er löng hlíð frá norðri til suðurs. Merkin milli Þeistareykja og Kelduhverfis eru í vörðu, sem var á suðurenda Lönguhlíðar, er hún [þ.e. Hlíðin] því nær öll í Kelduhverfislandi ..." Sbr. "... Bein stefna í svonefndan Rauðhól, eða nánar til tekið í norðurenda hans. Þetta er ekki mjög áberandi hæð. Svo er línan þaðan í suðurenda á Lönguhlíð. Á henni er brún mót vestri, og vo er löng lína um Beinaklett ..." Austurhlíð Lönguhlíðar nær mun lengra



Varða SP-250x:052, úr norðri

til suðurs en sú vestari og á suðurendanum, um 180 m sunnan við vírgirðinguna er varðan. Hún sést vel frá slóðanum meðfram girðingunni. Varðan stendur á lágri klettabrún og eru lyngmóar í kring, svo langt sem augað eygir.

Varðan er nýleg, sem sést af því að flestir steinarnir í henni eru án skófa og að sement hefur verið sett á milli steinanna til að halda þeim saman. Hún er þó sennilega hlaðin upp úr eldri vörðu því talsvert er af grjóti í sverðinum í kring. Varðan er 8 umför, 1,5 m í þvermál og 1,2 m há. Varðan var ekki mæld upp í skráningu Fornleifavernd ríkisins árið 2008.

Heimildir:Ö-Þeistareykjaland, 6, 7; Ö-Þeistareykjafréttur, 2

SP-250x:053 varða samgöngubót

591825 590021

Tvær vörður eru á hraunhellu, sem sendur upp úr móanum, um 35 m vestan við Þeistareykjaveg og um 1 km norðan við ristahliðið á suðurmerkjum Þeistareykjalands. Þær eru um 100 m austan við hraunjaðarinn. Vörðurnar eru norðvestast á gróðurlendinu vestan Gæsafjalla, á mörkum Skútustaða- og Aðaldælahrepps. Vörðurnar eru á hraunklökk - lyngmói í kring. Klökkinn myndar svolítin hávaða, einkum að sunnan séð en annars er þetta svæði allt mjög flatt.



Varða SP-250x:053, úr austri

Vörðurnar eru tvær og eru um 8 m á milli. Umfangsmeiri varðan virðist eldri. Hún er um 1,5 m í

þvermál og um 0,8 m há. Hún er 3-4 umför og vel gróin skófum og grasi. Önnur minni og yngri er um 8 m norðar. Norðaustari varðan er líka úr hraungrjóti en án skófa og gróðurs og er um 0,5 m á hæð og um 0,6 m í þvermál. Þó varðan sé greinilega ekki alveg ný er líklegast að hún vísi á leiðina að Þeistareykjum fremur en einhverja leið þvert yfir hraunið. Varðan var ekki mæld upp í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008.

SP-250x:054 hleðsla hlutverk óþekkt

593049 594477

Sunnan við Kvíhóla, þar sem geilina milli hólanna og fjallsins byrjar er hraunstrýta, sú nyrsta af mörgum í grónu hrauninu sunnan við hólana og vestan við Kvíhólafjöll. Á lengdar er hún að sjá eins og þrjár drangar en þegar nær er komið sést að þeir eru tveir, aflangir og samhliða, um 6 m á milli þeirra. Sá eystri er lengri og sinnhvornn endann hefur verið tyllt steinum. Hálfgróinn melur á milli dranganna, lyngmóar í kring.

Nokkrir

hraunsteinar sem hefur verið tyllt upp á sinnhvorn endann á hraundranga. Auðveldlega mætti gera aðhald á þessum stað með því að hlaða á milli dranganna en engin merki sjást um slíkt. Fornleifavernd ríkisins mældi upp hleðsluna 2008 undir númerinu 541.

*Hleðslur SP-250x:054, horft úr suðri***SP-250x:055** varða samgöngubót

591610 597545

Um 130 m vestan við veginn meðfram landgræðslugirðingunni, vestan undir Bæjarfjalli, á mótis við miðbik fjallsins er varða á hraunbrúninni. Hún sést vel frá veginum. Á brún á hálfgrónu hrauni. Um 100 m vestar sleppir gróðri alveg en skallar ná alveg austur að brúninni sem varðan er á. Varðan er sjálf hlaðin á dálítill gróðurtorfu. Næstu hverir eru um 100 m sunnan við.

Varðan er 6 umför, 2 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Hún er mjög vaxin skófum. Austan við (vestari) slóðina eru götutroðningar sem liggja í átt að vörðunni og má vera að hún vísi á leið yfir hraunið, e.t.v. í átt að Gæsku. Fornleifavernd ríkisins mældi vörðuna upp árið 2008 undir númerinu 541.

*Varða SP-250x:055, úr vestri*

SP-250x:056 *Þeistareykjaaðhald* gerði rétt

591964 600103

"Í klettaborgum vestur af Kvíhóla fjöllum var hlaðið Kvíhólaaðhald fyrir fé, og Þeistareykjaaðhald er norðar hjá Þeistareykjum," segir í örnefnalýsingu. Um 1,35 km NNV við Þeistareyki (001), nyrst í krika sem myndast af Þeistareykjahrauni að vestan og hverabrekku að austan er Þeistareykjaaðhald. Það er um 800 m norðan við norðausturhornið á landgræðslugirðingunni. Nyrst í lyngmóa, í dæld milli hrauns og hveraleirsbrekku, en engir virkir hverir eru þar nú. Ofan



Þeistareykjaaðhald SP-250x:056, úr norðaustri



Þeistareykjaaðhald SP-250x:056

(austan) við brekkuna eru Þeistareykjagrundir en næst aðhaldinu er brekkan nær avleg gróðurlaus. Innan í gerðinu er grasmói og litlar tjarnir nyrst í því þar sem lægst er. Smátjarnir eru einnig utan við gerðið að sunnanverðu.

Gerðið er hlaðið úr hraungrýti, nema að austanverðu þar sem blágrýtishnullungar úr hverabrekkunni hafa verið notaðir. Sumstaðar standa uppundir 6 umför í hleðslunum og er mesta

hæð 1,5 m, en víðast er garðurinn orðinn mjög skörðóttur og á löngum köflum alveg hruninn við jörð, einkum austan og norðaustantil. Hleðslurnar standa best sunnan og suðvestantil, ekki síst í hrauninu. Dyrarop er á suðausturhlíð, um 1,5 m breitt. Grjóthrúga er uppi á brekkunni sunnanhalt á móts við aðhaldið og þaðan sjást a.m.k. Tvær hundapúfur í beinni línu í átt að Þeistareykjum. Má vera að þetta séu mannaverk. Fornleifavernd ríkisins mældi upp hleðsluna árið 2008 undir númerinu 543.

Heimildir: Ö-Þeistareykjafréttur, 7

SP-250x:057 varða hlutverk óþekkt

592354 600891

Varðan er um 1.5 km norðvestur af Þeistareykjum og m 100 m sunnan við réttina 046 er stór varða uppi á gjábrún sem er framhald Þeistareykjaveggjar til suðurs. Varðan var aftur af Fornleifastofnun þegar deiliskráning var unnin 2007 og þá undir nýju númeri (092) en það númer hefur nú verið fellt af fornleifaskrá svo að fornleifin sé ekki tvítekin. Varðan er fast austan við gjá sem snýr norður-suður og mun vera framhald Þeistareykjarveggjar til suðurs. Á grónu hrauni, 5 m austan við gjábrún. Gjáin endar um 50 m sunnar og er þar fyrst greið leið niður í átt að Klifinu.



Varða SP-250x:057, horft til SSV.

Varðan er samantallin, en þó eru enn 3-4 umför af grjóti í henni. Hún er um 0,75 m há og hefur verið um 2 m í þvermál. Steinar eru margir hverjir skófsettir. Fornleifavernd ríkisins mældi upp vörðuna 2008 og er hún númer 549 í skráningarkerfi hennar.

SP-250x:058 varða landamerki

592317 608353

Uppi á Rauðhól, nyrðri hnjúknum, um 50 m sunnan við slóðina sem liggur meðfram norðurmerkjum Þeistareykjalands er landamerkjavarða. Uppi á berum melhól og sést víða að.

Varðan er 1,5 x 1 m og um 1,2 m á hæð, 7 umför og er sement á milli steinanna og skjöldur festur á austanmegin. Á honum stendur "Rauðhóll / Landamerki / 1999". Miklar skófir eru á steinunum og er varðan örugglega eldri en skjöldurinn þó líklegt sé að hún hafi verið hlaðin upp nýlega. Rauðhóls er getið í landamerkjalyásingum Þeistareykjalands en ekki vörðunnar. Varðan hefur ekki verið uppmæld.



Varða SP-250x:058, úr austri

SP-250x:059 Eyjólfshæð varða landamerki

601628 609344

"Að austan eru merki fyrst bein stefna af Eyjólfshæð suður í norðurenda Bunguveggjar, þar sem varða er," segir í landamerkjalyðsingu.

Eyjólfshæð er um 12,5 km suður frá Garði í Kelduhverfi og um 13 km norðaustur frá Þeistareykjum 001. Á Eyjólfshæð er landamerkjavarða sem er merki á milli Þeistareykja, Garðs og Áss. Varðan er á kletthæð sem er með þremur ásum sem liggja norður-suður og er varðan á miðásnum.



Varða SP-250x:058, horft til suðausturs

Varðan er um 1m á kant, 6 umför grjóts og um 1 m á hæð. Efst á vörðunni er áföst

leturplata sem á stendur: Eyjólfshæð. Landamerki. 1999. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

Heimildir: Landamerki Þeistareykjaafreittar (1948), Sýslumaðurinn á Húsavík. Landamerkjabók no. 281

SP-250x:060 garðlag hlutverk óþekkt

592138 599095



Garðlag SP-250x:060

Garðlag er um 1 km vestan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Garðlagið var ekki skráð í skráningu Fornleifastofnunar á svæðinu en Fornleifavernd ríkisins skráði hana og mældi upp 2008. Fornleifavernd mældi vestasta hluta garðlagsins upp eða um 180 m langan kafla beggja vegna við veginn. Samkvæmt lýsingu í skýrslu Fornleifaverndarinnar hvarf garðurinn í uppblástur til beggja enda. Ef loftmynd er skoðuð virðist framhald garðlagsins liggja til austurs og líklega er hægt að greina það slitrótt í um 350 m lengra til austurs. Í athugasemdum við uppmælinguna kemur fram að Uppmælingin er númer 546 hjá Fornleifavernd.

Heimildir: Sigurður Bergsteinsson. 2008, 13

SP-250x:061 varða samgöngubót 592210 591001

Um 50 m austan Þeistareykjarvegur er lítil varða. Hún er um 2 km norðvestan við hreppamörk Skútustaða- og Aðaldælahrepps. Lág hraunholt sem rís úr móanum.

Í vörðunni eru um 10 hraunmolar. Varðan er um 0,4 m á hæð og um 0,5 m í þvermál neðst. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:062 varða samgöngubót 593348 593081

Varða er um 50 m norðaustan við Kvíhólaaðhald (SP-250x:018) og liggja fjárgötur við vörðuna NV-SA. Varða er á hraunhrygg sem snýr austur-vestur.

Varðan er 3-4 umför, 10-15 steinar, um 0,5 m á hæð og 0,5 m í þvermál. Varðan er þakin skófum. Hún sést tæplega af vegarslóða. Um 100 m sunnar, hinumegin við aðhaldið, er önnur varða sem sést af vegi (sjá 063). Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:062, horft til suðurs

SP-250x:063 varða samgöngubót

593308 592999

Varða er fast sunnan við Kvíhólaaðhald (250x_018) og um 90 m sunnan við vörðu 062. Varðan er á hraunkletti sem rís hátt úr umhverfinu mót suðri og sést langt að.

Varðan er hæst um 1,2 m og um 1 m í þvermál neðst og mjókkar upp og er þakin skófum. Fornleifavernd ríkisins mældi vörðuna árið 2008 undir númerinu 539.



Varða SP-250x:063, horft til suðurs

SP-250x:064 varða samgöngubót

594649 592844

Um 150 m suður frá Gjástykkisvegi er varða, sunnan við Kvíhólafjöll; heldur austan við miðja suðurhlíðina. Gróið hraun. Sérstakar hraunstrýtur standa upp úr gróðurþekjunni.

Varðan er á hraunhóli og er um 1 m á kant og mjókkar heldur upp. Hleðslan er um 1,1 m en þó rís hún um 2 m úr umhverfinu vegna hólans. Umföru býsna stórra steina eru 8-10. Varða sést ekki af vegi en sést þó líklega frá Kvíhólaaðhaldi 018. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:064, horft til austurs

SP-250x:065 varða samgöngubót

595228 593153

Um 150 m frá Gjástykkisvegi er hálfhrunin varða, um 500 m suðaustan við hlíðarrætur Kvíhólafjalla. Varðan er í grónu hraunholti. Sérstakar hraunstrýtur standa upp úr gróðurþekjunni.

Varðan er hrunin, aðeins um 5 hraunsteinar eru enn uppistandandi, um 0,4 m á hæð og um 0,6 m í þvermál. Varðan rís þó hæst um 0,8 m vegna holtsins sem hún stendur á. Fjargata er fast norðan við vörðuna. Önnur varða 066 í suðaustri er greinileg. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:065, horft til suðausturs

SP-250x:066 varða samgöngubót

595382 593065

Um 170 suðaustur frá vörðu 065 er önnur varða. Gróið hraun, vaxið lyngi og fjalldrapa. Varðan er um 1 m á hæð og tæpur 1 m í þvermál neðst en mjókkar upp. Varðan er alsett skófum. Ekki sér til annarar vörðu í suðaustri. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:066, horft til norðurs

SP-250x:067 varða samgöngubót

595083 593474

Um 80 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 2,6 km austur frá vegamótum, norður til Þeistareykja annarsvegar og austur í Gjástykki hinsvegar. Í suður frá suðausturhorni Kvíhólafjalla er landið flatt en rís skyndilega vegna hrauntungu sem teygir sig til austurs. Þar á hraunbrúninni eru tvær vörður, þessi og svo 068 sem er austar.

Vestari varðan sést vel af veginum og er talsvert hrunin. Fjórir stórir hraunsteinar eru á sínum stað í hnapp, um 0,6 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Steinarnir eru alsettir skófum. Fjargata liggur í lögginni fast norðan (neðan) við hrauntunguna. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:067, horft til suðausturs

SP-250x:068 varða samgöngubót

595110 593480

Um 80 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 30 m austur frá vörðu 067. Um 2,6 km austur frá vegamótum, norður til Þeistareykja annarsvegar og austur í Gjástykki hinsvegar. Í suður frá suðausturhorni Kvíhólafjalla er landið flatt en rís skyndilega vegna hrauntungu sem teygir sig til austurs. Þar á hraunbrúninni eru 2 vörður, 067 og svo þessi sem er austar.

Varðan sést vel af veginum og er talsvert hrunin. Býsna stórar hraunhellur í hnapp, um 0,5 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Steinarnir eru alsettir skófum. Fjargata liggur í lögginni fast norðan (neðan) við hrauntunguna. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:069 varða samgöngubót

595412 593844

Varða er um 100 m norðvestan Gjástykkisvegar, miðja vegu á milli suðausturhorns Kvíhólafjalla og vegar. Varðan er í vel grónu hrauni og stórþýfðum harðmóa. Varðan er mjó, aðeins einföld steinaröð sem er um 1,1 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:069, horft til norðausturs

SP-250x:070 varða samgöngubót

595428 593842

Um 15 m austan við vörðu 069 er önnur varða. Vel gróið hraun og stórþýfður harðmói. Varðan er lítil, um 0,4 m og um 0,7 m í þvermál neðst en lítur út fyrir að vera eldri en varða 069. Hún er samansett af 10-15 hraunsteinum í hnapp og eru þeir skófsettir. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:071 varða samgöngubót

595978 594576

Um 100 m norðvestur frá Gjástykkisvegi er varða. Um 300 m suðvestan við vegamót, hvar vegurinn kvíslast, annarsvegar til norðurs í Litla-Víti og hinsvegar til austurs í Gjástykki. Varðan er á nokkurskonar hraunvegg sem hefur myndast vegna jarðsigs: norðan veggjarins lækkar landið snögglega niður og er flatt og gróið hraun til norðurs.

Varðan er á brún hraunveggjar og er 10 -15 skófsettar hraunflögur í hnapp. Hæðin er um 0,7 m en þvermálið um 1 m austur-vestur og um 0,6 m á breidd. Fjargata liggur austur-vestur í lögginni neðan (norðan) við hraunvegginn. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:071, horft til norðausturs

SP-250x:072 varða samgöngubót

596401 594966

Um 250 m austan við staðinn þar sem vegurinn kvíslast, annarsvegar til austurs í Gjástykki og hinsvegar til norðausturs í Litla-Víti, er varða um 10 m suðaustan Gjástykkisvegar. Gróið hraun.

Varðan er um 0,7 m á hæð, einföld röð af nokkuð stórum hraunhellum, og um 0,6 m í þvermál. Steinar eru skófsettir. Fjargata liggur skammt norðan vörðunnar austur-vestur. Um 8 m austan við vörðu er dálítið vörðubrot. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:072, horft til norðausturs

SP-250x:073 hellir hlutverk óþekkt

597921 594933

Austarlega undir suðurhlíð Þórunnarfjalla og um 130 m norður frá Gjástykkisvegi er hellir í hrauninu. Hellirinn er í grónu hrauni.

Fast norðaustan við lágan hraungúl er lítil varða sem sést af vegi og er til að aukenna helli sem er þarna fast vestan við. Hraungúllinn er opinn í miðjunni og er holur innan, til beggja handa. Holrýmið er meira vestanmegin. Þar sem skútinn er hæstur er hann 2 m en er þó víðast töluvert lægri og þarf að beygja sig út við veggina. Stærðin er um 10 m austur-vestur en um 6 m norður-suður. Töluvert er af

beinum, ull og kindaskít inni í hellinum. Engar hleðslur er að sjá í eða við hellinn og í raun telst hann vart til fornleifa samkvæmt laganna skilningi þar sem ekki eru mannaverk honum. Hellirinn er ágætis aðhald fyrir skepnur. Hellirinn hefur ekki verið mældur upp.



Hellir SP-250x:073, horft til norðurs

SP-250x:074 varða samgöngubót

599284 594883

Um 600 m suður af Þríhyrningi og um 330 m suður af Gjástykkisvegi er varða. Gróið hraun hvar hraungúlar og -strýtur standa upp úr gróðurþekjunni. Á einstökum hraungúl, 2-3 m háum, er varða, um 0,5 m á hæð og í þvermál einnig 0,5 m. Hraungúllinn er holur innan að hluta til og er lítið op, 0,7 x 0,5 m, norðvestan í honum. Ekkert rask eða bein er að sjá við opið. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:074, horft til suðausturs

SP-250x:075 varða samgöngubót

600109 596003

Um 500 m norður frá Gjástykkisvegi og um 700 m austur af fjallinu Einbúa er varða. Varðan er á lágu hraunholti sem rís úr harðmóa.



Varða SP-250x:075, horft til norðurs

Varðan virðist nýleg, um 1 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst en mjókkar lítillega upp. Steinar í vörðunni eru án skófa. Um 3 m norðan við vörðu er fastur hæðapunktur: járnstykki borað í hraunklökkina. Vörðunni gæti hafa verið hróflað upp til

að auðkenna hæðapunktinn. Varðan sést af Gjástykkisvegi. Hún hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:076 varða samgöngubót

600442 595466

Um 35 m sunnan við Gjástykkisveg er varða, um 500 m vestan við vegamót hvar vegurinn kvíslast, annarsvegar norður á Keldunesheiði og hinsvegar suður í Gjástykki. Umhverfis er mosa- og lynggróið hraun.



Varða SP-250x:076, horft til suðausturs

Varðan er um 1 m á hæð og um 1 m í þvermál og mjókkar upp. Engar skófir eru á steinum og virðist varðan ekki vera gömul. Fast austan við er grjótdreif. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:077 varða samgöngubót

600967 595061

Um 300 m sunnan við þar sem vegurinn kvíslast til norðurs og suðurs að Gjástykki, er varða. Hún er um 20 m austan vegar í Gjástykki. Umhverfis er hálfgróin hraunklökk.



Varða SP-250x:077, horft til austurs

Varðan er lítil, um 10 steinum hefur verið raðað saman. Sennilega er varðan nýleg og er um 0,4 m á hæð og um 0,4 m í þvermál neðst og mjókkar upp. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

SP-250x:078 varða samgöngubót

600911 594620

Varða er um 60 m austan við Gjástykkisveg, um 500 m vestan við vegamót hvar vegurinn kvíslast, annarsvegur norður á Keldunesheiði og hinsvegur suður í Gjástykki. Varðan er skammt austan við töluverða gjá. Umhverfis er gróið hraun.

Varðan er hálfhrunin, um 0,5 m á hæð og um 0,7 m í þvermál neðst en mjókkar upp. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:078, horft til austurs

SP-250x:079 varða samgöngubót

600694 594263

Um 100 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 400 m suðvestur frá vörðu 078. Varðan er á hraunholti sem snýr austur-vestur. Varðan er lítil, um 15 steinar sem eru alsettir skófum. Hæðin er um 0,3 m og um 0,6 m N-S og um 0,3 m austur-vestur. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:079, horft til austurs

SP-250x:080 varða samgöngubót

600405 590470

Vegamót eru þar sem vegur gengur þvert á Gjástykkisveg: annarsvegur til austurs í átt að Eilífi og hinsvegur í vestur. Þessi leið hefur nefnst Draugagrundarvegur. Um 550 m vestan vegamóta og um 40 m norðan Draugagrundar, til vesturs frá vegamótum, er varða. Um 40 m norðvestan við girðingu sem skilur að Skútustaðahrepp og Aðaldælahrepp. Umhverfis er gróið hraun.

Varðan er fremur lítil, um 10 hraunsteinar í einfaldri stæðu, um 0,6 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Grjótið er þakið skófum. Varðan gæti

hafa verið til að auðkenna Draugagrundarveg. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:080, horft til norðvesturs

SP-250x:081 varða samgöngubót
Um 500 m vestan við suðurhluta
Einbúa eru tvær vörður nálægt hvor
annarri. 082 er norðar.

596902 593244

Varða stendur á all háu hraunholti
sem rís mót suðaustri. Suður af er
flatlendi, harður mói hvar
hraunnibbur standa upp úr hér og
hvar.

Varðan er 7-8 umför
hraungrjóts sem er sett skófum. Hún
er um 1 m á hæð og einnig um 1 m í
þvermál, mjókkar lítið sem ekkert
upp. Önnur varða er 7 m sunnan við,
082. Hvorug þeirra hefur verið mæld
upp.



Vörður SP-250x:081 og 082, horft til austurs

SP-250x:082 varða samgöngubót
Um 500 m vestan við syðri hluta fjallsins
Einbúa eru tvær vörður, 081 er sunnar. Varða stendur á
all háu hraunholti sem rís mót suðaustri. Suður af er flatlendi, harður mói þar sem hraunnibbur
standa upp úr hér og hvar.

596899 593240

Varðan er um 0,7 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst og mjókkar upp. Hún hefur ekki
verið mæld upp.

SP-250x:083 varða samgöngubót
Tæpa 300 m austan við
suðausturhorn fjallsins Einbúa er
varða. Umhverfis er lágt
hraunklapparholt. Varðan er lítil, um
0,5 m á hæð og um 0,5 m á breidd og
er all skófsett. Hún hefur ekki verið
mæld upp.

598077 593027



Varða SP-250x:083, horft til suðurs

SP-250x:084 varða samgöngubót
Norðaustast á lágum hraunhrygg, um
200 m norðaustan vörðu 083, er
vörðubrot. Umhverfis er lágur
hraunhryggur.

598237 593161

Vörðubrot, nokkrir steinar í
hnapp og fleiri lausir austan við
vörðubrotið. Gras grær á milli steina.
Hæðin er um 0,3 m á hæð og um 1 m í
þvermál. Varðan er ekki uppmæld.



Varða SP-250x:084, horft til suðurs

SP-250x:085 varða samgöngubót
Á hraunklapparholti sem rís úr
harðmóa, um 400 m suðaustur frá
Einbúa er vörðubrot. Það um 200 m
sunnan við vörðu 084. Umhverfis er
harðgróið hraun.

598056 592831

Varðan er hrunin, 10-15 lausir
steinar í hnapp. Þvermál vörðubotsins
er um 1 m. Hún hefur ekki verið
uppmæld.



Varða SP-250x:085, horft til suðurs

SP-250x:086 varða samgöngubót
Í fyrirhuguðu línustæði er vörðubrot.
Það er um 150 norðaustur frá vörðu 064
og um 40 m suðaustan Gjástykkisvegar.
Umhverfi ser lágt, hálfgróið holt í grónu
hrauni.

594752 592950

Vörðubrotið er töluvert mikið
um sig, vörðubotninn er um 2 m
norður-suður og um 1,5 m á
þverveginn. Aðeins sér fyrir neðstu
steinaröðinni og nokkrir lausir steinar
liggja hjá. Annað hrun er ekki að sjá.
Varðan er ekki uppmæld.



Varða SP-250x:086, horft til suðurs

SP-250x:087 varða samgöngubót
Vörðuleifar eru um 450 m (ef mælt er hornrétt
frá Þeistareykjarvegi) til austurs. Varðan er á
allháu melholti sem rís úr lyng- og
fjalldrapamóa.

592396 595324

Varðan er hrunin og nánast alveg útflött.
Fuglabúfa hefur myndast í vörðubotninun.
Smágerð grjótdreif er umhverfis strýttuna, um 2
m norður-suður en um 1,5 m á þverveginn.
Varðan hefur ekki verið uppmæld.



Varða SP-250x:087, horft til norðurs

Götuslóði liggur vestan í Bæjarfjalli, í hlíðarfæti, og liggur úr suðri til norðurs.

Líklega er það sama leið og merkt er inn á kort frá 1935

(uppdráttur Íslands, blað 82).

Samkvæmt kortinu lá leiðin úr heimatúni

Þeistareykja og meðfram rótum

Bæjarfjalls vestanverðs, fram hjá Kvíhólahvilft og svo áfram til suðurs

meðfram vesturhlíð

Kvíahólafjalla og þá langleiðina að Gæsafjöllum

þar sem leiðin hefur beygt

í næstum 90° til austurs og þá legið meðfram



Götur SP-250x:108

Draugagrundum norðanverðum og áfram til austurs og norðausturs að Bungevegg á merkjum þar hún er sýnd eins og hún endi. Göturnar um Draugagrundir voru skráðar undir sér númeri við fornleifaskráningu 2006 og var ekki hreyft við því við yfirferð 2021, sjá nánar um þann hluta undir númerinu 045. Þýfður lyngmói.



Götur SP-250x:088, úr suðri. Mynd til vinstri tekin í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 2007 (OV) en sú til hægri í skráningu UÆ frá sama ári (horft til norðurs).

Gatan er mjög greinileg, talsvert niðurgrafin og ógróin. Yfirleitt er gatan þó aðeins einföld. Ekki er ósennilegt að götunni hafi verið fylgt er fólk var að koma sunnan að og til Þeistareykja. Fornleifavernd mældi götuna upp árið 2008 og er uppmælingin nr. 548.

Heimildir: Uppdráttur Íslands blað númer 82

SP-250x:089 varða samgöngubót
Fast austan við Þeistareykjarveg, vestan undir Bæjarfjalli, eru tvær vörður. Varðan er í grónu hrauni og lyngmóa.

591756 597140

Þessi varða er suðaustar og er stærrí en hin (sjá 090). Hún er um 1 m á hæð og einnig um 1 m í þvermál neðst og mjókkar upp. Grjótið í vörðunni er alskófsett að sunnanverðu. Fornleifavernd ríkisins mældi vörðuna upp 2008 og er hún númer 564 í skráningarkerfi hennar.



Vörður SP-250x:089 og 090, horft til norðvestur

SP-250x:090 varða samgöngubót

591754 597141

Fast austan við Þeistareykjarveg, vestan undir Bæjarfjalli, eru tvær vörður. Umhverfis er gróið hraun og lyngmói.

Varðan er minni en varða 089, þótt hleðslur standi, og er um 0,6 m á hæð og einnig í þvermál neðst. Fornleifavernd ríkisins mældi vörðuna upp 2008 og er hún númer 565 í kerfi þeirra.

SP-250x:091 varða samgöngubót

592066 599456

Um 1 km vestur frá Þeistareykjum er vörðubotn. Varðan er á lágu holti í kargabýfðum lyngmóa. Það glittir í skófsett hleðslugrjót undir grasi, fuglabúfa hefur hlaðist upp ofan á grjótinu. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,3 m og þvermálið er um 0,5 m. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:091, horft til austurs

SP-250x:092 þúst hlutverk óþekkt

593054 599350

Af loftmynd af dæma virðist óljós þúst eða tóft vera fast vestan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Þústin var hvorki skráð þegar Fornleifastofnun Íslands skráði svæði né heldur þegar Fornleifavernd ríkisins gerði það og því ljóst að hún er afar óljós og mögulega illgreinanleg á yfirborði. Hún virðist 12 x 10 m stór og snúa norður-suður. Um 5 m vestan við og um 5 m sunnan við þústina virðast afgerandi þýfi þar sem mögulegt er að mannvistarleifar leynis undir sverði. Í eldri skráningarskýrslu Fornleifastofnunar Ísland var varða 057 tvískráð og í síðara skiptið undir þessu númeri en var lýsingin sameinuð undir númeri 057 og þúst sem fannst við yfirferð loftmynda færð á þetta númer



Þúst SP -250x:092, teiknuð upp af loftmynd.

SP-250x:093 varða samgöngubót

592380 600932

Um 50 m suðvestur af vörðu 057 er önnur varða. Varðan er á lágu hraunholti sem rís úr móanum. Gjá er vestan við og svo tekur hraunjaðarinn við í vestri.

Fimm skófsettir steinar eru í hnapp og nokkrir hrundir hjá. Einfaldar götur sjást, annarsvegar á milli varða 057 og 093 og gjárinnar, og hinsvegar aðrar sem sveigja til vesturs á milli varðanna. Varðan er um 0,8 í þvermál og hæðin um 0,5 m. Varðan var mæld upp af Fornleifavernd ríkisins 2008 og er númer 550 í kerfi hennar.



Varða SP-250x:093, horft til SSV

SP-250x:094 varða samgöngubót
Um 1,5 km suðaustur frá Skildingahóli er varða. Lágt holt sem rís úr harðmóa. Vörðubotn: 5 steinar í hnapp gægjast upp úr lyngsverði. Hæðin er um 15 cm og þvermálið um 0,6 m. Varðan hefur ekki verið mæld upp.

591647 601661



Varða SP-250x:094, horft til norðvesturs.

SP-250x:095 varða samgöngubót
Tæpa 700 m vestur af Þeistareykjarvegi, frá Þeistareykjum áleiðis til Húsavíkur, er varða. Hún er um 2 km suðaustur frá Skildingahól. Umhverfis er lyngmói.

592015 601422

10-15 steinar sjást gægjast upp úr sverðinum í hnapp svo sem 30 m norðan við staðinn þar sem hrauninu sleppir. Töluvert miklir steinar, c. 30 x 30 cm, skófsettir. Varðan hefur ekki sést að vestan en líklega úr öðrum áttum. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:095, horft til suðausturs

SP-250x:096 tóft hlutverk óþekkt
Um 1 km norðvestan við gamla bæjarstaðið á Þeistareykjum er varða og tóftarbrot. Umhverfis er stórþýfður lyngmói.

592146 600004

Það er eins og grjóti úr tóft sem hér hefur verið, hafi verið hróflað upp í vörðu til að vísa á fastan staðsetningarpunkt sem er boraður í stein. Grjóthrúgan rís hæst um 0,8 m og er um 1 m á breidd. Í vestur frá grjótinu ganga garðlög, útveggir, 3 m og er tóftin um 2 m á breidd. Ekki er eiginlegt op að sjá.



Varða SP-250x:096, horft til norðurs

Nokkrir steinar sjást í torfveggjunum sem eru hæstir um 0,4 m. Enga innveggi er að sjá. Mannvirkið er því í heildina, með tóft og vörðu, eða um 4 m austur-vestur og 2 m norður-suður. Hleðslan var mæld upp af Fornleifavernd ríkisins 2008 undir númerinu 551.

SP-250x:097 varða samgöngubót

592208 599978

Um 70 m suðaustan við 096 er hugsanlega varða. Hún er á lynggrónu holti sem rís úr móanum. Grjótið í kalli holtsins er náttúrulegt að mestu en hugsanlega hefur grjóti verið bætt við. Nú hefur fuglaþúfa myndast efst á grjótinu. Mesta hæð með strýttunni er 0,5 m og umfangið er um 1,5 m norður suður en um 1 m austur-vestur. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:097, horft til vesturs

SP-250x:098 varða samgöngubót

592540 604217

Varða er um 10 m austan við Þeistareykjarveg frá Þeistareykjum norður til Húsavíkur, um 5 km norðan við Þeistareyki. Varðan er á lágu hraunholti sem rís úr móanum.

Varðan er 5 umför steina án skófa, lítur út fyrir að vera nýleg. Hún er um 0,9 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:098, horft til SSV

SP-250x:099 varða samgöngubót

592678 605435

Varða er um 50 m austan við Þeistareykjaveg til Húsavíkur, tæpan 1,5 km austur af Skildingahólsvegg. Varðan er á hraunhryggur sem snýr norðaustur-suðvestur. Varðan er lítil, 8-10 steinar, um 0,6 m á hæð og um 0,8 m í þvermál neðst. Hún hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:099, horft til norðurs

SP-250x:100 varða samgöngubót
Varða er á hraunkambi sem snýr
austur-vestur og sker lyngmóann um
60 m vestur frá Þeistareykjavegi til
Húsavíkur, tæpa 200 m norðaustur af
vörðu 099. Hún er á hraunkambi sem
rís úr lyngmóa.

592516 605341

Varðan er um 1,1 m á hæð og
um 1 m í þvermál neðst en mjókkar
mjög upp. Ekki eru skófir að sjá á
steinum og sennilega er varðan ekki
mjög gömul. Hún hefur ekki verið
mæld upp.



Varða SP-250x:100, horft tilNNV

SP-250x:101 varða samgöngubót
Varða er um 20 m austan við veg frá
Þeistareykjum norður til Húsavíkur
og um 30 m vestan við fornleif 100.
Hún er á grónu holti sem rís úr
lyngmóa.

592640 605432

Aðeins vörðubotninn stendur
eftir, það sér ofan á steinaþyrpingu
upp úr sverðinum. Fuglaþúfa hefur
myndast ofan á vörðubotninum.
Hæðin að strýttunni meðtaldri er um
0,5 m og þvermálið er um 1 m. Hún
hefur ekki verið mæld upp.




Varða SP-250x:101, horft til austurs

SP-250x:102 varða samgöngubót
Varða er um 50 m sunnan vegar frá
Þeistareykjum norður til Húsavíkur, um
350 m vestur frá vegamótum hvar leiðir
liggja ýmist til austurs um Keldunesheiði
eða í vestur í átt að Húsavík. Vestan við
gjá sem snýr norður-suður eru
sérkennilegar hraunhólamyndanir. Á
hæsta hólnum er varðan.

591633 608374

Varðan er skófsett, um 0,7 m á
hæð og um 0,8 m í þvermál. Rétt við
vörðuna hefur verið bætt við 3-5
nýlegum vörðum. Varðan hefur ekki
verið uppmæld.



Varða SP-250x:102, horft til suðurs

SP-250x:103 varða samgöngubót Höfuðreiðarmúli tekur við af Lambafjöllum til norðurs. Þar í hlíðarrótum, austur af Jónsnípuskarði, er varða. Varðan er á helluhraunsklöpp, fast vestan við lyngmóa.

Varðan er úr smáu grjóti, um 0,4 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Hún hefur ekki verið uppmæld.

588274 604411



Varða SP-250x:103, horft til suðausturs

SP-250x:104 varða samgöngubót Um 950 m norðaustur frá vörðu 103 er önnur varða. Hún er á helluhraunsholti fast norðan við harðmóa.

Varðan samanstendur af 8-10 steinar í hrúgu. Hún er um 0,5 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Varðan er fast austan við fjárgötu sem liggur NNV-SSA. Hún hefur ekki verið uppmæld.

589018 605034



Varða SP-250x:104, horft til suðurs

SP-250x:105 varða hlutverk óþekkt Varða er rétt rúman 1 km norðnorðvestan við Þeistareyki. Varðan er á smáhæðóttum grasmói.

Varðan samanstendur af fimm steinum sem hafa verið lagðir ofan á stóran stein sem rís um 0,7 m hærra en umhverfið. Sjálf hleðslan er ekki nema um 0,3 m á hæð. Þvermálið er um 0,6 m. Varðan var mæld upp af Minjastfonun Íslands árið 2008 undir númerinu 552.

592271 600029



Varða SP-250x:105, horft til suðurs

SP-250x:106 varða hlutverk óþekkt
Varða er um 50 m norðan við veg, uppi á misgengisvegg er varða og fjárgötutroðningur sem liggur norður-suður. Hún er um 3.6 km NNV við Þeistareyki. Umhverfis vörðuna er flatlendi, mói.

591808 602695

Varðan er 5 - 8 steinar, vel grónir mosa. Hæðin er um 0,6 m og þvermálið um 0,8 m. Hún hefur ekki verið uppmæld.



Varða SP-250x:106, horft til suðurs

SP-250x:107 varða hlutverk óþekkt
Um 75 m norðan við veg er varða. Hún er um 3.4 km NNV við Þeistareyki 001. Varðan er í flatlendum móa.

592310 602628

Varðan er um 5 steinar í hnapp, um 0,5 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Steinar býsna skófsettir. Varðan hefur ekki verið mæld upp.



Varða SP-250x:107, horft til suðvesturs

SP-250x:108 gata leið

587735 601105

Talsvert af reiðgötum liggja fram hjá Mælifelli/Reykjaseli 043. Þær voru ekki skráðar sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar árið 2007 en

Fornleifaverndin mældi upp hluta þeirra árið 2008. Þústirnar eru á bakka gróinnar geilur sem myndast af gömlu hraunkanti (misgengi) að austan. Ofantil í geilinni seytlar vatn og er smápollur þar á móts við miðju rústasvæðisins. Efstu rústirnar eru í aflíðandi

lyngmóabrekku en þær þrjár neðstu niðri á snöggrónum harðlendisbala. Þar er vallendisgróður en mjög lítils vaxtar og mikill mosi í grasrótinni. Sumstaðar líka lyng. Balinn er upp undir 200 m breiður á móts við nyrstu rústirnar en mjókkar síðan til norðurs en teygist langt í þá átt meðfram klettaveggnum sem verður hærri og skarpari eftir því sem norðar dregur. Norðaustan við bæjarstæðið er lítil seftjörn og austan við það tvær



Leið SP-250x:108, úr suðri



Götur SP-250x:108

litlar tjarnir.

Í mæligögnum Fornleifaverndar kemur fram að reiðgöturnar hafi legið mjög margar samsíða og hafi náð yfir allt að 20 m breitt belti. Gatan var mæld upp af Fornleifavernd og er númer 486 í

skráningarkerfi stofnunarinnar.

Heimildir: Sigurður Bergsteinnsson. 2008, mælinúmer 13623/1780-231, tafla bls. 31

SP-250x:109 þúst hlutverk óþekkt
Um 23 m vestan við tóft 008_02 í suðvesturhorni gerðis 008_01 og um 50 m beint suður af tóft 010 er stór tóft á flata sem hallar til vesturs niður að tjörninni. Hún er um 25 m austan við tóft 009. Tóftin er á snögggrónum vallendisflata utan hins eiginlega túns. Umhverfis eru þýfðir lyngmóar.

592954 599288




Tóft SP-250x:109

Tóftin er vart meira en hringlaga hvompa, um 5 x 5 m að stærð og hugsanlegt er að op hafi verið á suðurhlíð. Ekki er hægt að segja um það með vissu hvort þarna hafi verið mannvirki, ýmislegt bendir til þess en ummerkin gætu líka hugsanlega verið gróinn rofblettur. Tóftin var mæld upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 og er númer 535 í kerfi hennar.

SP-250x:110 tóft hlutverk óþekkt
Tóft er á barði milli tveggja lækja um 130 m VSV við bæjarhól Þeistareykja og um 47 m vestan við veginn um svæðið. Tóftin er um 16 m sunnan við tóft 109.

592957 599268

Tóftin var ekki skráð í skráningu Fornleifastofnunar á svæðinu en Fornleifavernd ríkisins skráði hana og mældi upp 2008. Samkvæmt uppmælingunni er hún einföld tóft um 8 x 4.5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Op er á vesturgafli hennar. Uppmælingin er númer 534.



Tóft SP-250x:110

Heimildir: Sigurður Bergsteinnsson, tafla bls. 31


SP-250x:111 tóft hlutverk óþekkt

593269 599223

Ógreinileg þúst er um 8 m norðaustan við gagnamannaskála á Þeistareykjum en 200 m ASA við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Þústin var ekki skráð í skráningu Fornleifastofnunar á svæðinu en Fornleifavernd ríkisins skráði hana og mældi upp 2008.

Samkvæmt uppmælingunni er hún 3.7 x 3.3 m stór og skiptist í tvö ámóta hólf. Ekki virðist op á henni. Uppmælingin bendir til að veggir hennar séu einkennilega mjóir og er þústin af þeim sökum dálítið einkennileg í laginu. Í athugasemdum við uppmælinguna kemur fram að hugsanlegt sé að þetta séu náttúruleg ummerki. Uppmælingin er númer 489.

Heimildir: Sigurður Bergsteinsson, tafla bls. 29



Tóft SP-250x:111.

SP-250x:112 tóft hlutverk óþekkt

593289 599248

Tóft er fast sunnan við vegginn frá Þeistareykjum og um 210 m ASA við bæjarhólinn á Þeistareykjum 001.

Tóftin var ekki skráð í skráningu Fornleifastofnunar á svæðinu en Fornleifavernd ríkisins skráði hana og mældi upp 2008. Samkvæmt uppmælingunni er hún 5.8 x 5.5 m stór stór og skiptist í tvö hólf. Vestar er hólf sem er aðeins stærra en bæði snúa hólfín norður-suður. Ekki virðist hafa verið op á þau. Í athugasemdum við uppmælinguna kemur fram að tóftin sé illgreinanleg. Uppmælingin er númer 488.



Tóft SP-250x:112

Heimildir: Sigurður Bergsteinsson, tafla bls. 29

SP-250:113_01


þúst

hlutverk óþekkt

592819

599474

Tvær tóftir eða þústir virðast samkvæmt loftmynd vera rúmum 300 m suðvestan við bæ 001 og innan við 40 m austan við tjörnina á Þeistareykjasvæðinu. Á þessum stað má ætla að séu tvær þústir eða tóftir á svæði sem er 32 x 15 m stórt og snýr norðaustur-vestur. Þær hafa ekki verið skráðar á vettvangi og verður einungis skorið úr um eðli þessara meintu mannvirkja með vettvangsskoðun. Norðaustari tóftin 01 virðist vera 10 x 9 m stórt og skiptast í a.m.k. tvö hólf. Það stærra virðist suðaustar en mögulega kró norðvestanvið.



Þústir SP-250:113_01 og 02. Á mynd til vinstri sjást þústirnar á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp lag þeirra.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 31.03.2021

SP-250:113_02

þúst

hlutverk óþekkt

592800

599452

Suðvestari tóftin/þústin virðist um 10 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún hefur líklega verið einföld.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 31.03.2021

SP-250:114_01


þúst

hlutverk óþekkt

593046

599386

Um 40 m norðvestan við bæjarhólinn á Þeistareykjum og 40 m vestan við veginn að Þeistareykjum eru afar óljós ummerki sem benda til að þar kunni að leynast mannvistarleifar. Ummerkin fundust við yfirferð loftmynda og hafa ekki verið skoðuð á vettvangi. Samkvæmt loftmyndinni mætti ætla að þarna væru a.m.k. tvö mannvirki, það austara hugsanlega ferhyrnt gerði en það vestara 02 hringlaga þúst. Samtals ná mannvirkin yfir svæði sem er 23 x 19 m stórt og snýr austur-vestur. Hugsanlegt er að afgirtur blettur hafi verið þarna í kring en slík ummerki



Þústir SP-250x:114_01 og 02. Á mynd til vinstri sjást þústirnar á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp lag þeirra.

eru þá orðin of óljós til að hægt sé að fullyrða um það. Austara mannvirkið 01 virðist helst einhvers konar gerði. Það er 16.5 x 9.5 m að stærð og snýr norður-suður. Það virðist einfalt en ekki var hægt að dæma um hvort op væru á því af loftmynd. Gerðið hefur ekki verið skráð á vettvangi.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 31.03.2021

SP-250:114_02

þúst

hlutverk óþekkt

593034

5993831

Vestari þústin virðist hring- eða sporöskjulaga og er 10 x 11.5 m stór, ívið lengri norður-suður. Hún virðist einföld að gerð en ekki er hægt að meta hvort op hefur verið á henni af loftmynd. Mannvirkið hefur ekki verið skráð á vettvangi.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 31.03.2021

SP-250:115

þúst

hlutver óþekkt

592948

599533

Mögulegar mannvistarleifar eða þúst virðist um 230 m NNV við bæjarhólinn á Þeistareykjum en innan við 20 m sunnan við veginn. Ekki er fullvíst að mannvistarleifar leynist á þessum stað og er mögulegt að þarna blekki sýn á loftmynd uppgróinn uppblástur. Engu að síður var staðurinn látinn njóta vafans. Samkvæmt loftmynd mætti ætla að á þessum stað kunni að vera lítil þúst eða tóft 7 x 4 m að stærð. Hún virðist snúa NNV-SSA en hvorki er hægt að lýsa henni frekar eða



Þúst SP-250x:115. Á mynd til vinstri sést þústin á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp lag hennar.

staðfesta að um mannvistarleifar sé að ræða nema með vettvangsathugun.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:116

þúst

hlutverk óþekkt

593058

599113




Þúst SP-250x:116. Á mynd til vinstri sést þústin á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp lag hennar.

Mögulegar mannvistarleifar, þúst, er um 210 m sunnan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Hún er um 20 m austan við malarplan þar sem borholur á Þeistareykjum eru. Ekki er fullvíst að þau ummerki sem þarna má greina á loftmynd séu eiginlegar mannvistarleifar en úr því fæst aðeins skorið með vettvangsskoðun. Af loftmyndinni að dæma mætti ætla að þarna væri 9 x 7.5 m stór þúst sem mögulega skiptist í þrjú hólf. Á þessu svæði er mikið um óvenjulega þúfnamyndun og ekki hægt að útiloka að ummerkin séu náttúruleg þótt þau virðist helst til of regluleg til þess.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:117 þúst hlutverk óþekkt 593904 599806

Möguleg þúst virðist um 950 m norðaustan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Hin meinta þúst var greind af loftmynd og hefur ekki verið skoðuð á vettvangi. Vegslóði liggur frá Þeistareykjavegum



Þúst SP-250x:117. Á mynd til vinstri sést þústin á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp lag hennar.

um 110 m vestan við tóftina. Þústin virðist einföld og ferhyrnd, hugsanlega um 5 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Annað er ekki hægt að segja um hana af loftmynd en nauðsynlegt væri að skoða hana á vettvangi til að staðfesta tilvist hennar.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:118


garðlag

hlutverk óþekkt

588059

599551

Við yfirferð loftmynda á Þeistareykjum fannst garðlag rúnum 1 km (1090 m) sunnan við tóftirnar í Mælifelli/Reykjaseli 043. Garðurinn virðist liggja frá hraunsprungu og til vesturs allt upp í fjallsrætur Kistufjalls. Annað garðlag (sjá 119) fannst nokkru norðan við Mælifellsrústirnar og um 3 km norðan við þann sem hér er skráður og er hugsanlegt að garðarnir hafi markað land



Garðlag SP-250x:118. Á efri mynd sést garðlagið á loftmynd en á neðri mynd er gerð tilraun til að teikna það upp.

Mælifells til suðurs og norðurs. Garðurinn hefur ekki verið kannaður á vettvangi en virðist nokkuð greinilegur. Hann liggur í svolitlum hlykkjum allra austast en verður beinni eftir því sem vestar dregur. Samtals virðist hann vera um 470 m langur en hann er ekki óslitinn og virðist nær ógreinanlegur á köflum. Af loftmynd að dæma mætti ætla að hann væri 3-5 m á breidd. Allra vestast, þar sem hann liggur í fjallshlíðinni er hann samsíða gili í fjallinu sem er skammt sunnar.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:119


garðlag

hlutverk óþekkt

588185

602477

Við yfirferð loftmynda á Þeistareykjum fannst garðlag í Mælifellshaga, tæpum 1.7 km norðan við nyrstu tóftina á Mælifelli/Reykjaseli 043. Garðurinn liggur frá hraunsprungu og til vesturs, Annað garðlag (sjá 118) fannst nokkru sunnan við Mælifellsrústirnar og um 3 km sunnan við þann sem hér er skráður og er hugsanlegt að garðarnir hafi markað land Mælifells til suðurs og norðurs. Garðurinn hefur ekki verið kannaður á vettvangi en virðist nokkuð greinilegur. Hægt er að rekja hann um 200 m til vesturs frá hraunsprungu, nokkuð beint en þá hverfur hann í miðjum haganum og ekki hægt að sjá framhald hans þar í þýfðum hagannum sem þó liggur áfram til vesturs í um 300-400 m áður en komið er að rótum Lambafjalla. Af loftmynd að dæma mætti ætla



Garðlag SP-250x: 119. Á efri mynd sést garðlagið á loftmynd en á neðri mynd er gerð tilraun til að teikna það upp.

að hann væri 3 m á breidd.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:120

þúst

hlutverk óþekkt

587361

602165

Lítill tóft virðist vera um 1.4 km NNV við tóftirnar af Mælifelli/Reykjaseli 043 en rúmum 800 m SSV við garð 119 sem kann að hafa markað landareign Mælifells til norðurs. Sé það rétt mætti ætla að tóftin hefði tilheyrt Mælifelli. Hún er í þýfðum haga austan Lambafjalla.

Hugsanlegt er að garðlag eða gerði hafi verið um 170 m vestar en ummerkin töldust ekki nógu sannfærandi til að þau væru tekin á fornleifaskrá.

Tóftin virðist einföld og 8.5 x 5.5 m stór. Hún snýr NNV-SSA og líklega hefur verið op á norðurgafli. Tóftin hefur ekki verið skoðuð á vettvangi.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021



Þúst SP-250x:120. Á mynd til vinstri sést svæðið á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna upp þústina.

SP-250:121_01

þúst

hlutverk óþekkt

591947

594929

Ummerki sem gætu verið um forn mannvirki fundust við yfirferð loftmynda um 200 m suðvestan við stóra malarnámu í Þeistareykjalandi en 670 m VSV við Kvíhóla. Þau eru um 4.5 m sunnan við Þeistareyki 001. Malarvegur liggur til suðurs um 80 m austar. Á þessum stað virðist mögulega



Þústir SP-250x:121_01 og 02. Á mynd til vinstri sjást ummerkin á loftmynd en á mynd til hægri er gerð tilraun til að teikna þau upp.

lítill tóft 01 og hugsanlega hleðsla eða gerði skammt norðaustan hennar 02. Þúst 01 er virðist 4-5 m á kant og mögulega er op á norðausturvegg. Ekki er fullvíst að um mannaverk sé að ræða en kanna þyrfti staðinn á vettvangi til að skera úr um það.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:121_02

þúst

hlutverk óþekkt

591977

594944

Tæpum 30 m norðaustan við þúst 01 eru ummerki sem af loftmynd að dæma gætu verið af gerði. Það er gróflega áætlað 10 x 8 m stór og snýr norður-suður. Ekki er fullvíst að um mannaverk sé að ræða en kanna þyrfti staðinn á vettvangi til að skera úr um það.

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021

SP-250:122

heimild

leið

590781

603849

Samkvæmt kortaupprætti af Þeistareykjasvæðinu frá 1935 (Uppdráttur Íslands kortablað 82) lá þá leið frá leiðinni sem lá um Klifið og áfram til norðurs (sjá 051). Umrædd leið lá til norðvesturs norðan við miðbik Klifsins, fram hjá Höfuðreiðarmúla norðaustanverðum, um Árnahvamm og niður með Geldingadal og kom niður í Reykjahverfi norðan við bæinn Heiðarbót. Gróf staðsetning leiðarinnar er sýnd á kortinu frá 1935 en sá hluti hennar sem er í landi Þeistareykja hefur ekki verið skráður á vettvangi.

Heimildir: Uppdráttur Íslands frá 1935, kortablað 72

SP-250:123

heimild

leið

594982

597488

Samkvæmt korti af Þeistareykjasvæðinu frá 1935 (uppdráttur Íslands, kortablað 35) lá leið frá Þeistareykjum og til suðurs, um Bóndhólsskarð og þá til suðurs meðfram Bæjarfjalli og Kvíhólafjalli austanverðu, Þessi leið sameinaðist svo leið 088 sem var vestan við fjallið, sunnan við það og lá áfram til suðurs að Gæsafjöllum áður en hún greindist annars vegar til austurs um Daugagrundir (sjá 045) og hins vegar 124 til suðvesturs áfram með vestanverðum Gæsafjöllum og áfram suður yfir Grímsstaðaheiði og suður í Mývatnssveit. Götur hafa ekki verið skráðar á vettvangi í landi Þeistareykja.

Heimildir: Uppdráttur Íslands kortablað 82 (frá 1935) og kortablað 83 frá 1944

SP-250:124

þúst

hlutverk óþekkt

593563


599197

Möguleg tóft eða þúst er um 490 m austan við bæjarhólinn á Þeistareykjum en um 170 m austan við nýlega hesthúsbyggingu. Af loftmynd að dæma gæti verið þarna 13.5 x 9.5 m stór þúst og hugsanlegt að hún skiptist í tvö hólf. Ekki er fullvíst að ummerkin séu af manngerðri tóft eða þúst en vettvangsrannsókn þyrfti til að skera úr um það.



Þústir SP-250x:124. Ljósmynd: Árni Ólafsson/Teiknistofa arkitekta

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, skoðuð 01.04.2021



Púst SP-250x:124. Á mynd til vinstri sést svæðið á loftmynd en á neðri mynd er gerð tilraun til að teikna þústina upp.

SP-250:125 heimild leið 595299 590395

Frá Þeistareykjum lágu þá einnig tvær leiðir til suðurs, vestan (SP-250x:088) og austan (SP-250x:123) við Bæjarfjall en þær sameinuðust sunnan við Kvíhólafjöll lágu svo til suðurs áður en þær greindust og fóru annars vegar austan Gæsafjalla og yfir í Mývatnssveit (SP-250x:125) en einnig var farið austan við fjöllin) og hins vegar um Draugagrundir (SP-250x:045). Undir þessi númeri er skráð sá hluti leiðarinnar sem lá austan Gæsafjalla.

Heimildir: Uppdráttur Íslands kortablað 82 (frá 1935) og kortablað 83 frá 1944

Landamerkjavarða á merkjum Garðs og Þeistareykja

NP-016:060 arða hlutverk óþekkt 600449 609206

Varðan er 1,2 km vestan við Eyjólshæð SP-250b:059 og um 12,6 km sunnan við bæ NP:016:001. Varðan er við vegamót austan við veg sem liggur frá bæ 001 og norðan við annan vegslóða sem liggur eftir heiðinni frá austri til vesturs, koma þessir tveir slóðar saman þarna hjá vörðunni. Varðan er fremst eða syðst á hárrí kletthæð í landi sem er frekar flatt en einkennist af hraunklettum. Varðan er um 1x1m að stærð og um 130cm á hæð, hún er 8 umför og ber vel á henni.



Varða NP-016:060 í landi Garðs, horfi til norðurs

7. Samantekt um minjar

Ekki er vitað hvenær byggð hefst á Þeistareykjum en ef marka má ýmsa þekkta hálendisbyggð á Íslandi er ekki hægt að útiloka að það hafi verið strax á fyrstu öldum byggðar. Elsta heimildin um byggð þar er þó frá 14. öld og þar virðist búið nokkuð samfelld fram á 17. öld og áfram stopult allt fram til 1873 þegar jörðinni leggst endanlega í eyði. Um það hvort upphaf byggðar á Þeistareykjum tengist upphafi púðurgerðar í Evrópu á 14. öld eða nær lengra aftur verður ekki skorið úr nema með umfangsmeiri fornleifarannsóknunum.

Þeistareykir eru gríðarlega landmikil jörð og þrátt fyrir að fimm sinnum hafi verið farið þangað í því markmiði að skrá minjar er fjarri því að allt landsvæðið hafi verið gengið í leit að minjum. Þekktum minjum hefur þó fjölgað jafnt og þétt og er nú svo komið að þekktar eru 159 fornleifar innan marka jarðarinnar á 126 minjastöðum en einn þessara staða er á mörkum Þeistareykja og Garðs í Kelduhverfi og var skráður með minjum í Garðslandi (NP-016:060). Hér að neðan verður fjallað almennt um helstu minjaflokka sem skráðir hafa verið á Þeistareykjum og eðli þeirra en í kaflanum sem fylgir (8. kafli) verður farið stuttlega yfir þær minjar sem þekktar eru á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum.

Þær fornleifar sem þekktar eru innan marka Þeistareykja eru af mjög fjölbreyttum toga en um margar þeirra gildir að ekki er nákvæmlega vitað hvaða hlutverki þær gegndu. Dreifing minjastaða er afar þétt innan gamla heimatúnsins og talsvert af fornleifum er einnig í næsta nágrenni þess á Þeistareykjagrundum/engjum. Dreifing minjastaða annars staðar í Þeistareykjalandi er strjál ef frá er talin þyrping minja við Mælifell (SP-250x:043_01-08). Úthagar Þeistareykja þóttu góðir sumarhagar sem gjarnan voru nýttir af nágrennasveitum og bera minjar merki þess en þar er t.d. að finna aðhöld á nokkrum stöðum. Þar fyrir utan má segja að minjar í úthögum einkennist fyrst og fremst af miklum fjölda af vörðum sem bæði mörkuðu sumstaðar landamerki en hafa oftast verið hlaðnar til að marka leiðir eða kennileiti á því stóra svæði sem jörðin náði yfir.

Í grófum dráttu má skipta fornleifum í Þeistareykjalandi í fimm flokka eftir samhengi.

- Í fyrsta lagi eru bæjarstæðin tvö og heimatúnin Þeistareykir með brennisteinsnámunum (SP-250b:001-017, 020-041, 092, 109-116 og 124) og Mælifell/Reykjasel (SP-250x:043_01-08).
- Í öðru lagi eru minjar sem tengjast nýtingu Þeistareykja sem beitilands – aðhöld og réttir (SP-250x:018-019, 046 og 056).

- Í þriðja lagi eru samgönguminjar: vörður (SP-250x:012_03-04, 021_02, 047, 053, 055, 061-072, 074-087, 089-091, 093-095 og 097-104) og leiðir (SP-250x:045, 049, 051, 088, 108, 122 og 123). Í nokkrum tilfellum til viðbótar má telja líklegt að vörður með óþekkt hlutverk hafi í raun átt að vísa á kennileiti eða staði (sjá SP-250x:057, 105-107)
- Í fjórða lagi eru landamerki sem í öllum tilfellum eru vörður (SP-250x:048, 052, 057-059 og NP-016:060) en þó má e.t.v. bæta í þennan flokk tveimur garðlögum sem fundust við yfirferð loftmynda sunnan og norðan við Mælifell og kunna að hafa markað af það landsvæði sem býlinu tilheyrði (SP-250x:118-119).
- Í fimmta flokkinn falla þá margvíslegar minjar sem aðeins fundust í takmörkuðum mæli s.s. garðlög, tóftir og þústir með óljós hlutverk og sömuleiðis sumar af þeim minjum sem fundust við yfirferð loftmynda en hafa ekki verið skoðaðar á vettvangi. Í þessum flokki eru ýmsir áhugaverðir minjastaðir s.s. sögn um fjársjóðsfund 042, örnefnasaga (Skildingahóll 044) og örnefni sem kann að vísa á beinafund (Beinaklettur 050).

Bæjarstæði og selstöður

Af þeim flokkum sem hér hafa verið taldir upp teljast fornleifarnar í þeim fyrsta hafa hvað mest rannsóknargildi. Í heimatúni Þeistareykja eru miklar og vel varðveittar rústir og rústaþyrping á Mælifelli er heilleg og ósnortin. Á Þeistareykjum hafa minjar orðið fyrir nokkru raski á síðari tímum en stærstur hluti þeirra er þó enn óskemmdur. Túnið á Þeistareykjum er óvenjustórt og fjöldi tófta og garða er þar mun meiri en venjulegt er. Bæjarstæði Þeistareykja er einstæður minjastaður enda byggðin afar óvenjuleg. Þeistareykir eru eini bærinn á Íslandi með brennisteinsnámu í túnfætinum en jarðhitinn og brennisteinninn voru meginforsendur byggðar á þessum afskekktu stað. Bændur á Þeistareykjum hafa að líkindum getað haft tekjur af sölu brennisteins en brennisteinsnámán tryggði líka mannaferð til staðarins og stuðlaði á þann hátt að því að bærinn gæti haldist í byggð þó hann sé meira en 15 km frá næsta byggða bóli. Jarðhitinn á bæjarstæðinu veldur því líka að Þeistareykjatún er náttúrulega grasgefið enda var það jafnan nytjað þó að bærinn væri ekki í byggð og heyið flutt langan veg til byggða. Brennisteinsnám og brennisteinsvinnsla hefur lítið verið rannsakað á Íslandi, en áhugi hefur þó varið vaxandi, einkum hin síðari ár eftir að brennisteinn fannst í miklu magni á miðaldaverslunarstaðnum Gásam við Eyjafjörð. Þeistareykir eru lykilstaður við rannsóknir á þessum merkilega þætti í atvinnusögu Íslendinga og er mjög brýnt að tryggja að rústirnar á Þeistareykjum verði ekki fyrir meiri spjöllum en orðið er.

Mælifell/Reykjasel er ekki jafnóvenjulegur staður og Þeistareykir. Þar var býli en síðar haft í seli frá Reykjum í Reykjahverfi á seinni öldum. Rústirnar þar eru mun fleiri og meiri um sig en

venjulegt er á seljum og rennur það stöðum undir vísbendingar um að heilsársbyggð hafi verið þar á seinni hluta miðalda og staðurinn sé þá hinn sami og þá var nefndur Mælifell. Vegna staðsetningar sinnar, í meira en 300 m hæð og langt úr alfaraleið, eru bæði bærinn og selstaðan fremur sérstök og gætu hentað vel til rannsókna, bæði á hálendisbyggð á miðöldum og á seljabúskap fyrri alda. Minjar í heimatúni eru bæði umfangsmiklar og skýrar og henta af þeim sökum einnig vel til kynningar. Engir vegarslóðar eru í nágrenni Mælifells og koma því fáir á þann stað, en verði breyting þar á gæti hann einnig hentað vel til kynningar.

Minjar um nýtingu afréttarlands

Miklir og góðir sumarhagar eru í Þeistareykjalandi og hefur svæðið jafnan verið nýtt sem beitiland fyrir sauðfé og hross. Landið tilheyrði kirkjunni í Múla í Aðaldal til 1914 en var þá keypt af Aðaldæla- og Reykdælahreppum sérstaklega til að nýta sem beitiland. Flest þau mannvirki sem tengjast beit í Þeistareykjalandi munu vera yngri en þessi kaup en við þau fjölgaði mjög því fé sem látið var ganga til sumarbeitar í Þeistareykjalandi og smölun varð umfangsmeiri. Á Þeistareykjum eru fjórar hlaðnar réttir. Í lok 19. aldar var staðið yfir safninu í Þeistareykjatúni en um miðjan annan áratug 20. aldar var hlaðið stórt aðhald úr hraungrýti í hraunjaðrinum norðvestur af bænum, Þeistareykjaaðhald SP-250x:056. Um 1940 var hlaðið miklu minna aðhald við suðvesturhorn Kvíhólafjalla, Kvíhólaaðhald SP-250x:018 en yngri aðhöld eru úr vírneti og voru ekki skráð sem fornleifar. Þriðja mannvirkið sem tengist beit er skeifulaga hleðsla SP-250x:019 vestan undir Bæjarfjalli og telur Indriði Ketilsson á Ytra-Fjalli að það geti verið skjól fyrir hross en þau voru látin ganga úti á Þeistareykjum á seinni hluta 19. aldar og gæti það verið frá þeim tíma. Þá er lítil rétt SP-250x:046 syðst í Klifinu og virðist hún heldur ekki vera ævagömul þó hún geti verið eldri en frá 20. öld.

Samgönguminjar

Stærsti minjaflokkurinn í landi Þeistareykja voru vörður og er líklegt að flestar þeirra hafi verið það sem kalla mætti samgöngubætur, þ.e. þær hafa verið hlaðnar til að vísa leið eða marka stað eða kennileiti. Vörður hafa þó í gegnum tíðina verið hlaðnar í ýmsum tilgangi. Þær marka gjarnan leiðir en geta einnig verið landamerki, beinakerlingar, álagavörður, smalavörður, eyktarmörk eða til að auðkenna ákveðna þætti í landslaginu, eins og vöð á ám, góðan veiðistað o.fl. Í gegnum tíðina hefur fólk gert sér það til skemmtunar að hlaða vörður og nú í seinni tíð er það greinilega afþreying hjá ferðamönnum að hlaða vörður. Einnig getur náttúran dregið saman steina vegna áhrifa frosts og þýðu og myndað nokkurskonar falska vörðubotna eða –brot. Í fornleifafræðilegu samhengi getur verið erfitt að eiga við vörður því ekki er gott að aldursgreina þær nema helst út

frá skófunum sem yfirleitt eru meiri eftir því sem varðan er eldri. Á hinn bóginn vilja skófir mást af áveðurs. Í landi Þeistareykja hafa verið skráðar 48 vörður sem líklega má flokka sem samgöngubætur. Þær eiga það þó sammerkt að vera ekki hluti af þéttriðnu neti af greinilegum, vörðuðum leiðum heldur gjarnan meira á stangli og stundum nærri mannvirkjum og minjum og



Herfingjaráðskort af Þeistareykjum en landamerki mörkuð (án ábyrgðar) með rauðum lit. Á kortinu má m.a. sjá helstu leiðir um svæðið. Kortið var mælt árið 1932 en gefið út 1935 (Blad 82 – Dettifoss)

hafa þá vísað á þau.

Umferð um Þeistareykjaland hefur sennilega aldrei verið mikil og staðhættir ekki þannig að fólk hafi endilega alltaf troðið sömu slóðirnar. Eini þjóðvegurinn sem kalla má í landareigninni er Reykjaheiðarvegur (SP-250x:049) sem liggur um norðvesturhorn landsins, undir Sæluhúsmúla. Sú leið hefur verið meginsamgönguleið milli Suður- og Norður-Þingeyjarsýsla, a.m.k. á sumrin, en ekki sjást nú nein ummerki um hana á þeim stutta spotta sem hún liggur um Þeistareykjaland. Þegar komið er fram á 20. öld má sjá af herforingjaráðskorti að tvær leiðir hafa legið frá Þeistareykjum til norðurs (SP-250x:051 og 022). Fyrirnefnda leiðin hefur legið frá bænum um klifið og að Reykjaheiðarvegi en þaðan var ýmist farið til austurs um Bláskógarveg, til norðurs að Garði eða til norðausturs í Reykjahverfi eða til Húsavíkur. Síðarnefnda leiðin lá austar og í Reykjahverfi en báðar leiðarnar fóru á sama stað um Klifið og inn í Þeistareykjatún. Ætla má að nokkuð föst hefð hafi verið á því hvaða leið var farið með brennistein og annan flutning (t.d. hey) frá Þeistareykjum í átt til Húsavíkur og að sú leið hafi þá hafi legið um Klifið²² sem er þar sem Þeistareykjahraun hefur runnið alveg upp að suðurenda þess misgengisveggjar sem næstur er Þeistareykjum og er ýmist kallaður Þeistareykjaveggur eða Klifveggur.

Á fyrri hluta 20. aldar, þegar elsta herforingjaráðskortið var gert fyrir svæðið, lágu einnig tvær leiðir frá Þeistareykjum til suðurs, vestan (SP-250x:088) og austan (SP-250x:123) við Bæjarfjall en þær sameinuðust sunnan við Kvíhóla fjöll og lágu svo til suðurs áður en þær greindust aftur og lágu annars vegar austan Gæsafjalla og yfir í Mývatnssveit (SP-250x:125) og hins vegar til austurs um Draugagrundir (SP-250x:045) og að sýslumörkum við Þríhyrning en samkvæmt Herforingjaráðskorti endaði leiðin þar fremur snögglega. Auk þeirra leiða sem hér hefur verið fjallað um er greinileg reiðleið framhjá Mælifellstóftum (SP-250x:108) sem þó er hvergi getið í heimildum svo vitað sé.

Í einni af örnefnaskráum Þeistareykja er getið um þrjár leiðir yfir Lambafjöll: um Gustaskarð syðst, og er líklegt að hún hafi verið fjölförnust; um Langavatnsskarð og Skessuskál norðan við Kistufjall. Þessar leiðir hafa ekki verið skráðar sérstaklega.²³ Þær tvær síðastnefndu liggja mjög hátt – í meira en 600 m hæð – og er óhugsandi að þær hafi verið fjölfarnar. Einnig er líklegt að leiðir manna hafi legið um Jónsnípuskarð á stundum. Í sjálfu sér er vel greiðfært úr Kelduhverfi um Þeistareyki suður í Laxárdal og Mývatnssveit og má vænta að þá hafi verið farið austan við Þeistareykjavegg á svipuðum slóðum og bíslóðinn liggur nú en tæplega hefur verið mikil umferð á þeirri leið. Eflaust mætti rekja líklegar leiðir í landi Þeistareykja talsvert nánar með ítarlegri

²² Ö.-Þeistareykjaafreittur, 9.

yfirferð yfir kort, heimildir og vettvangsrannsóknnum en það yrði án efa að vera sérstakt rannsóknarverkefni.

Landamerki

Núverandi landamerki Þeistareykja voru að mestu ákveðin 1948²⁴ og er talað um að Sigfús Bjarnarson hafi breytt þeim, fært norðurmerkin í Eyjólfs hæð sem nú er norðausturhorn Þeistareykjalands og látið Reykhverfinga fá hálfan Höfuðreiðarmúla sem áður hafi tilheyrt Þeistareykjum.²⁵ Mikið starf var unnið við að skilgreina landamerki jarða á Íslandi eftir 1882 en þá voru fyrst sett landamerkjölög og er líklegt að núverandi landamerki hafi verið skilgreind upp úr því og varla síðar en við sölu landsins 1914 þó ekki hafi þau verið fest á blað fyrr en undir miðja 20. öld. Mörk Þeistareykjalands eru hinsvegar í aðalatriðum skýr og hafa tæplega breyst mikið í aldanna rás þó upp hafi komið einhver vandi þegar átti að fara að skilgreina þau nákvæmlega. Landið er nánast eins og ferningur í laginu þar sem Lambafjöll mynda vesturhliðina og lína frá suðurenda þeirra um norðurhlið Gæsafjalla með stefnu í fjallið Eilíf suðurhliðina. Austurmörkin eru um Gjástykki og getur þar mestu skeikað um hvar línan er dregin. Á móti kemur að landið er eyðimörk og hefur litlu skipt hvar línan lá. Á landakortum eru merkin dregin alla leið austur í Eilíf og þaðan aftur til norðvesturs í Hituhóla og myndast þannig oddmjór hali á landið í suðausturhorni þess. Samkvæmt landamerkjálýsingu Þeistareykjafréttar á þessi hali ekki að vera og mun misskilningurinn stafa af því að Eilífur er notaður sem mið í lýsingunni en af henni er skýrt að Þeistareykjaland nær ekki austar en að Hituhólum og Éthólum, sem báðir eru í beinni stefnu suður af Gjástykki. Norðurmörkin hafa verið bein lína í austur frá Sæluhúsmúla en þar er landið einkennalítið þannig að erfitt hefur verið að halda þekkingu um þau við. Af því mun hafa stafað ágreiningur um staðsetningu Beinakletts sem vísað er til í örnefnaskrá²⁶ og hefur það því verið einskonar Salómons dómur þegar Sigfús Bjarnarson lagði til að norðausturhornið yrði haft við Eyjólfs hæð. Eins og merkjunum er lýst í hinni þinglýstu landamerkjaskrá eru norðvestur og suðvesturhornin skorin af og er talað um það beinlínis að hálfur Höfuðreiðarmúli hafi verið tekinn undan Þeistareykjalandi²⁷ en af því má merkja að línan hafi áður verið talin liggja beint í norður frá Jónsnípu og gæti norðvesturhornið þá hafa verið við norðurendann á Höfuðreiðarmúla en þaðan má draga beina línu til austurs um suðurenda Sæluhúsmúla í Rauðhól.

²³ Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 6.

²⁴ *Landamerki Þeistareykjafréttar* 16. sept. 1948. Sýslumaðurinn á Húsavík, Landamerkjabók No. 281. Einnig féll þó dómur í máli sem sneri að landamerkjum Þeistareykja árið 2008 sbr. Óbyggðanefnd. Úrskurður óbyggðanefndar. Mál nr. 2/2007.

²⁵ Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 4,7

²⁶ Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 7.

²⁷ 6 Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 6. 7 'Landamerki Þeistareykjafréttar' 16. sept. 1948. Sýslumaðurinn á Húsavík, Landamerkjabók No. 281. 8 Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 4,7. 9 Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 7. 10 Ö-Þeistareykir.

Í suðvesturhorninu er talað um að merkin liggi úr ‘merkihjúk á Klapparbrekku’ í Gustaskarð, þ.e. nálæga í norðvestur. Aðrar lýsingar tala um landamerkjavörðu syðst á Klapparbrekku (þ.e. SP-250x:048) – sem er um 1,3 km sunnan við hæsta hnúk brekkunnar – og að merkin liggi þaðan í Gustahnjúk sem er líka talsvert sunnar en Gustaskarð.²⁸ Þarna munar um talsverða skák en landið er alveg gróðursnautt og hefur af þeim sökum ekki þótt miklu skipta þótt þetta væri óljóst. Auk vörðu 048 sem kann að vera á merkjum var skráð varða nálæga á suðurmerkjum nærri suðausturhorni jarðarinnar (SP-250x:080) en ekki er vitað hvort hún var á merkjum.

Á norðurmerkjum jarðarinnar voru skráðar nokkrar vörður og hafa margar þeirra verið endurhlaðnar á síðustu árum (SP-250x:052 og 059 og NP-016:060). Óbyggðanefnd fjallaði um mörkin við Tjörnes og felldi úrskurð í þeim efnum árið 2008 og kemur hann heim og saman við lýsinguna hér að ofan.²⁹

Auk varðanna sem markað hafa landamerki Þeistareykja fundust tveir garðar við yfirferð loftmynda 2021, sunnan og norðan (SP-250x:051 og 052) við býlið Mælifell og er vel hugsanlegt að þeir hafi átt að marka það landsvæði sem tilheyrði býlinu þótt að frekari rannsókna sé þörf til að fullyrða nokkuð um garðlögin, aldur þeirra og hlutverk.

Aðrar minjar

Í flokkinum aðrar minjar eru minjastaðir af fjölbreyttum toga. Allir eru þeir í úthögum og eiga það annað hvort sammerkt að engin mannaverk eru þekkt á þeim eða að þeir fundust við yfirferð loftmynda og ekki er nákvæmlega vitað hvaða hlutverki þeir kunna að hafa gegnt.

Örnefnið Beinaklettur (SP-250x:050) er skráð sem fornleifastaður vegna þess að það gæti bent til þess að bein hafi fundist þar, e.t.v. mannabein, eða dýrabein í óvenjulegu magni. Svo algengt er að finna bein af dýrum sem hafa drepist á afréttum að ólíklegt er að slíkur fundur hafi orðið orsök nafnsins og má telja sennilegt að eitthvað óvenjulegt hafi verið við beinin hjá Beinakletti. Nú er hinsvegar ekki vitað hvaða klettur er Beinaklettur en margir klettur eru í Beinaklettshæðum þannig að óvíst er að þessi þekkingarmylsna getið orðið til mikils gagns. Tveir fornleifastaðir tengjast fjársjóðum. Staðsetning annars er óþekkt og gæti hann raunar einnig verið í Reykjahlíðarlandi. Það er staður (SP-250x:042) þar sem grasafólk fann ýmiskonar brons- og járnhluti ásamt tveimur hvaltönnum árið 1713. Gripirnir komust seint og um síðir í hendur sýslumanns sem auglýsti eftir eiganda þeirra en finnendurnir voru grunaðir um græsku þó þeir væru að lokum lýstir saklausir. Þessi fundur vakti svo mikla athygli að sagt er frá honum í samtímaannálum og talsverð rekistefna varð á þingum vegna hans – en enginn eigandi mun hafa

Viðb. og aths, 7. 24 Rauðhól.

²⁸ Ö-Þeistareykjaland, 6.

²⁹ Óbyggðanefnd. Úrskurður óbyggðanefndar. Mál nr. 2/2007. Tjörnes og Þeistareykir. 6. júní 2008.

gefið sig fram. Gripunum er allnákvæmlega lýst og hafa þeir ekki verið ævaforðir, en geta þó hafa verið nokkurra alda gamlir þegar þeir fundust. Þriðji staðurinn er Skildingahóll en sú sögn fylgir því örnefni að nafngreindir menn eiga að hafa stolið stórfé af Þorsteini ríka í Reykjahlíð og gæti það hafa verið í byrjun 19. aldar en Þorsteinn dó 1828. Maður kom að ræningjunum þar sem þeir töldu féð sunnan undir Skildingahól – sem er við alfaraleiðina milli Þeistareykja og Reykjaheiðar – en þeir keyptu hann til að þegja yfir þó hann segði frá löngu síðar. Þessi saga er mjög í ætt við kjaftasögur og hefur annað eins gerst að saga sé búin til eða löguð að örnefni sem er miklu eldra.

Af öðrum minjum má nefna að við skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008 var skráð garðlag tæpum 1 km suðvestan við bæinn á Þeistareykjum (SP-250x:060) og við yfirferð loftmynda 2021 fannst framhald hans til austurs þannig að hann virðist hafa verið meira en 500 m langur. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hann var hlaðinn en hugsanlegt er að hann hafi markað af heimahaga jarðarinnar til suðvesturs.

Aðrar af þeim fornleifum sem fundust við yfirferð loftmynda árið 2021 voru flestar innan eða í nágrenni heimatúnsins en utan þess fundust þó ummerki sem virðast verða tvær þústir eða þúst og gerði, nokkru vestan við Kvíahóla og malarnámu sem þar er (SP-250x:121_01-02). Greinileg en einföld tóft (SP-250x:120) virðist vera 1.4 km norðan við Mælifellsrústirnar austan í Lambafjöllum og önnur tóft sem gæti verið einföld (SP-250x:117) er um 940 m norðaustan við bæjarstæðið á Þeistareykjum. Um alla þessa staði (og aðra þá sem fundust við yfirferð loftmynda) gildir að lítið er hægt að fullyrða um eðli þeirra eða gerð nema að undangenginni vettvangsúttekt.

Ljóst er að Þeistareykjaland er ekki bara auðugt af jarðhita heldur má telja það auðugt af menningarminjum. Í því samhengi vegur heimatún Þeistareykja þungt enda er þar að finna mikinn fjölda minja frá mismunandi skeiðum og sem henta vel bæði til rannsókna og kynningar. Á Þeistareykjum eru án efa einnig faldar í jörðu heimildir um sögu brennisteinsnáms á Íslandi og eykur það mjög á gildi staðarins. Á þessum stað er einstaklega heildstætt safn vel varðveittra minja um hálendisbyggð. Heimatúnið er í raun einstakur minjastaður enda byggðin þar afar óvenjuleg og eru minjarnar bæði umfangsmiklar og skýrar. Þeistareykir eru líklega eini bærinn á Íslandi með brennisteinsnámu í túnfætinum en jarðhitinn og brennisteinninn voru meginforsendur byggðar á þessum afskekktu stað. Minjar á Þeistareykjum eru tilvaldar til kynningar á sögu jarðarinnar, hálendisbyggð, brennisteinsvinnslu og nýtingu háhitasvæða hér á landi. Við alla kynningu og framkvæmdir á svæðinu er þó brýnt er að tryggja að aukinn ferðamannastraumur skemmi ekki minjasvæðið meira en orðið er.

Rústir Mælifells/Reykjasels eru einnig áhugaverðar og alveg ósnortnar af síðari tíma raski. Aðgengi að þeim er reyndar hvergi nærri eins gott og að heimatúninu á Þeistareykjum en þó má


vel hugsa sér að hægt væri að útbúa göngu- og eða reiðleiðir að rústunum þar sem kynna mætti sögu byggðar á þessum stað og selbúskap fyrri alda.

Ljóst er að ýmis tækifæri eru til staðar til að kynna áhugaverðar minjar og sögu Þeistareykja á næstu árum en mikilvægt er að við alla uppbyggingu sé gætt vel að varðveislu minja og hún unnin í góðri samvinnu við minjafirvöld.



8. Fornleifar innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða

Þessi misseri er unnið að skipulagsvinnu á Þeistareykjajörðinni og enn hefur ekki verið gengið frá endanlegum áætlunum um staðsetningu og umfangi allra mannvirkja. Þegar þessa samantekt var



Yfirlitsmynd sem sýnir land Þeistareykja. Landamerki (áætlun) sýnd sem svört lína, leiðir eins og þær voru á herforingjaráðskort á 4. áratug 20. aldar eru sýndar sem rauð brotalína og minjar sem rauðir punktar. Á kortið eru færðar mögulegar staðsetningar bílastæða á 12 stöðum, merkt sem gulur punktur. Sérstaklega er fjallað um bílastæði merkt P1 og P2 í texta enda eru það einu bílastæðin þar sem vísbendingar um minjar eru þekktar innan framkvæmdaradíuss (70 m).

gerð var því stuðst við áætlanir sem enn voru í vinnslu en samkvæmt henni var gert ráð fyrir mögulegum bílastæðum á 12 stöðum (en til viðmiðunar var í öllum tilfellum miðað við 70 m radius út frá staðsetningarpunktum). Auk bílastæða voru þrjár framkvæmdareitir í túni Þeistareykja kannaðir með tilliti til þekktara minja. Reitunum þremur var gefinn bókstafur til aðgreiningar í umfjölluninni og er sá syðsti sem er umhverfis sæluhús nefndur A, reitur B sá reitur þar sem nýtt þjónustuhús er ráðgert skammt norðan við hann og nyrsti reiturinn C en þar sem gert er ráð fyrir að komi stórt bílastæði. Hér verður fjallað stuttlega um þekktar minjar í og við áætluð framkvæmdasvæði.

Bílastæði

Staðsetning mögulegra bílastæða er áætluð á 12 mismunandi stöðum í landi Þeistareykja og á skipulagsstigi er gert ráð fyrir að umfang bílastæðis sé í öllum tilfellum innan við 70 m radius út frá miðpunkti hvers stæðis og að hvert þeirra sé að meðaltali fyrir um 5 bíla.


Staðsetning bílastæða var skoðuð á korti með tilliti til þekktara minja en einnig horft á loftmyndir til að kanna hvort vísbendingar sæjust þar um áður óþekktar minjar. Í stuttu máli sagt sáust engar slíkar vísbendingar í 10 tilfellum af 12. Í einu tilfelli (nærri því bílastæði sem hér er merkt P1 til aðgreiningar)



Þýfi um 60 m SSA við miðjupunkt bílastæðis (P1) er sýnd rauðleitt á korti. Staðurinn var ekki skráður sem minjar og hefur ekki verið skoðaður á vettvangi en hugsanlegt er að þarna leynist mannvistarleifar

eru engar þekktar minjar en um 60 m SSA við hnitapunktinn (P1) er þúfnamyndun sem hugsanlega gæti bent til að þar leynist mannvistarleifar. Umrædd ummerki eru um 28 m austan við heilsársveginn um Þeistareyki. Ummerkin voru of óljós til að þau væru tekin á fornleifaskrá og allt eins líklegt að þau séu náttúruleg þúfnamyndum. Ef um mannvirki er að ræða virðist það um 20 m langt og 8 m á breidd og er mikilvægt að gengið sé úr skugga um hvort ummerkin eru náttúruleg eða manngerð áður en framkvæmdir hefjast.

Síðari staðurinn þar minjar koma við sögu nærri áætluðu bílastæði er í túni Þeistareykja. Staðurinn er hér nefndur P2 til aðgreiningar. Miðpunktur ráðgerðs bílastæðis er fast vestan við gamla sæluhúsið og gerði við það (sjá SP-250x:003_01-02) og yrðu þær minjar því væntanlega í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda. Að auki var skráð þúst SP-250x:036 tæpum 70 m NNV við miðpunkt fyrirhugaðs bílastæðis og fast norðan við bíslóða sem liggur um Þeistareykjatúnið. Fornleifavernd ríkisins skráði einnig aðra þúst SP-250x:111 um 70 m norðaustan við miðpunktinn og gætu framkvæmdir einnig haft áhrif á hana. Rétt er að undirstika að allar framkvæmdir innan heimatúns Þeistareykja hafa áhrif á það einstæða menningarlandslag sem þar er og munu skerða gildi menningarlandslagsins á þessu slóðum á einn eða annann hátt.



Miðpunktur áætlaðs bílastæðis (P2) merktur með gulum lit. Innan 70 m radíuss falla minjar SP-250x:003_01-02, 111 og 036.

Framkvæmdareitir í túni Þeistareykja

Þrír framkvæmdareitir eru fyrirhugaðir innan túns á Þeistareykjum. Um þá, líkt og aðrar framkvæmdir innan heimatúnsins, gildir sá almenni fyrirvari að allar framkvæmdir á þessum slóðum eru innan þéttriðins nets menningarlandslags og munu ætíð skerað gildi þess að einhverju marki. Það er því réttast að reyna að tryggja sem takmarkaðastar framkvæmdir eigi sér stað á þessum slóðum.

Reitur A

Um 25 x 16 m stór reitur er í skipulagsgögnum markaður umhverfis núverandi sæluhús/gagnamannakofa. Innan þess svæðis er þekkt ein fornleif SP-250x:111 sem áður var getið í tengslum við fyrirhugað bílastæði á sömu slóðum sem er í norðausturhorni umrædds svæðis og gæti orðið fyrir áhrifum ef svæðið yrði girt af.

Reitur B

Reitur B er um 20 x 20 m stór og innan hans er ráðgert að byggja nýtt þjónustuhús í túni Þeistareykja. Engar fornleifar eru þekktar innan reitsins og engar minjar fundust við yfirferð loftmynda.



Frankvæmdareitir A, B og C og minjar í nágrenni þeirra

Reitur C

Reitur C er um 47 x 29 m stór og innan hans er ráðgert stórt bílastæði. Engar fornleifar eru þekktar innan reitsins og engar minjar fundust við yfirferð loftmynda.



Heimildaskrá

AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir I-V*, Rv. 1881-1932.

BG: *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Rv. 1919-1942.

Deiliskípulag ferðaþjónustu á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit: Skipulagslýsing, dagsett 5. júlí 2020.

Þingeyjarsveit/Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

DI: *Diplomatarium Islandicum eda Íslenzket fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

FEB: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Rv 1943.

Gestur Gíslason, Gunnar V. Johnsen, Halldór Ármannsson, Helgi Torfason & Knútur Árnason.

1984. *Þeistareykir. Yfirborðsrannsóknir á hábitasvæðinu*. Orkustofnun OS-84089/JHD-16.

Gráskinna 1-4, útgefendur Sigurður Nordal, Þórbergur Þórðarson, Ak. 1928-1936.

Gríma. Þjóðsögur 1-25, safnað hefur Oddur Björnsson, Jónas Rafnar bjó undir prentun, Ak.1929-1950.

Herforingjaráðskort – uppdráttur Íslands, kort 82 – Dettifoss. Mælt 1932 gefið út 1935.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Kristján Jóhannesson: 'Úr sögu byggðar á Þeistareykjum.' *Árbók Þingeyinga 1980*, 107-21.

Landsyfírréttardómar og bæstaréttardómar í íslenzkum málum 1802-1873 II (1815-1824), Reykjavík 1919-24.

LB: Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*, (Ritsafn Þingeyinga II), Rv. 1954.

Orri Vésteinsson. 2001. *Þeistareykir í Suður Þingeyjarsýslu: Fornleifakönnun*. Fornleifastofnun Íslands, skýrsla númer FS152-01161.

Orri Vésteinsson. 2007. *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi*. Fornleifastofnun Íslands, skýrsla númer FS326-06311.

Óbyggðanefnd. Úrskurður óbyggðanefndar. Mál nr. 2/2007. Tjörnes og Þeistareykir. 6. júní 2008.

<https://obyggdaneftnd.is/urskurdir/>

Ódáðahraun: Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I-III*, Akureyri 1945.

ÓÓ: Ólafur Olavíus: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65.

„Rannsóknarborun við Þeistareyki, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Ákvörðun um matsskyldu.“ Úrskurður Skipulagsstofnunar 24. ágúst 2001.

Sigurður Bergsteinsson. 2008. *Þeistareykir: Fornleifaskráning*. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins nr. 2008:13

SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Rv. 1994.

Uggi Ævarsson. 2007. *Deiliskráning vegna fyrirbugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar: Krafla – Gjástykki – Þeistareykir – Bakki*. Fornleifastofnun Íslands, skýrsla númer FS366-07211.

Uggi Ævarsson. 2008. *Fornleifaskráning á fyrirbuguðu vegarstæði: Húsavík – Þeistareykir – Kvihólar*. Fornleifastofnun Íslands, skýrsla númer FS395-08211.

ÞT Lýsing Íslands: Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands I-III*, Reykjavík 1908-22.

Ö-Þeistareykir viðb: Þeistareykir viðbætur og athugasemdir, Jónína Hafsteinsdóttir skráði eftir Kristjáni Jóhannessyni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Þeistareykjaafréttur: Þeistareykjaafréttur, Ari Gíslason skráði, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Þeistareykjaland: Þeistareykjaland, Kristján Jóhannesson skráði, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Loftmyndir: Loftmyndir ehf


Viðauki 1: Yfirlit yfir skráðar minjar í landi Þeistareykja

Samtala	Númer FVR (í skýrslu)	Uppmæling til	Hlutverk/tegund	Fyrst skráð af	Ár
SP-250x:001_01	ekki sérstakt	já	bæjarhóll	FSÍ	2001
SP-250x:001_02	500 og 497	já	hleðsla	FVR	2008
SP-250x:001_03	499	já	tóft	FVR	2008
SP-250x:001_04	498	já	gerði	FVR	2008
SP-250x:002	nei	nei	náma	FSÍ	2001
SP-250x:003_01	490	já	sæluhús	FSÍ	2001
SP-250x:003_02	490	já	gerði	FVR	2008
SP-250x:004	nei	nei	kirkja	FSÍ	2001
SP-250x:005	553	já	stekkur	FSÍ	2001
SP-250x:006	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:007_01	523 (og 529)	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:007_02	nei	já	garðlag	FSÍ	2001
SP-250x:008_01	520-522, 532, 524-526	já	gerði	FSÍ	2001
SP-250x:008_02	524	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:008_03	521	já	garðlag	FSÍ	2001
SP-250x:008_04	525	já	tóft	FSÍ/FVR	2001
SP-250x:008_05	532-533	já	þúst	FVR	2008
SP-250x:009	536	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:010_01	537	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:010_02	nei	nei	þúst	FSÍ	2001
SP-250x:011_01	526-528 (526)	já	gerði	FSÍ	2001
SP-250x:011_02	528	ja	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:011_03	527	já	tóft	FVR/FSÍ	2001/2008
SP-250x:012_01	544-545	já	stekkur	FSÍ	2001
SP-250x:012_02	529	já	rétt	FSÍ	2001
SP-250x:012_03	nei	nei	varða	FSÍ	2001
SP-250x:012_04	nei	nei	varða	FSÍ	2001
SP-250x:013	526	já	túngarður	FSÍ	2001
SP-250x:014	nei	nei	gerði	FSÍ	2001
SP-250x:015_01	538	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:015_02	nei	nei	þúst	FSÍ	2001
SP-250x:016_01	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:016_02	nei	nei	þúst	FSÍ	2001
SP-250x:017_01	526	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:017_02	531	já	garðlög	FSÍ	2001
SP-250x:018	540	já	aðhald/rétt	FSÍ	2006
SP-250x:019	543	já	aðhald/rétt	FSÍ	2001
SP-250x:020	502/503	já	brunnur	FSÍ	2001
SP-250x:021_01	555	já	hellir	FSÍ	2001
SP-250x:021_02	nei	nei	varða	FSÍ	2001
SP-250x:022	501	já	tóft	FSÍ	2001
SP-250x:023	505	já	tóft	FSÍ	2001

Samtala	Númer FVR (í skýrslu)	Uppmæling til	Hlutverk/tegund	Fyrst skráð af	Ár
Sp-250x:024	504	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:025	507	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:026	509	ja	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:027	508	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:028_01	510	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:028_02	510	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:029	511	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:030	512	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:031	513	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:032_01	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:032_02	nei	nei	þúst	FSÍ	2001
Sp-250x:033_01	494	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:033_02	493	já	tóft/garðlag	FSÍ	2001
Sp-250x:034	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:035	492	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:036	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:037	nei	nei	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:038	517	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:039	518	já	tóft	FSÍ	2001
Sp-250x:040	516	já	túngarður	FSÍ	2001
Sp-250x:041	515	já	túngarður	FSÍ	2001
Sp-250x:042	nei	nei	gripir	FSÍ	2001
Sp-250x:043_01	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_02	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_03	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_04	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_05	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_06	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:043_07	mælt en ekki í skýrslu	já	býli/sel	FSÍ	2006
Sp-250x:044	nei	nei	örnefni/fjár sjóður	FSÍ	2006
Sp-250x:045	nei	nei	leið/draugur	FSÍ	2006
Sp-250x:046	542	já	gerði	FSÍ	2006
Sp-250x:047	nei	nei	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:048	nei	nei	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:049	nei	nei	leið	FSÍ	2006
Sp-250x:050	nei	nei	örnefni/bein	FSÍ	2006
Sp-250x:051	nei	nei	leið	FSÍ	2006
Sp-250x:052	nei	nei	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:053	nei	nei	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:054a-b	541	já	hleðsla	FSÍ	2006
Sp-250x:055	563	já	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:056	543	já	aðhald/rétt	FSÍ	2006
Sp-250x:057	549	já	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:058	nei	nei	varða	FSÍ	2006
Sp-250x:059	nei	nei	varða	FSÍ	2007

Samtala	Númer FVR (í skýrslu)	Uppmæling til	Hlutverk/tegund	Fyrst skráð af	Ár
Sp-250x:060	546	já	garðlag	FVR	2008
Sp-250x:061	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:062	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:063	539	já	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:064	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:065	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:066	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:067	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:068	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:069	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:070	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:071	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:072	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:073	nei	nei	hellir	FSÍ	2007
Sp-250x:074	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:075	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:076	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:077	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:078	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:079	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:080	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:081	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:082	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:083	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:084	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:085	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:086	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:087	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:088	548	já	leið	FSÍ	2007
Sp-250x:089	565	já	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:090	564	já	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:091	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:092	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:093	550	já	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:094	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:095	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:096	551	já	tóft/varða	FSÍ	2007
Sp-250x:097	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:098	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:099	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:100	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:101	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:102	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:103	nei	nei	varða	FSÍ	2007
Sp-250x:104	nei	nei	varða	FSÍ	2007

Samtala	Númer FVR (í skýrslu)	Uppmæling til	Hlutverk/tegund	Fyrst skráð af	Ár
Sp-250x:105	552	já	varða	FSÍ	2008
Sp-250x:106	nei	nei	varða	FSÍ	2008
Sp-250x:107	nei	nei	varða	FSÍ	2008
Sp-250x:108	486	já	leið	FVR	2008
Sp-250x:109	535	já	þúst	FVR	2008
Sp-250x:110	534	já	tóft	FVR	2008
Sp-250x:111	489	já	tóft	FVR	2008
Sp-250x:112	488	já	tóft	FVR	2008
Sp-250x:113_01	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:113_02	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:114_01	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:114_02	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:115	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:116	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:117	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:118	nei	nei	garðlag	LOFTMYND	2021
Sp-250x:119	nei	nei	garðlag	LOFTMYND	2021
Sp-250x:120	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:121_01	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:121_02	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:122	nei	nei	leið	KORT	2021
Sp-250x:123	nei	nei	leið	KORT	2021
Sp-250x:124	nei	nei	þúst	LOFTMYND	2021
Sp-250x:125	nei	nei	leið	KORT	2021




Skýringar


- Minjastaðir
- Áætluð landamerki
- Leiðir af Herforingjaráðskortum

Minjakort 1 - Suðurhluti
 SP-250x Þeistareykir



Kortagrunnar: Loftmyndir ehf og
 LMI Landslag
 Hnitakeft ISN 93
 Kortagerð: LLD





Skýringar

- Mínjastaðir
- Áætluð landamerki
- Leiðir af Herfingjaráðskortum


Minjakort 2 - Norðurhluti

SP-250x Þeistareykir

0 1 2 3 4 km



Kortagrunnar: Loftmyndir ehf og
LMI Landslag
Hnitakeft ISN 93
Kortagerð: LLD





Skýringar

- Minjastaðir
- Uppteiknað af loftmyndum/eldri teikningum
- Uppmælingar Fornleifaverndar ríkisins
- Leiðir af Herforingjaráðskortum

Minjakort 3 - Nærumhverfi heimatúns


SP-250x Þeistareykir

0 100 200 300 400 m



Kortagrunnar: Loftmyndir ehf og
LMI Landslag
Hnitakeft ISN 93
Kortagerð: LLD






Skýringar

- Minjastaðir
- Uppteiknað af loftmyndum/eldri teikningum
- Uppmælingar Fornleifaverndar ríkisins
- Leiðir af Herforingjaráðskortum

Minjakort 4 - Heimatún

SP-250x Þeistareykir



Kortagrunnar: Loftmyndir ehf og
LMI Landslag
Hnitakeft ISN 93
Kortagerð: LLD

